



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. desember 2006 – 332. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Velgengnin vegur þungt

Hilmar Björnsson útilokar ekki endurkomu Nördanna.

FÓLK 46



Sviptingar hjá spjallþáttaköngum

Gömul andlit kveðja og ný koma í staðinn.

FÓLK 36



Leifur Eiríksson brotlendir

Þórarinn Þórarinsson dæmir nýjustu Útkallsbók Óttars Sveinssonar.

MENNING 56




Frábær dagur hjá Erni

Sundkappinn Örn Arnarson þrífætti Íslandsmet sitt í 50 metra flugsundi á EM í Helsinki í gær.

ÍPRÓTTIR 40



VEÐRIÐ Í DAG



HÆGT KÓLNANDI - Í dag verður norðaustan 5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum og suðaustan til. Snjóeða slydduél norðvestan til, skúrir við suður- og suðausturströndina, annars úrkomulítið. Frost nyrðra en frostlaust syðra. Kólnandi.

VEÐUR 4

Maður lést í bílslysi á Vesturlandsvegi

Tveir bílar skullu saman á Vesturlandsvegi á sjötta tímanum í gær. Ökumenn voru einir í bílunum, annar lést en hinn er ekki talinn í lífshættu. Veginum var í kjölfarið lokað í tvær klukkustundir. 29 manns hafa látist í bílslysum á árinu.

SLYS Ökumaður lést og annar slasaðist í hörðum árekstri rétt norðan við Þingvallaafleggjarann á Vesturlandsvegi á sjötta tímanum í gær. Bílarnir komu úr gagnstæðri átt og skullu þeir saman af mikilli hörku. Lögregla þurfti að kalla til tækjabíl til að klippa mennina tvo út úr bílunum og flytja þá á sjúkrahús. Var annar ökumaðurinn úrskurðaður látinn við komuna á Slysadeild LHS.

Lokað var fyrir umferð á Vesturlandsvegi í um tvær klukkustundir, en opnað fyrir hana á ný um hálf áttaleytið. Að sögn lögreglu var töluvert um að fólk hringdi og kvartaði yfir lokun veg-

arins og sýndu margir aðstæðunum litla virðingu og skilning. Slydda var á veginum, slæmt skyggni og rok.

Maðurinn er sá fjórði sem lætur lífið í umferðinni á rúmri viku. Um síðustu helgi létust fimm ára gömul stúlka og maður á þrítugsaldri eftir árekstur á Suðurlandsveginum skammt frá Bláfjallaafleggjaranum. Slysið varð þegar tveir bílar sem komu úr gagnstæðum áttum skullu harkalega saman þegar önnur bifreiðin reyndi að taka fram úr vöruflutningabifreið. Átta ára gamall bróðir litlu stúlunnar slasaðist einnig alvarlega.

Aðfaranótt síðastliðins föstu-

dags lést síðan 22 ára karlmaður á Stykkishólmsvegi í námunda við flugvöll bæjarins. Talið er líklegt að maðurinn hafi misst stjórn á bifreið sinni sökum mikillar ísingar á veginum með þeim afleiðingum að hún hafnaði á ljósastaur. Maðurinn er talinn hafa látist samtundis.

Það sem af er ári hafa 29 manns látist í 26 umferðarslysum. Þar af eru 18 karlmenn og 11 konur. Það er mikil aukning frá því í fyrra þegar 19 manns létust samtals í umferðinni. Mesta slysaár undanfarinna áratuga var árið 2000 þegar 33 banaslys urðu á vegum landsins.

- sgi / - þsj



HRIKALEG AÐKOMA Ökumaður annars bílsins lést en hinn slasaðist í árekstrinum á Vesturlandsvegi. Lögreglan lýsir eftir vitnum að árekstrinum sem varð síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rafmagnslaust var á stórum hluta landsins í gær:

Eldingu sló niður í rafmagnslínu

VEÐUR Vart var við þrumur og eldingar á höfuðborgarsvæðinu og víða á Suðurlandi í gær. Eldingu sló niður í rafmagnslínu kl. 16.18 með þeim afleiðingum að rafmagnslaust varð í tuttugu mínútur á Suður- og Austurlandi.

„Straumurinn fór af alls staðar milli Sigöldu og Kröflu,“ segir Páll Magnússon hjá Landsneti. „Af þeim sökum varð rafmagnslaust alveg frá Kirkjubæjarklaustri og norður undir Vopnafjörð.“ Nokk-

uð dróst að koma rafmagni á í Berufirði.

„Við verðum á tánum áfram, sérstaklega meðan veðrið er svona, en það er ekkert hættuástand,“ segir Páll. „Kerfið er þannig upp byggt að rafmagnið á ekki að fara af nema einmitt þar sem truflunin verður.“

„Það hefur verið mjög óstöðugt loft og eljagangur á Suðurlandi og fólk hefur orðið vart við þrumur og eldingar,“ segir Þorsteinn Jóns-

son, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Eldingarnar hafa að mestu haldist í skýjunum. Þetta veður getur truflað útvarps- og sjónvarpsútsendingar og símasamband.“

Allt útlit er fyrir að veðrið verði áfram svona slæmt. „Það gæti jafnvel kólnað eftir því sem líður á vikuna. Þó er möguleiki á að veðrið skáni næstu helgi, en þá á að koma vestanátt,“ segir Þorsteinn.

- sgi



HAFTYRÐILLINN Haftyrðill finnst ekki lengur á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ / ÓSKAR

Flækjgur í Vestmannaeyjum: Máttvana haftyrðill í Eyjum

FUGLALÍF Haftyrðill á flækjungi fannst í Vestmannaeyjum í gær, en hann er talinn hafa borist til lands í óveðrinu sem buldi á landinu um helgina.

Svava Gísladóttir í Stakkholti fann fuglinn fyrir utan húsið sitt og setti í pappakassa, en hann var færður Kristjáni Egilssyni, safnverði á Náttúrugripasafninu, til aðhlyningar.

„Það gengur oft illa að halda lífi í þeim, enda fuglarnir orðnir máttvana þegar þeir lenda,“ segir Kristján. „Þeir hrekjast oft á land, sérstaklega eftir vont veður.“ Fuglinn er flækjgur frá Grænlandi, en haftyrðill finnst ekki lengur hér við land.

- sgi

Topp 40 smáskífulistinn: Latibær í fjórða sæti í Bretlandi

TÓNLIST Bing Bang, lag íslenska sjónvarpsþáttarins Latabæjar, komst í dag í fjórða sæti Topp 40 smáskífulistans í Bretlandi. Aldrei áður hefur íslenskt lag náð jafnhátt á listanum í fyrstu viku.

Máni Svavarsson samdi lag og texta auk þess sem hann útsætti lagið. Julianna Rose Mauriello, sem leikur Söllu stíruðu í þáttunum, syngur lagið ásamt Margrétu Eir sem sér um bakdráttir.

- þsj



VOÐBUR LEVI RAUSTASÓN

KLAPPARHLÍÐ 1 Flóðið í kjallaranum.

Vatnsveðrið um helgina:

Flóð í Mosfellsbæ

ÓVEÐUR Mikið tjón varð í nýju fjölbýlishúsi í Mosfellsbæ þegar vatn flæddi þar um loftinntak og niður í kjallara í óveðrinu á laugardagskvöld. Íbúarnir segja vatn hafa streymt frá nálægu hringtorgi þar sem djúp tjörn hefði myndast eftir að dæla hafði gefið sig í fráveitunni. Bæjarvefurfræðingur segir það vera tömt rugl því engin dæla sé í holræsakerfinu á þeim slóðum. Húsvörðurinn segist hafa horft á dæluna með eigin augum í fyrrinótt.

- gar / sjá síðu 2



12.12.

Síðasti öruggi skiladagur á jólapökkum til Evrópu!



www.postur.is

Taktu enga áhættu! Veldu **KEA** í jólamatinn

SPURNING DAGSINS



Jón, er Eiður að stela athyglinni frá þér?

„Athyglin hefur alltaf verið Eiðs megin, en ég næ kannski að stela henni þegar hann hættir.“

Eiður Smári Guðjohnsen hefur slegið í gegn í spænsku knattspyrnunni í vetur og spænskir blaðamenn sagt hann hafa staðist eldraunina. Jón Arnór Stefánsson körfuboltaleikmaður hóf einnig að leika á Spáni í vetur með liði Valencia.

Einn alræmdasti einvaldur Suður-Ameríku er allur:

Pinochet lést úr hjartasjúkdómi

CHILE, AP Augusto Pinochet, fyrrum einræðisherra í Chile, lést á sjúkrahúsi í Santíagó borg í Chile í gær, 91 árs að aldri. Pinochet, sem hafði verið heilsutæpur um nokkurt skeið, fékk hjartaáfall fyrr í þessum mánuði og munu fylgikvillar þess hafa verið bana-mein hans.

Pinochet leiddi valdarán hersins í Chile árið 1973 og stýrði landinu svo með járnaga fram til ársins 1990. Meðan á valdatíma hans stóð voru yfir 3.000 manns myrtir, yfir 1.000 manns hurfu sporlaust og talið er að nær 30.000 manns hafi sætt pyntingum.



AUGUSTO PINOCHET Einræðisherrann fyrrverandi lést á sjúkrahúsi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Margsinnis hefur árangurslaust verið reynt að sakfella Pinochet fyrir glæpina sem framdir

voru undir hans stjórn, en hnignandi andlegt og líkamlegt heilsufar hans stóð í vegi fyrir réttarhöldum. Í nóvember síðastliðnum gaf hann út yfirlýsingu og sagðist taka „pólítiska ábyrgð á öllu sem gerðist“ í stjórnartíð hans, en minnst þó ekki á mannréttindabrot. Skömmu síðar var hann hneptur í stofufangelsi, eftir að honum voru birtar ákæru vegna mannréttindabrota og skattsvika.

Að sögn talsmanna sjúkráhusins voru ættingjar Pinochets hjá honum þegar hann lést síðdegis í gær. Hann skilur eftir sig 84 ára eiginkonu og fimm uppkomin börn.

- smk

Svíþjóð:

Skilagjald bíla lagt niður

BÍLAR Svænska ríkisstjórnin hyggst hætta núverandi starfsemi svænskra endurvinnslusjóðsins fyrir bíla þann 1. júní á næsta ári. Eftir þann tíma verður eyðing ónýtra bíla í Svíþjóð alfarið á ábyrgð bílaframleiðanda eins og Evrópulög gera ráð fyrir.

Evrópulögin um ábyrgð framleiðanda bíla „frá vögg til grafar“ snúast meðal annars um það að framleiðandi eða umboðsaðili bílsins ábyrgist að honum sé eytt. Hér á landi fá bílaeigendur greitt 15.000 króna skilagjald fyrir ónýta bíla sé þeim skilað til Hringrásar.

- hs



STEKKJASTAUR Kemur af fjöllum í nótt.

Jólasveinar tínast til starfa: Stekkjastaur kemur til byggða

IÓL Íslensku jólasveinarnir fara nú að tínast til mannabyggða einn af öðrum. Í nótt mun sá fyrsti, Stekkjastaur, láta á sér kræla og mun kæta börnin með glaðningi í skóinn. Stekkjastaur dregur fyrri hluta nafns síns af gömlu heiti á sérstakri fjárrétt sem kallaðist stekkur, enda er sveinninn frægur fyrir að reyna að sjúga mjólk úr sauðfé í fjárhúsum bænda. Seinni hluti nafnsins er vitanlega til kominn vegna þess að hann er með staurfættur. Á morgun er svo Giljagaur væntanlegur og síðan munu þeir bræður tínast til okkar einn af öðrum þangað til allir þrettán verða mættir á aðfangadag jóla.

- þsj

LÖGREGLUFRÉTT

Týnd feðgin í Svinadal

Kalla þurfti út björgunarsveit til að leita að feðginum sem lagt höfðu af stað akandi frá Ísafirði til Patreksfjarðar á laugardagskvöld. Feðginin sátu föst í Svinadal vegna veðurs og fann björgunarsveitin þau heil á húfi um fimm leytið um nóttina.

Stórflóð varð um loftinntak í nýbyggingu

Vatn flæddi inn um loftræstikerfi nýbyggðs fjölbýlishúss í vatnsveðrinu á laugardagskvöld og olli tjóni. Furðuleg hönnun segja íbúar sem jafnframt fullyrða að frárennslikerfi bæjarins hafi brugðist. Bæjarverkfræðingur vísar því á bug.

VEÐUR Mikið tjón varð í fjölbýlishúsinu Klapparhlíð 1 í Mosfellsbæ þegar vatn lak þar inn í kjallara á laugardagskvöld. Íbúana og bæjarverkfræðing greinir á um hvort eina orsökina megi rekja til bilunar í fráveitukerfinu.

„Það myndaðist tjörn hérna við hringtorgið og það bara flæddi upp að húsinu hjá okkur og inn í loftræstingu fyrir bílageymsluna. Það er náttúrulega fáránleg hönnun að loftræstigrindin skuli ekki standa upp yfir jörðinni heldur vera eins og niðurfalið,“ segir Guðmundur Þ. Svavarsson, einn íbúa hússins, sem uppgötvaði flóðið í kjallara hússins þegar gestir hans fóru laust eftir miðnætti. „Þau sneru við og sögðu að það væri vatn í lyftunni.“

Steindór Steindórsson segist hafa komið heim úr vinnu á miðnætti. Þá var bara allt á svartakafi“ segir hann um aðkomuna. „Það var komið rúmlega eins metra hátt vatn í kyndiklefanum og rafmagnsherberginu og þar gaf veggurinn sig og sprakk út.“

Að sögn Varðar Levis Traustasonar, húsvardar og forstöðumanns Hvítusunnusafnaðarins, náði vatnið í kyndiklefanum upp á rafmagnstöfluna þannig að rafmagninu sló út af sameigninni.

Í kjallaranum er geymslur íbúanna. „Það er eiginlega meira og minna allt ónýtt í þeim,“ segir Steindór.

Fulltrúar frá tryggingafélagi húsfélagsins munu hafa sagst telja að tjónið yrði ekki bætt af þeirra hálfu þar sem vatnið hafi komið að utan. „Þá er það annað hvort bær-



VATNSTJÓN Í KJALLARANUM Vörður Leví Traustason húsvörður og Guðmundur Þ. Svavarsson kanna skemmdirnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

inn eða Íslenskir aðalverktakar sem verða að bæta þetta,“ segir Guðmundur sem flutti eins og aðrir íbúar í nýbyggt húsið í sumar og furðar sig á þetta skuli hafa hent.

Vörður Leví, Steindór og Guðmundur segjast telja að dælur í holræsakerfi bæjarins hafi ekki skilað hlutverki sínu og þess vegna hafi myndast tjörn við hringtorg þar rétt hjá og vatn síðan streymt að húsinu.

„Þetta er tómur ruglingur,“ segir Jóhanna B. Hansen bæjarverkfræðingur. „Holræsakerfið er yfirhöfuð sjálfrennandi. Það er bara á lokaáföngum sem eru

dælur.“

Jóhanna segist ekki telja að vatn hafi runnið frá hringtorginu inn á lóð Klapparhlíðar 1. „Það er mön þarna á milli svo ég sé ekki hvernig það getur gerst,“ segir bæjarverkfræðingur.

Vörður Leví er á öðru máli. „Það var komið meira en hálf meters djúpt vatn á hringtorginu. Þar fór dælubrunnur á kaf og þannig að rafmagnsdælan sló út og holræsakerfið stoppaði. Ég talaði við bæjarstarfsmann um nóttina og hann sýndi okkur þetta. Ég horfði á það sjálfur.“

gar@frettabladid.is



„SKEITARI“ Á INGÓLFSTORGI Hjólabrettaiðkendur sakna Ingólfstorgs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjólabrettaiðkendur æfir:

Skautasvellið aðför að íþróttinni

TÓMSTUNDIR Skautasvellið á Ingólfstorgi hefur vakið lukku, en ekki eru allir á eitt sáttir með framkvæmdina.

„Þetta er aðför að íslenskrum hjólabrettamenningu,“ segir Grímur Jón Sigurðsson, sem fer fyrir hópi hjólabrettaiðkenda. „Borgarstjórn ásamt Tryggingamiðstöðinni hefur fryst minn eina vettvang til þess að stunda útiveru og hreyfingu.“

Grímur segir hjólabrettaiðkun ekki gert nógu hátt undir höfði. „Á höfuðborgarsvæðinu er Ingólfstorg eini staðurinn þar sem hægt er að stunda íþróttina svo vel sé á

GRÍMUR JÓN SIGURÐSSON

verturna, en nóg er af skautasvellum. Þessu má líkja við að TBR-húsinu yrði breytt í sveil. Ekki yrðu tennisíðkendur sáttir við það,“ segir Grímur.

- sj

Forseti bæjarstjórnar:

Hætt kominn í hreinsunareldi

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Eldsvöðinn sem Henrik gaf í skyn að væri af mínum völdum var tendraður af þáverandi formanni umhverfisnefndar og bæjarfulltrúa D-listans sem hafði tekið að sér að rífa húsin en kveikti bara í draslinu og munaði engu að mitt hús brynni,“ segir Kristján Sveinbjörnsson, forseti bæjarstjórnar úr Alftaneshreyfingunni. Vitnar Kristján þarna til orða Henriks Thorarensen, sem vill byggja hús á lóð framan við hús Kristjáns, um að gömul útihús á lóðinni sem truflað hafi sjávarút-sýni Kristjáns hafi brunnið í óupplýstum eldsvöðum. Þá segir Kristján að nær allt sem haft var eftir Henrik um lóðamálið í Fréttablaðinu á fimmtudag sé rangt.

- gar

FINNLAND

Finnar deyja úr drykkju

Áfengi er helsta banamein fullorðinna finnskra karla og kvenna, kom fram í máli finnskra heilbrigðisfyrivalda á föstudag. Árið 2005 létust yfir 2.000 manns úr áfengiseitrun eða sjúkdómum sem óhöfleg áfengisneysla veldur, og nærri 1.000 manns fórust í slysum tengdum áfengi. Heilbrigðisfyrirvöld hafa miklar áhyggjur af þessari þróun.



RÍKISSTJÓRN MÓTMÆLT Gríðarstór mótmæli voru haldin í Beirút í gær, tíunda daginn í röð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli í Líbanon:

Heimta afsögn ríkisstjórnar

LÍBANON, AP Hundruð þúsunda Líbana mótmæltu í Beirút í gær og kröfðust þess að ríkisstjórnin gæfi stjórnarandstöðunni meiri völd eða segði af sér öðrum kosti.

Þetta var tíundi dagurinn í röð sem stuðningsmenn Hizbollah-samtakanna og Líbanar sem eru vinveittir Sýrlandi stóðu fyrir mótmælunum.

Kallaði fólk eftir afsögn Fouad Siniora, forsætisráðherra landsins, en hann hefur lýst því yfir að sér verði ekki bolað burt. Stjórn Siniora adhyllist Bandaríkin og er andvíg stefnu Sýrlands.

Sögðust talsmenn Hizbollah vera tilbúnir til að halda mótmælunum áfram svo mánuðum skipti til að ná fram takmarki sínu.

- smk

75.000 KR.

GJAFABRÉF

FRÁ SMÁRALIND FYLGIR NÚNA ÖLLUM NOTUÐUM BÍLUM FRÁ INGVARI HELGASYNI



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



Tala meira. Borga minna.

0,00 kr./mín.

Hringt í SKO GSM síma.

14,90 kr./mín.

Hringt í aðra GSM og heimasíma.

SMS 4,90 kr.

í alla GSM síma á Íslandi.

www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO

ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

GENGIÐ 08.12.2006

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,81	69,13
Sterlingspund	134,83	135,49
Evra	91,34	91,86
Dönsk króna	12,248	12,32
Norsk króna	11,235	11,301
Sænsk króna	10,088	10,148
Japanskt jen	0,595	0,5984

SDR 104,02 104,64

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
124,909

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

SUS um nýsamþykkt lög:
Aðför að opnu
og frjálsu lýðræði

STJÓRNMÁL Samband ungra sjálfstæðismanna segir nýsamþykkt lög um fjármál og upplýsingaskyldu í stjórnmálafélögum vera meingölluð. Lögin séu „aðför atvinnustjórnmálanna að eðlilegum framgangi lýðræðis í opnu og frjálsu samfélagi.“ SUS setur einnig spurningamerki við að frumvarpið hafi farið í „flýtimeðferð“ gegnum Alþingi.

„Með því að ríkisvæða stjórnmálamenn og flokka eru reistar hindranir við því að nýjar hugmyndir, nýir flokkar og nýtt fólk fái brautargengi. Þetta er í eðli sínu andstætt lýðræðinu,“ segir í greinargerð frá SUS. - sgi



RETTARHÖLD HEFJAST Byrjað var að rétta í máli grunaðs fjöldamorðingja í Vancouver um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meintur raðmorðingi:

Neitar sök

KANADA, AP Kanadíski svínabóndinn Robert Pickton, sem sagður er vera afkastamesti raðmorðingi Kanada, neitaði fyrir dómstólum í Vancouver á laugardag að hafa orðið minnst 26 konum að bana.

Bann hefur verið lagt við að fjölmiðlar greini frá smáatriðum rannsóknarinnar fyrr en í janúar, en fram hefur komið að blaðamenn sem fylgst hafa með undirbúningi málsins í réttarsal hafi sumir þurft að leita sér sálfræðihjálp. Pickton var handtekinn árið 2002, en þá höfðu vændiskonur og fíklar verið að hverfa úr miðborg Vancouver síðan á níunda áratugnum. - smk

Kjördæmisþing samþykkir framboðslista Samfylkingarinnar í Suðurlkjördæmi:

Guðný Hrund hlýtur 4. sætið

STJÓRNMÁL Kjördæmisþing Samfylkingarinnar í Suðurlkjördæmi samþykkti í gær samhljóða framboðslista flokksins til alþingiskosninga vorið 2007. Nokkrar breytingar urðu á listanum frá prófkjörinu sem fór fram 4. nóvember síðastliðinn.

Staða efstu þriggja er óbreytt, en Björgvin G. Sigurðsson og Lúðvík Bergvinsson alþingismenn, auk Róberts Marshall, skipa þau sæti. Guðný Hrund Karlsdóttir, 35 ára viðskiptafræðingur frá Reykjanesbæ, tekur 4. sætið en Ragnheiður Hergeirsdóttir, sem hlaut það sæti í prófkjörinu, tekur ekki sæti á lista,

þar sem hún hefur tekið við embætti bæjarstjóra nýs meirihluta í Árborg.

„Það var leitað til mín, en auðvitað þarf maður að velta mörgu fyrir sér áður en maður fer út í svona,“ segir Guðný. „Listinn er sterkur og ég býst nú við að ná kjöri, það eru fjórir þingmenn frá okkur í kjördæminu nú þegar.“

- sgi

GUÐNÝ HRUND KARLSDÓTTIR Guðný tekur við 4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurlkjördæmi.

VIKURFRÉTTIR/PORGILS



Geimæði geisar í Svíþjóð

För sænska geimfarans Christers Fuglesang með geimferjunni Discovery hefur vakið mikla athygli í Svíþjóð. Líkja sumir því við viðbrögð Bandaríkjamanna þegar Neil Armstrong steig fyrstur manna á tunglið.

BANDARÍKIN, AP Geimferjan Discovery, sem skotið var á loft frá Canaveral-höfða í Flórída í Bandaríkjunum aðfaranótt sunnudagsins, hélt til Alþjóðageimstöðvarinnar í Gættum, þar sem framkvæmdum verður haldið áfram við stöðina.

Sjö manna áhöfn er um borð í geimfarinu, þar á meðal Svíinn Christer Fuglesang, sem er fyrsti sænski geimfarinn. Svíar eru ákaflega upp með sér yfir afrekum Fuglesangs og eru sænskir fjölmiðlar uppfullir af fréttum af Discovery, enda fylgjast bæði sænskir stjórnmálamenn og konungsfjölskyldan náið með ferðum hans og ferli öllum.

„Loksins! Svíþjóð er komin út í geim,“ stóð stórum stöfum í fyrir-sögn blaðsins Expressen í gær og báru fréttaskýrendur hrifningu landsmanna Fuglesangs saman við æðið sem greip Bandaríkjamann þegar Neil Armstrong steig fyrstur manna fæti sínum á tunglið árið 1969.

Vikun saman hafa sænskir



CHRISTER FUGLESANG

fjölmiðlar fylgst með undirbúningi geimskotsins, sem sýnt var í beinni útsendingu á tveimur sænskum sjónvarpsstöðvum. Fjöldi Svía horfðu á geimskotið, sem fram fór klukkan 2.47 að sænskum tíma aðfaranótt sunnudagsins.

Erfiðlega gekk að koma Discovery á loft vegna veðurs, en þetta var í fyrsta sinn í fjögur ár sem geimferjunni var skotið á loft að kveldi til.

Geimskotinu var frestað aðfaranótt laugardagsins og var lengi útlit fyrir að það tækist ekki heldur á laugardagskvöld vegna hvassviðris og þungbúins himins. En um leið og veður lægði og rofaði til var geimferjunni skotið á loft.

Fuglesang, sem er 49 ára gamall, hlaut þjálfun sína bæði hjá NASA og Geimstofnun Evrópu, en hefur beðið í meira en áratug eftir að komast í sína fyrstu geimferð.

Skömmu fyrir geimskotið ræddi Frederik Reinfeldt við Fuglesang í síma og óskaði honum góðs gengis, og Karl XVI Gústaf Svíakonungur sendi honum einnig heillaóskir. „Ég vona að hann hafi lítinn sænskan fána með í farteskinu til að setja í geimstöðina,“ sagði konungurinn í tilkynningu.

Hvort Fuglesang hafði fána með í för er óvíst, en fregnir herma að hann hafi hins vegar tekið bæði sænskar elgpylsur og elgæfu með út í geim.

Norðmenn hafa jafnframt fylgst náið með Fuglesang, því faðir hans er norskur.

Ferjan flytur nýjan rafbúnað og fleiri tæki til geimstöðvarinnar, sem gert er ráð fyrir að verði fullbúin árið 2010.

Þetta er þrjúgasta og þriðja för geimferjunnar, sem mun snúa aftur til jarðar eftir rúma viku.

smk@frettabladid.is



SKOTIÐ Á LOFT Geimferjunni Discovery var skotið á loft aðfaranótt sunnudagsins, en þetta er í fyrsta sinn í fjögur ár sem ferjunni er skotið á loft að nóttu til.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SIEMENS Ryksuger frá Siemens í 100 ár

Ryksuga VS 01E1800

Létt og lipur. 1800 W.

Jólaaverð: 8.900 kr. stgr.

Afmælisryksugan

Ryksuga VS 08G2422

Mjög öflug. 2400 W.

Jólaaverð: 26.900 kr. stgr.




SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	8°C skúrir	London	13°C rigning	Alicante	14°C skúrir
Þórshöfn	6°C skúrir	Paris	8°C skúrir	Mallorca	15°C skúrir
Norðaustan	5-8 m/s og skýjað. Hiti 0-4 stig.	Osló	8°C skúrir	Algarve	15°C skúrir
Stokkhólmur	7°C skúrir	Frankfurt	5°C skúrir	Krit	20°C hálfskýjað
Gautaborg	9°C skúrir	Friedrichshafen	6°C skúrir	Las Palmas	21°C alskýjað
Berlín	7°C hálfskýjað				

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Ótrúlegt verð á skóm fyrir herra og dömur



Stígvél
svört, dökkbrún, st. 36-41

5.999 kr

TILBOÐ



Stígvél
svört, st. 36-41

5.999 kr
Verð áður 6.999,-



Stígvél
svört, st. 36-41

5.999 kr

TILBOÐ



Stígvél
3 litir, st. 36-41

4.999 kr
Verð áður 6.999,-



Stígvél
svört, brún, st. 37-41

5.999 kr



Stígvél
svört, st. 36-41

5.999 kr



Skór
svartir, st. 35-46

2.999 kr



Skór
svartir, st. 36-41

2.999 kr

TILBOÐ



Skór
brónze, st. 36-41

3.999 kr
Verð áður 4.999,-

TILBOÐ



Skór
svartir, st. 40-45

3.999 kr



Skór
svartir, brúnir, st. 41-45

4.999 kr
Verð áður 5.999,-



Skór
svartir, brúnir, st. 41-45

3.999 kr

Gildir til 17. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



KJÖRKASSINN

Ferðu á jólahlaðborð?

Já	47%
Nei	53%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er jólaleyfi þingmanna of langt?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Flugvélar fuku á Reykjavíkflugvelli í óveðrinu á Suðvesturlandi á laugardag:

Tveir bátar sukku í óveðrinu

VEÐUR Óveðrið á suðvesturhorninu á laugardagskvöld gerði margan óskundann og kalla þurfti út björgunarsveitir á laugardagskvöld. Tveir bátar sukku við hafnir í Reykjavík og flugvélar á Reykjavíkflugvelli fóru á skrið.

„Fyrir utan þessi venjulegu verkefni eins og fjúkandi þakplötur og annað þess háttar, þá bættist aðeins við af jólatengdu foki, ef maður má orða það þannig, jólatrjám og skrauti,“ segir Jónas Guðmundsson í svæðisstjórn Landsbjargar.

„Það sem var helst óvenjulegt við þetta var að við þurftum að vinna mikið við báta og flugvélar.



Í VESTMANNAEYJUM Mikill veðurhamur var þar á laugardagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Það var há sjávarstaða og flæddi inn í marga báta og við reyndum að hindra í að þeir færu í kaf,“ segir Jónas. Þó fór svo að einn bátur sökk í Bryggjuhverfinu og annar í Reykjavíkurhöfn.

„Við vorum líka í því með Slökkviliði Reykjavíkur að tjóðra litlar flugvélar sem fuku um á Reykjavíkflugvelli,“ segir Jónas.

Mest var að gera milli níu og tólf á laugardagskvöldinu, en starfið gekk vel og tók fljótt af, að sögn Jónasar. „Á Kjalarnesi var hvassara en við höfum nokkurn tímann séð. Kerra lenti á bíl og stór hluti af þaki f auk af íbúð,“ segir Jónas.

-sgj

Ekki snjóað síðan 1954:

Hvít jól sviðsett í spænskum bæ

SPÁNN, AP Í bænum Lepe í suðurhluta Spánar hefur ekki snjóað í 52 ár, en það hindrar þó ekki bæjarbúa í að njóta hvíttra jóla, þökk sé hugdettu bæjarstjórans, Manuels Andres Gonzalez.

Á hverju kvöldi á slaginu átta skjóta tvær fallbyssur snjó yfir torgið í þessum 22 þúsund manna bæ og endist úrkoman í fimmtán mínútur í senn. Bæjarbúar flykkjast að til að berja dýröina augum og umferðartæppur myndast á hverju kvöldi í kringum torgið.

Snjórinn féll fyrst síðastliðinn þriðjudag og mun falla daglega fram á þrettándann.

-sgj

BOÐEINDIS

í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman
Alvöru fartölva á jólagjafaverði



Almennt verð kr. 101.679,-

Staðgreiðsluverð

Kr. 94.900,-

Aðeins kr. 3.577,-

meðalgreiðsla í 36 mánuði hjá TM
Staðgreiðslulán fáanleg frá 3 til allt að 36 mánaða.

Fartölvutaska & USB mús fylgir frítt með ásamt hugbúnaðarpakka.
Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft XP Professional stýrikerfi
Allar fartölvur frá Boðeind eru Microsoft Vista tilbúnar.

Skjár: 15.4" WXGA (Glare type) háskerpuskjár
Örgjörvi: Intel Mobile Pentium 1.7GHz - 2MB cache
Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 / Mest 2GB
Harður diskur: 100GB
Netkort: LAN 10/100/1000
Þráðlaust netkort: 802.11a/b/g
Geisladrif: 8x Dual layer DVD/CD brennari
Vefmyndavél: 1.3Mega Pixla m.hljóðnema
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Rafhlaða: 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending
Abyrgð: 2ja ára alþjóðleg ábyrgð

Þú færð jólagjöfina á www.boeind.is

Boðeind ehf. - Mörkín 6 - 108 RVK - S: 588 2061
Opíó alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@boeind.is
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@boeind.is

Ekkert eftirlit með sjúkratryggingum

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir það ekki hlutverk stofnunarinnar að hafa eftirlit með að útlendingar sem fá atvinnuleyfi hafi sjúkratryggingar. Vinnuveitendur eigi að sjá um að tryggingar starfsmanna séu í lagi.

SJÚKRATRYGGINGAR „Það er ekki opinbert eftirlit með þessu. Það má segja að það reyni fyrst á ef eitthvað kemur upp á,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, um þau ummæli Jóhannesar Pálmasonar, yfirlögfræðings Landspítalans, að Vinnuálastofnun og Útlendingastofnun þurfi að sjá til þess að vinnuveitendur athugi hvort erlendir launamenn séu með sjúkratryggingar í lagi.

Tilfni orða Jóhannesar er vaxandi kostnaður Landspítalans vegna sjúklinga sem hafa ekki sjúkratryggingar. Á árinu 2005 nam kostnaður Landspítalans vegna ótryggðra sjúklinga um 188 milljónum króna eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

„Það er ekki okkar hlutverk að ganga eftir þessu en það er hægt að taka undir með Jóhannesi að það eiga allir að vera tryggðir sem eru á íslenskum vinnuámarkaði. Ef menn eru að vinna með hefðbundið atvinnuleyfi er skylda fyrir útgáfu þess að þeir séu sjúkratryggðir,“ segir Gissur og bendir á að eftir að menn hafi unnið á Íslandi í sex mánuði og greitt lögboðin gjöld öðlist þeir rétt í almannatryggingakerfinu.

Að sögn Gissurar er það í raun hlutverk vinnuveitenda að sjá til þess að tryggingar erlendra starfsmanna þeirra séu eins og þær eiga að vera. Komi eitthvað upp á geti vinnuveitandinn annars hugsanlega lent í tjóni. Þá lenti kostnaður stundum einfaldlega á ríkissjóði eins og í tilfalli Pólverjans sem missti báða fætur af völd-



ERLENDIR VERKAMENN Sumir útlendingar sem hingað koma til starfa hafa reynt vera ósjúkratryggðir. Það kemur þá yfirleitt ekki í ljós fyrr en þeir þurfa á lækniástoð að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GISSUR PÉTURSSON Það er skylda að vera með sjúkratryggingu til að mega vinna á Íslandi, segir forstjóri Vinnuálastofnunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um blóðeitrunar. Hann var ótryggður hér á landi og pólska tryggingakerfið neitaði óskum um að greiða fyrir hann meðferð á Íslandi sem mun hafa kostað um

30 milljónir króna.

Frá því í upphafi þessa árs og fram til loka október nam útlagður kostnaður Landspítalans vegna ótryggðra sjúklinga 131 milljón króna. Á árinu 2005 var kostnaðurinn hins vegar 188 milljónir eins og áður segir. Inni í þessum tölum eru Íslendingar sem hafa verið búsettir í útlöndum og eru ósjúkratryggðir hér fyrstu sex mánuðina. Einnig ferðamenn og sjúklingar sem tengst hafa varnarliðinu.

gar@frettabladid.is

Íslenskir aðalverktakar semja við 101 Skuggahverfi um byggingu 97 íbúða:

Háhýsum fjölgar í Skuggahverfi

REYKJAVÍK Bygging 97 nýrra íbúða félagsins 101 Skuggahverfi er hafin og er áætlað að eigendur þeirra geti flutt inn fyrir árslok 2008.

Um er að ræða annan áfanga af þremur í uppbyggingu 101 Skuggahverfis ofan við Skúlagötu. Í fyrsta áfanga var meðal annars reist fjórtán hæða hús en nú verður bætt um betur því hæsta húsið verður nítján hæðir. Það mun standa við Vatnsstíg og ná 63 metra upp í loftið.

Auk hæsta hússins verða nú reist ellefu, átta og þriggja hæða hús. Öll verða húsin tengd saman með neðanjarðarbilastæði. Í þriðja áfanga, sem áætlað er að framkvæmdir hefjist við eftir um eitt ár, verða síðan tvö sautján og ellefu hæða hús sem einnig munu tengjast húsunum í öðrum áfanga um neðanjarðarbilastæði.

Að sögn Einars I. Halldórssonar, framkvæmdastjóra 101 Skuggahverfis, eru þegar um fimm manns á biðlista eftir íbúðum þótt sala á þeim sé ekki hafin. „Áhuginn er mikill,“ segir Einar við Fréttablaðið. Stærstu íbúðirnar verða yfir 300 fermetrar.

101 Skuggahverfi hefur samið við Íslenska aðal-



SKUGGAHVERFI Hæsta byggingin í öðrum áfanga 101 Skuggahverfis verður nítján hæðir. Blokkirnar tvær lengst til hægri á myndinni verði reistar í þriðja áfanga.

MYND/101 SKUGGAHVERFI

verktaka um byggingaframkvæmdir við húsin. „Það er ekki á hverjum degi sem ráðist er í jafnmikla uppbyggingu í Reykjavík á einu bretti,“ er haft eftir Gunnari Sveinssyni, forstjóra verktakafyrirtækisins, í frétt frá 101 Skuggahverfi.

-gar

Motorlift
bílskúrshurðaopnarar

Keðjudrífni Chamberlain Motorlift bílskúrshurðaopnararnir eru öflugir og sterkbyggðir og fást fyrir allar stærðir og gerðir bílskúrshurða. Motorlift er með kröftugum en hljóðlátum mótör og þægilegri fjarstýringu sem auðveldar umgengni um bílskúrinn eða geymsluhúsnæðið í hvaða veðri sem er.

Motorlift fæst í byggingavöruslunum um land allt.

CHAMBERLAINTM
MED ÍSLENSKUM LEIÐBEININGUM.

8 sinnum meiri hraði fyrir sama pening

Hive Lite 3.990 kr. á mánuði

Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðrhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. **Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.**

Hive

wolcraft[®]

Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta

LÆKKUM VERIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruslunin í Árbænum

Klefháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Skæð ebólusýking gengur meðal apa í Afríku:

Fimm þúsund górilla dauðar

AFRÍKA Vísindamenn óttast að górillaapar séu nú í bráðri útrýmingarhættu bæði frá veiðum mannfólksins og ebólavírusnum. Yfir fimm þúsund górilla hafa drepist undanfarin ár úr skæðri ebólusýkingu, segir á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC, en niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í nýjasta töluefti vísindatímaritsins Science.

Ebólavírusinn hefur orðið yfir þúsund manns og fjölda simpansa að bana síðan hann fyrst fannst árið 1976. Hann veldur hita og miklum innvortis og útvortis blæðingum, og banar nú af hverjum tíu einstaklingum sem



MÓÐIR OG BARN Górilla eru í bráðri útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ

sýkjast. Vísindamenn vinna enn að því að finna bóluefni gegn vírusnum sem smitast með líkamsvessum, en engin lækning er til.

„Blandið atvinnuveiðum saman við [vírusinn] og við erum kominn með uppskrift að fljót-virkri vistfræðilegri útrýmingu,“ segir í niðurstöðum vísindamanna sem rannsökuðu górilla í Lýðveldinu Kongó og Gabon. Þeir voruð jafnframt við því að fleiri apategundir væru í bráðri hættu.

Górilla er stærsti api í heimi og fjölga dýrin sér afar hægt, því hver kerling getur eingöngu átt fimm til sex unga á ævinni.

- smk

Lækkun framlags til LÍN:

Námsmenn harma lækkun

MENNTAMÁL Námsmannahreyfingar á Íslandi; Stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag íslenskra námsmanna, Iðnnemasamband Íslands og Samband íslenskra nema erlendis, hafa sent frá sér tilkynningu þar sem þær harma niðurtíu milljóna króna niðurskurði á framlagi til Lána-sjóðs íslenskra námsmanna í fjárlögum næsta árs.

Í tilkynningunni segir að þrátt fyrir að fjölgun lánþega verði ekki sú sama og upphafleg spá gerði ráð fyrir sé úrbótartíð. Augljóslega hafi verið svigrúm til fjárveitingarinnar og að miður sé að hún hafi verið skorin niður. - sh

Leki göngustafir fyrir þá sem gera kröfur

Verð frá

5.990

parið



ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Framtíðarbók

Gjöf til framtíðar



KB BANKI



LÆKJARKÓLI Í HAFNARFIRÐI Stefnt er að því að bjóða upp á móðurmálskennslu fyrir pólsk börn í grunnskólum Hafnarfjarðar næsta haust og liggur tillaga um það fyrir við gerð fjárhagsáætlunar. Móðurmálskennslan verður þá líklega í Lækjarskóla þar sem nýbúadeildin í Hafnarfirði er. Þessi mynd er af börnum í Lækjarskóla.

Pólsk börn fá ókeypiss móðurmálskennslu

Hafnafirsk bæjaryfirvöld ætla að bjóða pólskum grunnskólabörnum upp á móðurmálskennslu í Hafnarfirði næsta haust þeim að kostnaðarlausu. Móðurmálskennsla barna frá öðrum löndum verður greidd.

MENNTUN Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði stefna að því að bjóða pólskum grunnskólabörnum upp á móðurmálskennslu næsta haust. Ellý Erlingsdóttir, formaður fræðsluráðs, segir að þrjár tillögur liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar; að bjóða börnunum upp á pólskukennslu tvo tíma tvisvar í viku, einn tíma einu sinni í viku eða að ráða pólskukennara í hálfra stöðu.

Um sjöfju börn með erlent móðurmál hófu nám í grunnskólum Hafnarfjarðar í haust, þar af um þrjátíu og tvö frá Póllandi. Sex þeirra voru í móttökudeildinni í Lækjarskóla og tuttugu og sex í almennri bekkjardeild. „Þetta er fjölmennasti hópurinn hjá okkur,“ segir Ellý.

Tillögurnar um móðurmálskennslu liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði um tvær milljónir. Ef boðið verður upp á móðurmálskennslu tvo tíma í senn tvisvar í viku í fjórtán vikur á önnur nemur kostnaðurinn 1,6 milljónum króna. Ef kennt verður einu sinni í viku er kostnaðurinn helmingurinn af því. Ef ráðinn verður pólskukennari í hálfra stöðu nemur kostnaðurinn tæpum tveimur milljónum króna.

Ellý segir að erlendum börnum sé alltaf að fjölga í skólakerfinu, móttökudeild nýbúa hafi verið sett á stofn í Lækjarskóla og bæjaryfirvöld séu nú að prófa starfið áfram til að gera hag barnanna sem bestan og létta foreldrum og börnunum þeirra að aðlagast íslensku samfélagi.

Erlendum börnum hefur staðið til boða að sækja móðurmálsnámskeið á þeirra eigin kostnað á vegum Samtaka móðurmáls í Háskóla Íslands og Alþjóðahúsi. Slíkt námskeið kostar átta þúsund til átta þúsund og fimm hundruð krónur. Systkinaafsláttur er veittur. Hafnarfjarðarbær hefur ekki niðurgreitt þessi námskeið.

Ellý segir að reynslan sýni að heimturnar séu ekki eins góðar þegar foreldrarnir þurfi að leggja út í kostnað. Ákveði Hafnarfjarðarbær að standa fyrir móðurmálskennslu verði það fjölskyldunum að kostnaðarlausu.

Gert er ráð fyrir að aðrir erlendir grunnskólanemendur sækji áfram móðurmálskennslu hjá Alþjóðahúsi eða í Háskóla Íslands. Hafnarfjarðarbær niðurgreiði þá kennsluna sem nemur einni milljón króna. Ellý segir að síðan komi í ljós hvort bærinn myndi standa fyrir móðurmálskennslu fyrir þessi börn.


ghs@frettabladid.is



ELLÝ ERLINGS-DÓTTIR Ellý Erlingsdóttir, formaður fræðsluráðs í Hafnarfirði, segir að börn með annað móðurmál fái niðurgreidd námskeið sem þau sækja til Reykjavíkur.

Nýtt rúm

Fráááábær hugmynd!



Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í stillanlegum rúmum

- Val um Tempur heilsudýnu eða Talalay Air Latex heilsudýnu.
- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er á sleðakerfi þannig að þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meiri en algengasti mótorinn er, meiri kraftur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botnunum.
- Hæðastilling á fótasæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður og viðurkenndur sem læknaæki frá Nemko - Germany.
- Botn m. 2 nudd mótorum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind.



Jólatilboðin í fullum gangi

Ný gerð



Tempur inniskór
Tilboð kr. 7.700,-



Tempur heilsukoddi
Tilboð kr. 7.990,-



Temprakon hitajöfnunarsængin
Tilboð kr. 24.900,-

Betra
BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð: Virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 11-16



Allt það fína frá Kína

Gott úrval af lömpum, vösom og glæsilegri gjafavöru á frábæru verði

Opið mánudaga - sunnudaga 10 - 18



Gallery Kína
Ármúla 42 - sími 895 8966



Kaninn FM 89.0
Ný útgáfur á Íslensk músík alltaf!

Tuttugu prósent fyrsta árs nema við KHÍ eru ekki með formlegt stúdentspróf: Stúdentspróf eru æskileg krafa

SKÓLAMÁL Freyja Hreinsdóttir, dósent við Kennaraháskóla Íslands, segir að stúdentspróf sé æskileg krafa þegar nemendur eru teknir inn í skólann.

Eggert Briem, prófessor í stærðfræði við HI, hefur gagnrýnt fyrirhugaða sameiningu KHÍ og HI og sagði nýverið í viðtali við Fréttablaðið að innritunarstefna HI og KHÍ passaði illa saman þar sem HI leyfði engar undanþágur frá stúdentsprófi á meðan KHÍ tæki inn nemendur án stúdentsprófs.

Freyja hefur bæði starfað við HI og KHÍ og segir hún mikinn mun á kennslu í þessum skólum þar sem markmið nemendanna séu mismunandi. Nú stendur yfir endurskipulagning náms í KHÍ og er það von Freyju og samkennara hennar að samstaða skapist um að auka hlut stærðfræði í skyldunámi þeirra kennara



KENNAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Tuttugu prósent nemenda á fyrsta ári eru ekki með formlegt stúdentspróf.

sem kenna stærðfræði á miðstigi grunnskólans.

Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, segir að þegar nemendur eru teknir inn í skólann sé bæði tekið tillit til fyrri skólagöngu og reynslu viðkomandi. „Við höfnum fjölda umsækjenda á hverju ári vegna þess að við teljum þá ekki uppfylla kröfur skólans og eru sumir þeirra með stúdentspróf.“ Ólafur segir að um 20

prósent nemenda á fyrsta ári séu ekki með formlegt stúdentspróf en að önnur menntun og reynsla sé metin sem ígildi stúdentsprófs.

Ólafur segir nemendur KHÍ koma af öllum bragtum framhaldsskóla en einn af gagnrýnispunktum Eggerts var sá að flestir nýnemar KHÍ kæmu af félagsfræðibraut þar sem nám í stærðfræði sé mjög lítið. - hs

LÖGREGLA

Bílfelting á Ísafirði

Smávægileg meiddsl urðu á fólki þegar bíll valt vegna hállu á Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði um fjögur leytið aðfaranótt sunnudags.

NOREGUR

Nektardansinn skattfrjál

Norskir dómstólar hafa skorið úr um að nektardans sé listgrein og skuli því vera skattfrjál í Noregi. Í dómsúrskurðinum segir að fatafellur blandi saman dansi og leikrænum tilburðum og því teljist athæfið list.

VATNSLEYSUSTRÖND

Auglýsa við Reykjanesbraut

Hugmyndir eru nú uppi í atvinnu-málanefnd Vogu að svæði við Reykjanesbrautina verði eyrnamerkt fyrirtækjum til að auglýsa bæjarfélagið. Sett yrði upp skilti sem á stæði: Ef þitt fyrirtæki væri staðsett hér þá værir þú komin í vinnuna. Á skiltinu yrðu einnig upplýsingar um lausar



Alpha-only radiation emitters
(This is currently the only legal Alpha source available without a license.)

ISOTOPE	ACTIVITY	HALF-LIFE	ENERGIES (KeV)
Polonium-210	0.1uCi	138 days	5304.5

Isotope Type: Polonium-210 Price: \$89.00

Multiple radiation emitters
(These are the sources most often used to test & calibrate a wide variety radiation detectors.)

ISOTOPE	ACTIVITY	HALF-LIFE	EMISSION	ENERGIES (KeV)	PRICE
Cesium-137	1uCi	30.1 years	Gamma & Beta	Q: 32,661.6 B: 511.6, 1173.2	\$69.00
Cesium-137	5uCi	30.1 years	Gamma & Beta	Q: 32,661.6 B: 511.6, 1173.2	\$80.00
Cesium-137	10uCi	30.1 years	Gamma & Beta	Q: 32,661.6 B: 511.6, 1173.2	\$100.00
Cobalt-60	1uCi	5.27 years	Gamma & Beta	Q: 1173.2, 1332.5 B: 317.9	\$69.00

PÓLÓN-210 TIL SÖLU Þessi mynd er tekin af vefsíðum bandaríska fyrirtækisins United Nuclear, sem býður fólki að kaupa ýmis geislavirk efni í afar smáum skömmtum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mörg geislavirk efni til sölu á netinu

Pólón-210 er boðið til sölu ásamt fleiri geislavirkum efnum á netinu. Þessi efni eru mun algengari í daglegu umhverfi okkar en fólk gerir sér grein fyrir.

BANDARÍKIN, AP Geislavirk efni eru mun algengari í daglegu umhverfi okkar en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Þau er til dæmis að finna í reykskynjurum, mælitækjum af ýmsu tagi, gasluktum og ýmsum heimilistækjum, enn fremur í tækjabúnaði af ýmsu tagi sem notaður er í iðnaði og á sjúkrahúsum.

Flest þessi geislavirku efni eru hættulaus nema fólk annað hvort andi þeim að sér eða innbyrði þau. Auk þess eru þau jafnan vel einangruð og nánast útilokað að komast að þeim óvörðum. Þó ekki alveg útilokað. Að minnsta kosti ekki fyrir sérfróða.

Lát rússneska njósnarans Alexanders Litvinenko sýnir að hætta á misnotkun er vissulega fyrir hendi.

Í sumum löndum, að minnsta kosti Bandaríkjunum, getur auk þess nánast hver sem er útvegað sér með litilli fyrirhöfn örlitla skammta af geislavirkum efnum á borð við ameríkum, þórín, trítín og jafnvel pólón-210.

Þau eru meira að segja til sölu á netinu, eins og sjá má á vefsíðu fyrirtækis sem heitir United Nuclear.

„Við sérhæfum okkur í litlum pöntunum,“ segir á vefsíðunni, og fyrirtækið stærir sig af því að hafa útvegað „á hugamönnum, iðnfyrirtækjum, opinberum stofnunum, skólum og háskólum“

geislavirk efni allt frá árinu 1998.

Fyrirkomulagið á vefsíðunni er ekki ósvipað því á síðum Amazon-bóksölu, sem margir kannast við. Þegar viðskiptavinir hafa tekið ákvörðun yta þeir á „Add to cart“ hnapp og síðan er pöntunin afgreidd. Reyndar þurfa viðskiptavinir að vera staðsettir innan Bandaríkjanna til þess að fá afgreiðslu.

Einn lítil skammtur af pólón-210 kostar til að mynda 69 dali, og fyrir sama verð er hægt að kaupa strontíum-90, þallín-204, og fleiri geislavirk efni „í öruggri einangrun“, eins og segir á síðunni. Og svo er hægt að kaupa saman í öskju pólón-210, strontíum-90 og kóbalt-60 á 175 dali.

„Til að tryggja sem lengstan helmingunartíma geymum við efnið ekki á lager,“ segir á vefsíðunni, „heldur eru þau framleidd glæný í kjarnaofni og send beint til þín“ frá framleiðanda.

Vegna þess hve pólón-210 hefur verið mikið í fréttum undanfarið í tengslum við morðið á Litvinenko í London er að vísu komin sérstök athugasemd á síðuna þar sem tekið er fram að þetta efni sé selt í svo smáum skömmtum að það þyrfti 15 þúsund slíka til þess að það yrði hættulegt, og þá væri kostnaðurinn kominn upp í eina milljón dala.

gudsteinn@frettabladid.is

TÖLUVERSLUN

með þjónustuna í lagi

Tölvugjafir



Asus GeForce 7300GT PCI-Express 256MB DDR2

Frábært skjákort frá Asus - **viftulaust**

800MHz(400MHz DDR2) - með DVI tengi og HDTV

Kr. 12.990

Razer Copperhead 2000 dpi Chaos Green

Hraðvirk leikjámús sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga. 2000 dpi Razer Precision(tm) laser 1000Hz með 1 ms svartíma

Kr. 6.990

Philips SPC610 vefmyndavél, 1024x768

- Innbyggð ljós - Innbyggður mikrafónn

Frábær viðbót við MSN og Skype

Kr. 5.990

I'm blogging this bolur

Margar aðrar gerðir til - skoðið úrvalið

Kr. 2.990

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

ASUS

Sarotech

PHILIPS

OCZ

TRENDNET

Leiðtogar Suður-Ameríkuríkja ræddu meðal annars hugmyndir um álfuping á fundi í Bólívíu:

Nýir vinstrimenn vilja aukið samstarf

BÓLÍVÍA, AP Tveggja daga fundi leiðtoga Suður-Ameríkuríkja í Bólívíu lauk á föstudag, en ný bylgja vinstrimanna við stjórnvölinn hefur stór áform um samstarf innan álfunnar. „Sem leiðtogar Suður-Ameríku höfum við mikla möguleika á að opna æðar Suður-Ameríku,“ sagði Evo Morales, forseti Bólívíu.

Brasíluforseti, Luiz Inacio Lula da Silva stakk upp á alþjóðlegu álfupingi ríkjanna, sem hefði aðsetur í Bólívíu. „Suður-Ameríka er eitt af fáum svæðum heimsins sem sem eiga það eftir að tala opinskátt um samvinnu,“ sagði da Silva.

Hugo Chavez, forseti Venesúela, hvatti til þess að ríkin sameinuðust í „suðuramerísku bandalagi“ og sagði álfuna hafa jarðsett áætlanir Bandaríkjanna um sameiginlegt efnahagssvæði allrar Ameríku. Sósíalístríðinn Michelle Bachelet, forseti Chile, varaði við því að mála skrattann á vegginn og sagði að frjáls viðskipti hefðu bæði jákvæð og neikvæð áhrif.

Forseti Perú, Alan Garcia, sagði menntamál vera mikilvægust fyrir álfuna. „Ríkisstjórnir koma og fara, en fólkíð er alltaf til staðar,“ sagði hinn nýkjörni Garcia. Hann og Chavez grófu stríðsöxinu eftir fundinn, en Chavez



LEIÐTOGARNIR BRJÓTA PÖTTA Forsetar Venesúela, Brasílu, Bólívíu og Chile brjóta leirpotta fulla af eplavíni í fornri athöfn indjana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hafði kallað Garcia þjóf, lygara og kjölturakka Bandaríkjanna. Á móti fékk Chavez að heyra að hann væri veikur á geði. - sgj

Utanríkisráðherra í Hírósíma:

Samvinna við Mazda möguleg

UTANRÍKISMÁL Opinberri heimsókn Valgerðar Sværissdóttur utanríkisráðherra til Japans lauk með för til Hírósíma.

Valgerður kynnti sér rannsóknir og þróun í gerð vetnisbifreiða hjá Mazda-bifreiðaverksmiðjunni og gerði grein fyrir vetnisvæðingaráformum íslenskra stjórnvalda. Möguleiki er á samstarfi þar á milli á næstu mánuðum.

Valgerður lagði blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnismerki um þá sem létu lífið vegna kjarnorkusprengingarinnar í borginni árið 1945. - sdg



MILLJÓNASTYRKUR Bryndís Schram tekur hér á móti styrknum frá Pétri Ottesen frá BM-ráðgjöf.

Fjölskylduhjálpar fær styrk: Flóamarkaður fyrir bágstadda

ADSTÖÐ Bryndís Schram, verndari Fjölskylduhjálpar Íslands, tók á föstudag á móti tveggja milljóna króna styrk frá BM-ráðgjöf, sem nýtast mun til kaupa á matargjöfum fyrir bágstaddar fjölskyldur um jólin. Við þetta tilefni var flóamarkaður Fjölskylduhjálpar einnig opnaður.

Um 1.200 fjölskyldur eru á skrá hjá Fjölskylduhjálpinni og áætlað er að aðstoða á bilinu 700 til 800 fjölskyldur um jólin.

Úthlutun hefst strax í næstu viku.

Fjölskylduhjálpin hefur einnig til sölu svokallaðan Hjálparpenna, sem hægt er að fá í þjónustuborði Smáralindar á 500 krónur. - sh



FRÁ ÚTGÁFUHÁTIÐ Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra ásamt höfundi bókanna, Þorsteini Jónssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bókaútgáfa: Skipstjórnarmenn á bók

BÆKUR Ritverkið Skipstjórnarmenn I er komið út hjá útgáfufyrirtækinu Kátir voru karlar ehf. í samantekt Þorsteins Jónssonar. Verkið er safn rúmlega sjö þúsund æviþátta um íslenska skipstjórnarmenn frá því að Íslendingar hófu að gera út þilskip með íslenskum skipstjórnarmönnum, til þeirra sem lokið hafa skipstjórnarprófi á árinu 2006. Alls prýða ritverkið 2.800 myndir sem færast hafa birist áður. Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra skrifar inngang að verkinu og veitti fyrstu bókinni viðtöku á útgáfuhátíð í Víkinni, sjómínjasafninu í Reykjavík í gær. Annað bindi Skipstjórnarmanna er væntanlegt næsta vor en alls verða bækurnar sex. - shá



SIMPLY CLEVER



Afl og hagkvæmni sameinast

TDI

Tækniundrið TDI® dísilvélin eyðir aðeins **4,9** lítrum



Skoda Octavia

Skoda Octavia með 1,9 lítra TDI® dísilvél afsannar að afl og hagkvæmni fari ekki saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia TDI® einnig fánleg fjór hjóladrifin og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskafar eða hátt eldsneytisverð, þá ertu í toppmálum á Skoda Octavia TDI®.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrímssyni, ritstjóra FÍB blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringveginn, alls 1.515 km, í áheita- akstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.



GullnaStýrið
Skoda Octavia hefur meðal annars hlotið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.



HEKLA

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



VETRARLAND Veturinn er kominn í suðurhluta Þýskalands og vonast íbúar þar nú eftir hvítum jólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnun á reykingum rúmlega 2.500 Íslendinga á aldrinum 15 til 89 ára:

Miklu færri reykja en áður

HEILBRIGÐISMÁL 18,8 prósent fólks á aldrinum 15 til 89 ára reykja daglega. Árið 1990 reyktu um 30 prósent landsmanna. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Capacent Gallup vann fyrir Lýðheilsustöð. Í könnuninni kemur fram að 27,6 prósent aðspurðra hættu að reykja fyrir meira en ári.

Nokkur munur er á reykingum kynjanna því 23,1 prósent karla reykir en 20,8 prósent kvenna. Fólk á þrítugsaldri reykir mest allra, 28 prósent, en þar á eftir er fólk á sextugsaldri, 25 prósent.

Í könnuninni kemur auk þess fram að fólk með háskólapróf

reykir minna en þeir sem eru ekki með háskólapróf. 8,3 prósent fólks með háskólapróf reykja en 22,8 prósent þeirra sem eru með grunnskólapróf og 18,8 prósent þeirra sem eru með framhaldsskólapróf. Einnig er nokkur munur á reykingum fólks eftir tekjum, en tæp 25 prósent fólks sem er með undir 250 þúsund í tekjur reykja daglega en tæp 16 prósent þeirra sem eru með yfir 800.000 í tekjur.

Tíðni reykinga fólks í Reykjavík og á landsbyggðinni er nokkurn veginn svipuð.

Könnunin var gerð í gegnum síma frá mars fram í október árið



REYKINGAR Þær eru á undanhaldi meðal Íslendinga.

2006. Svarhlutfall var rúmlega 60 prósent og tóku 99,5 prósent afstöðu.

- ifv

Læknafélag Íslands:
Gerðar verði úrbætur vega

UMFERÐ Brýnt er að gerðar verði viðunandi úrbætur á þeim umferðaræðum sem liggja að Reykjavík, segir í ályktun frá stjórn Læknafélags Íslands.

Læknafélagið harmar hin tíðu umferðarslys og mannskaða sem orðið hafa á vegum landsins og telur fullsannað að veigamikil ástæða slysanna sé úreltir vegir. Einnig telur stjórnin að til álita komi að endurreistar verði samgöngur á sjó til að minnka álag á vegakerfið og ítrekar samþykkt sína frá árinu 1971 um að ökuleyfisaldur verði hækkaður.

- kóp

Ný skýrsla yfir norsk dýr og plöntur:

Þúsundir í útrýmingarhættu

NOREGUR Þrjúþúsund sjöhundruð áttatíu og fimm dýra- og plöntu- tegundir innan norskrar lögsögu eru í útrýmingarhættu, kemur fram á nýjum svokölluðum Rauðum lista Artsdatabankens í Þrándheimi sem birtur var á miðvikudag, segir á fréttasíðu Aftenposten. Þeirra á meðal er þorskur norðan 62. breiddargráðu, auk fjallrefs, úlfs og grænlandshvals. Telja vísindamennirnir að allar þessar tegundir geti verið útdaugar eftir áratug.

Alls eru 18.500 tegundir á listanum, en þetta er í fyrsta sinn sem fiskar og aðrar sjávarlífverur komast á útrýmingarhættulistann. Þriðjung þeirra er að finna á Svalbarða.

Auk þess telja vísindamennirnir upp ríflega 20.000 aðrar tegundir sem ekki er nægilega mikið vitað um til að hægt sé að segja til



PORSKUR Norskir vísindamenn telja að allur þorskur norðan 62. breiddargráðu verði útdaður eftir áratug.

um ástand þeirra. Til viðbótar eru líklega um 20.000 tegundir til viðbótar í Noregi sem enn hafa ekki verið uppgötvaðar, segir í skýrslunni.

Listinn var fyrst gerður árið 1998 og voru þá 3.062 tegundir taldar í útrýmingarhættu. Áttatíu

og fjórar þeirra eru nú útdaugar.

Flestar lífveranna sem teljast í hættu eru á listanum því kjörlendi þeirra er ógnað vegna ágangs manna.

Vísindamennirnir saka norsk stjórnvöld um að hirða lítt um náttúruvernd.

- smk



Stefnt er að því að beint fragtflug frá Akureyri til meginlandsins hefjist næsta vor:

Fiskurinn komist sem ferskastur á markað

SAMGÖNGUMÁL Norðanflug ehf., nýtt félag um fragtflug frá Akureyri til meginlands Evrópu, var stofnað á föstudaginn síðasta. Stofnendur félagsins eru Samherji hf., Eimskipafélag Íslands og Saga Fjárfestingar ehf.

Unnar Jónsson, forstöðumaður flutningasviðs Samherja og stjórnar- maður í hinu nýja félagi, segir að þörfin fyrir beint fragtflug frá Akureyri sé brýn. „Beint flug héðan stýttir flutningstímamann á ferskum fiski frá okkur um sólarhring sem skiptir máli, bæði upp á ferskleika fisksins og til þess að við getum brugðist hraðar við óskum markaðarins. Magnið af ferskum fiski sem er flutt út með flugi frá þessu landsvæði er það mikið að það getur leikandi létt borið uppi reglulegt fragtflug nokkrum sinnum í viku,“ segir hann.

Á næstu vikum verður unnið að frekari undirbúningi starfseminnar sem verður kynnt ítarlega í febrúar næstkomandi en áætlað er að flugið hefjist næsta vor.

AKUREYRARFLUGVÖLLUR Beint fragtflug frá Akureyri verður væntanlega að veruleika í vor.



Norski herinn:

Býðst til að greiða námslán

NOREGUR Norski herinn hefur gripið til nýrra ráða til að fá fleiri ungmenni til að gerast hermenn. Nú býðst hann til að taka yfir námslán ungra Norðmanna, sem í staðinn gegna herþjónustu. Þetta kom fram á fréttavef norska blaðsins Aftenposten í gær.

Í fréttinni kom jafnframt fram að herinn er farinn að berjast við almennan markað um ungt fólk með því að bjóða betri laun og frekari stuðning við fjölskyldur hermanna.

Auk þess verða fleiri nemar teknir inn í herskóla landsins á næstunni.

- smk

Íslenskir stjórnendur vinna um 50 tíma á viku og oft um helgar:

Stjórnendur ferðast meira en fyrr

ATVINNUMÁL Hinn 23 ára gamli fjármálasérfræðingur Sudhir er í hópi launahæstu manna í Bandaríkjunum en hann vinnur 120 tíma á viku, eða yfir 17 tíma á dag þegar mikið er að gera. Þetta er meðal þess sem fram kemur í könnun bandaríska viðskiptatímaritsins Harvard Business Review. Sex af hverjum tíu stjórnendum og sérfræðingum í Bandaríkjunum vinna meira en 50 klukkustundir á viku og ofan á þetta bætist óútreiknanlegur vinnutími og útköll á nær öllum tímum sólahrings.

Helmingur þeirra sem tóku þátt í könnuninni gerir sér grein fyrir hættunni sem felst í ófga- fullu vinnu- og ferðastími og segist ekki vilja vinna á þessum hraða lengur en ár til viðbótar. Tveir þriðju þeirra sem könnunin náði til telja sig ekki fá nægan svefn og helmingur þeirra drekkur of mikið eða notar lyf til að halda sér



WALL STREET Tveir þriðju bandarískra fjármálasérfræðinga telja sig ekki fá nægan svefn og helmingur þeirra drekkur of mikið eða notar lyf til að halda sér gangandi.

Könnun sem VR gerði meðal íslenskra stjórnenda sýnir að þeir vinna að jafnaði yfir 50 stundir á viku og rúmlega þriðji hver vinnur iðulega um helgar. Hinn dæmi- gerði stjórnandi er vel menntaður karlmaður og nokkuð sáttur við lífið og tilveruna. Að þeirra mati er álagið það versta við starfið en krefjandi og spennandi verkefni

það besta. Vel yfir 90 prósent stjórnenda segja starfið eftir- sóknarvert.

Svali Björgvinsson, framkvæmdastjóri KB banka, segir vinnutíma hjá fjármálasérfræðingum innan bankans ekki vera að lengjast. „Þær breytingar hafa hins vegar orðið á undanföllum árum að ferðalög til útlanda hafa aukist hjá þessum hóp starfsmanna

sem hefur í för með sér meiri fjar- veru frá fjölskyldu. Nútímataekni hefur hins vegar gert það að verk- um að hægt er að vinna hluta vinnunnar heima ef fólk er tölvutengt og það býður upp á ákveðinn sveigj- anleika.“

Svali segir mikla samkeppni í nútímaumhverfi og að samkeppnin geri þá kröfu að fólk standi sig. „Það þarf hins vegar ekki að vera sama- semmerki á milli þess að standa sig og vinna langan vinnudag og margir ná að klára öll sín verkefni innan venjulegs vinnudags. Vissulega koma tarnir í þessari vinnu og tíma- bil þar sem álag er mikið en við erum ekki að tala um neitt í líkingu við það sem gengur og gerist í bandarísku fjármálaumhverfi.“ Svali segir að fylgst sé með þeim sem skili mörgum yfirvinnutímum í langan tíma og að settur sé yfir- vinnukvóti á þessa einstaklinga.

hugrun@frettabladid.is

Heildstæð stefna fyrir Ísland:

Forvarnastefna kynnt í janúar

FORVARNIR Í janúar verður kynnt heildstæð forvarnastefna á Íslandi. Stýrihópur sem unnið hefur að stefnumótuninni frá því í sumar skilaði skýrsludrög- um í lok nóvember.

Upphaflega stóð til að félagsmálaráðherra myndi kynna tillögu að forvarnastefnu- ni í ríkisstjórn fyrir 1. desember en ákveðið var að vinna áætluðina frekar að sögn Þórs Jónssonar, upplýsingaful- trúa félagsmálaráðuneytisins.

Stefnumótunin mun taka mið af aðgerðum Alþjóðaheilbrigðis- málastofnunarinnar og í henni felast meðal annars auglýsingar á áfengi, sýnileiki löggæslu, réttarfarsleg efni, áætlanir og stefnur í skólum og fjármögn- un.

- sdg



STARFSMENNTA
VERÐLAUNIN

FÉKK NÝJA SÝN Á LÍFIÐ

„Ég hef starfað hjá Alcan á Íslandi frá árinu 1995. Ég ólst upp úti á landi og gekk mjög takmarkað í skóla. Ég lauk minni skólagöngu þegar ég var 13 ára og hef alla tíð starfað sem verkamaður, aðallega í frystihúsum.“

Þegar ég kom til Alcan byrjaði ég sem almennur verkamaður í kerskála. Premur árum síðar var Stóriðjuskólinn settur í gang. Það var mikið átak að fara í skóla eftir 30 ár, en stuðningur og hvatning yfirmanna minna og starfsfélaga varð þess valdandi að ég sló til og lagði af stað í það ferðalag sem námið var mér. Bæði sá ég á vinnufélögum og fékk að reyna það sjálf að námið jók sjálfsvirðingu okkar og efldi okkur í starfi. Þegar ég hafði starfað hjá Alcan í 8 ár var ég gerð að flokks- stjóra á einni vakt kerskálans og í framhaldi af því var ég hvött til að sækja um framhaldsnám við Stóriðjuskólann og var fyrsta konan sem fór í þetta nám. Aldrei nokkurn tíma hefur neinn haft eins mikinn

metnað fyrir mína hönd eins og skólastjórnendur, yfirmenn og sam- nemendur höfðu þegar ég hóf námið. Gerðar voru miklar kröfur og þurftum við að leggja hart að okkur til að hafa undan. Strax á fyrstu önninni varð okkur ljóst hversu mikilvæga gjöf var verið að gefa okkur, og ég endurtek GEFA okkur vegna þess að við lögðum ekki til neinn kostnað við námið. Ég mun seint geta lýst öllum þeim breyt- ingum sem þetta nám hafði á líf mitt. Ég gat lært, staðið upp fyrir framan hóp af fólki og talað og rökstutt verkefni. Ég fékk alveg nýja sýn á lífið og starfið. Það er mér mikill heiður og ánægja að gefa skólanum mín allra bestu meðmæli fyrir framsýni og þá trú að fjárfesta í menntun okkar og okkur sjálfum, fyrirtækinu til gæfu.“

Anna Jóna Ármannsdóttir, flokksstjóri í kerskála hjá Alcan í Straumsvík.

Alcan á Íslandi hlaut Starfsmenntaverðlaun ársins 2006 í flokki fyrirtækja og félagsamtaka sem veitt eru af Mennt og Starfsmenntaráði, samstarfsvettvangi aðila vinnu- og ferðastíma, skóla á framhalds- og háskólastigi og sveitarfélaga. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar og fræðslumála og eru dýrmæt viðurkenning fyrir Stóriðjuskóla Alcan og starfsmannahald fyrirtækisins. Mælt er til þess að umsókn um Starfsmenntaverðlaunin fylgi umsagnir meðmælanda. Starfsmenn Alcan lýstu reynslu sinni af námi við Stóriðjuskólann og gáfu fyrirtækinu leyfi til þess að nota umsagnirnar í kynningarefni sínu.





jólatilboð

í átta verzlunum

Stál - kámfrír



SAMSUNG

RS21KCSM

Lakkað Stál

Kælir og frystir
176 x 91 x 72 cm
tvö kælikerfi og
Klakavél og kælt vatn.
Sér kælihölf í skápnunum
til að afþýða eða
hraðkæla.
Kælir 334 l og frystir 186
l alls 520 l. Orkunotkun
538 kwh á ári.

199.900,-



Jólatilboð

NÝ TÆKNI

SILVER NANO

sem drepur bakteríur

Lengir **líftíma matvæla**
í kælikápum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir
standa tómir og ekki í notkun.

Silfur Nano er silfur í örliðu magni „nano stærð“. Því er blandað út í plastið og fær plastið örliðu bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kælikápum er þetta ætlað til að matur skemmist síður. Einnig er í öllum „Amerískum“ Samsung kælikápum tvö kælikerfi þannig að frostu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kælikápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnunum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemmdum.



RS21DGUS - Burstað stál

Burstað stál með vatni og klaka. Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.

Jólatilboð

219.900,-



HTQ-100

hjómtæki - 300W Magnari

Dolby Digital-, Prologic II-, DTS
FM-útvarp með RDS og 15 stöðva minni
DVD-R, DVD-RW, MP3, JPEG DIVx

HDMI-útgangur með
línutvöföldun
(720 p / 1080 i)
USB-inngangur MP3, JPEG
Verð: **59.900,-**



HTXQ-100

heimabíó - 500W Magnari

Dolby Digital-, Prologic II-, DTS
FM-útvarp með RDS og 15 stöðva minni
DVD-R, DVD-RW, MP3, JPEG DIVx

HDMI-útgangur með
línutvöföldun (720 p / 1080 i)
USB-inngangur MP3, JPEG
Verð: **69.900,-**



VPD-361

Stafræn myndbandsupptökuvél

800,000 Punkta myndflaga
Skjástærð 2,5" LCD
33 X Optikal zoom
Tekur upp á DV spólur
Verð: **34.900,-**



VPD-161

Stafræn myndbands-

upptökuvél

800,000 Punkta myndflaga
Skjástærð 2,7" LCD
33 X Optikal zoom
Tekur upp á DVD diska
Verð: **49.900,-**



VPD-463

Stafræn myndbandstökuvél

800,000 punkta myndflaga
Skjástærð 2,5" LCD
10 X opikal zoom
Tekur upp á mini DV spólur
Verð: **39.900,-**

MEIRI ÞJÖPPUN - LENGRI ENDING RAFHLÖÐU

MP3

SPILARAR YP-Z5

4 GB flashminni
1,82" LCD-Litaskjár | FM útvarp
MP3, WMA | JPEG, OGG
Rafhlöðuending allt að 44 tímar

1 GB | 2 GB | 4 GB
14.900,- | 19.900,- | 27.900,-



PS42C7HX

42" Plasma

sjónvarpstæki

13 myndvinnsla sem skilar
549 milljörðum lita
Upplausn: 1024x768 contrast
10.000:1 HDMI tengi
2 x scart og PC tengi.
Sjónsvið er 175° x 175°
borðstandur fylgir

Verð: **249.900,-**

Jólatilboð



Njótið vöruúrvalsins í 8 ORMSSON



ORMSSON-LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800



ORMSSON-SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800



ORMSSON-SMÁRALIND
SÍMI 530 2900



ORMSSON-RADIONAUST
SÍMI 461 5000



ORMSSON-KEFLAVÍK
SÍMI 421-1535



ORMSSON-MODEL-ÁKRANESI
SÍMI 431 3333



Kynnum með stolti
það allra nýjasta og besta
í veggsjónvörpum

LE40F71BX 
40" LCD sjónvarpstæki
DNle stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1920 x 1080
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1 • Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), USB
Verð: **379.900,-**

LE40M91BX 
40" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari
DNle stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
100 Hz LCD • Contrast: 10.000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178° • Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite
og S-video, USB
Verð: **479.900,-**



Sjónvarpstæki
sem fékk
Eisa verðlaun
fyrir bestu tækni
í baklýsingu



LE40N71BX 
40" LCD sjónvarpstæki
sjónvarpsmóttakari
DNle stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarða lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video, USB
Verð: **339.900,-**



LE40M71BX 
40" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari
DNle stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
100 Hz LCD • Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178° • Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite
og S-video, USB
Verð: **359.900,-**



LE32N71BX 
32" LCD sjónvarpstæki
Verð: **219.900,-**


LE32M71BX 
32" LCD sjónvarpstæki
Verð: **249.900,-**



LE32R71WX 
32" LCD sjónvarpstæki
sjónvarpsmóttakari • DNle stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla - - 12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768 • Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur • Contrast: 3000:1
Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **179.900,-**



Litir: Hvítt / Svart

LE19R71BX 
19" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari; • DNle stafræn myndleiðrétting • Upplausn 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur • Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2 • Sjónsvið 160°/160° • Mynd í mynd (1 tuner) • Tengir: DVI, SCART,
PC(D-sub) • Composit og S-video.
Verð: **74.900,-**



Litir: Hvítt / Svart




LE32R74BDX 
32" LCD sjónvarpstæki
Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
DNle stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla - - 12,8 milljarðar lita • Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 5000:1 • Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **199.900,-**



LE40R74BDX 
40" LCD sjónvarpstæki
Verð: **299.900,-**



Samsung LE23R71BX 
23" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari; • DNle stafræn myndleiðrétting Upplausn 1366 x 768 •
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur • Contrast 2000:1 • Birta:
500cd/m2 Sjónsvið 170°/170° • Mynd í mynd (1 tuner). Tengir: HDMI, Komponent
• SCART x 2, PC(D-sub) • Composit og S-video.
Verð: **109.900,-**



imago i auglýsingastofa i imago.is

verslunum:

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

ORMSSON



ÁRVIRKINN-SELFOSSI
Sími 480 1160



ÞRUSTUR-ÍSAFIRÐI
Sími 456 4751

ormsson.is

Veitingastaður IKEA

Opnum kl. 9:00
mánudaga - laugardaga

Morgunverður
kl. 9:00 - 11:00



195,-

2 rúnstykki, 1 egg, skinkusneið, ostsneið, smjör, sulta og heitur drykkur

Hádegisverður

framreiddur allan daginn



290,-

Grænmetisbuff m/kúskús, grænmeti og graslaukssösu

Kvöldverður

framreiddur allan daginn fram að jólum



590,-

Hangikjöt með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

Þrjár máltíðir = 1075,-



Þú átt allt gott skilið!

IKEA® Restaurant & Café

Leiðtogar Kúrda í Írak æfir út í Íraksnefndina í Bandaríkjunum:

Kúrdar hafna Íraksskýrslunni

BAGDAD, AP Massoud Barzani, einn helsti leiðtogi Kúrda í norðanverðu Írak, brást reiðilega við skýrslu Íraksnefndarinnar í Bandaríkjunum. Hann segir að það muni hafa „alvarlegar afleiðingar“ ef tafir verða á því að ákvarðanir verði teknar um afdrif Kúrdahéraðanna.

„Við ætlum alls ekki að fara eftir þessari skýrslu,“ sagði Barzani, sem er forseti heima-stjórnar Kúrda, sem hefur verið við lýði í fimmtán ár.

Í stjórnarskrá Íraks er ákvæði þar sem segir að efna þurfi til þjóðaratkvæðagreiðslu um afdrif Kúrdahéraðanna fyrir lok ársins



MASSOUD BARZANI Segir að Íraksnefndin hafi ekki tekið neitt tillit til sjónarmiða Kúrda.

2007. Í skýrslu Íraksnefndarinnar segir hins vegar að slík atkvæðagreiðsla geti valdið átökum og því verið að fresta henni.

Barzani gagnrýnir höfunda skýrslunnar fyrir að hafa ekki kynnt sér málin, hvorki heimsótt Kúrdahéröðin sjálfir né tekið mark á bréfi sem hann sendi þeim, þar sem hann útlistaði sjónarmið Kúrda.

„Það virðist sem þeir hafi alls ekki lesið það,“ sagði Barzani, og tók fram að þetta rýrði mjög trúverðuleika skýrslunnar.

Jalal Talabani, forseti Íraks, sem sjálfur er Kúrði, sagðist sammála þessu mati Barzanis.

Slys á Suðurlandsvegi tvöfalt dýrari

Slys á Suðurlandsvegi eru að jafnaði tvöfalt dýrari en slys á öðrum vegum landsins. Þetta segir í nýrri skýrslu Sjóvá sem kynnt verður eftir helgi. Félagið vill leggja og reka nýjan veg og telur unnt að opna hann ekki seinna en árið 2010.

SAMGÖNGUMÁL Tryggingafélagið Sjóvá vill fjármagna, hanna, leggja og viðhalda tvíbreiðum, upplýstum Suðurlandsvegi með aðgreindar akstursstefnur og hefur þegar komið á óformlegu samstarfi við innlenda og erlenda fjárfestingabanka, verkataka, hönnunaraðila, hagsmunasamtök og fulltrúa sveitarfélaga og einkafyrirtækja vegna málsins. Félagið vill hefjast handa strax á næsta ári og telur unnt að opna slíkan veg ekki seinna en árið 2010. Þetta segir í skýrslu sem félagið hefur unnið um málið og verður kynnt alþingismönnum og almenningi eftir helgi.

Í skýrslunni kemur fram að slys á Suðurlandsvegi séu að jafnaði riflega tvöfalt kostnaðarsamari en önnur umferðarslys á landinu og því sé réttlætandi að leggja aukna fjármuni í uppbyggingu vegarins. Þá segir í skýrslunni að langalvarlegustu og dýrustu slysin verði þegar bílar úr gagnstæðri akstursstefnu skella saman. Því megi útrýma með tvöföldun vegarins og því hafnar félagið hugmyndum um lagningu svokallaðs 2 plús 1 vegar yfir Hellisheiði.

Í skýrslunni segir að einkaframkvæmd hafi marga kosti umfram opinbera framkvæmd.



SUÐURLANDSVEGUR Réttlætandi er að leggja aukna fjármuni í uppbyggingu Suðurlandsvegur vegna þess að slys eru kostnaðarsamari þar en annars staðar.

Kostnaður við rekstur vegarins falli alfarið á framkvæmdaaðilann á samningstímanum og hann beri allan ófyrirséðan kostnað, til dæmis vegna kostnaðarsamari jarðvegsvinnu en áætlað var. Þá sé það mikilvægt fyrir einkaaðila að standa vel að framkvæmdinni þar sem allur kostnaður við viðhald á samningstímanum fellur á hann.

Höfundar skýrslunnar telja skuggagjöld, skattgreiðslur sem byggjast á notkun vegarins, líklegstu tekjuleið framkvæmdaaðilans í tilvikum Suðurlandsvegur. Þá segir einnig að eðlilegt kynni að vera að greiðslur ríkisins til eigna vegarins tækju að einhverju leyti mið af tjónatíðni, í formi viðbótargreiðslna ef slysum fækkar.

stigur@frettabladid.is

Unglingar stórtækir í myndbandsgerð:

Vekja athygli á bloggi með myndböndum

MYNDBAND Jóhanna Fleckenstein, forstöðumaður í félagsmiðstöðinni í Víðistaðaskóla, segir að unglingar taki upp myndbönd, klippi og visti inn á bloggsíður á netinu. Þetta geri þeir til að fá athygli og fleiri heimsóknir inn á bloggsíðurnar. „Það eru nokkrar svona síður í gangi,“ segir hún.

Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudag að unglingar hefðu gert myndband þar sem þeir skvettu bensín á vin sinn, kveiktu í og slöktu eldinn á 33 sekúndum. Unnið sé markvisst í því í samvinnu við forráðamenn og skóla að styðja unglingana í því að færa myndbandsgerð þeirra í jákvæða átt.

Fyrirmyndir eru úti um allt, til dæmis hvetja sjónvarpsþættir til fíflagangs, að sögn Jóhönnu. „Auðvitað koma hugmyndirnar úr þessu umhverfi. Unglingarnir sjá að þetta slær í gegn,“ segir hún og telur lítið mál að gera myndbönd, margir hafi aðgang að upptökuvélum og einföldum



ELLEFU SEKÚNDUR Ellefu sekúndur voru liðnar af brunanum þegar þetta skot var tekið. Alls tók 33 sekúndur að slökva eldinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR MYNDBANDINU

klippigræjum.

Valdimar Jóhannsson áhættuleikari segir að það sé stórhættulegt að fást við eld í áhættuleik. Ef réttu efnin séu ekki notuð þá geti það haft hrikalegar afleiðingar. Ef bensín sé notað geti það slast inn í efnid og eldurinn orðið mikill og illviðráðanlegur.

- ghs



FRÍKIRKJUVEGUR 11 Björgólfur Thor Björgólfsson hefur lýst áhuga á að eignast húsið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fríkirkjuvegur 11:
Stærð lóðar torveldar söluna

REYKJAVÍK Áformuð sala Reykjavíkurborgar á Fríkirkjuvegi 11 er nú í biðstöðu. Verið er að skoða nánar hversu stór lóð getur fylgt húsinu sem eins og kunnugt er stendur í norðrenda Hallargarðsins. Framkvæmdasvið borgarinnar hefur sent framkvæmdaráði hugmynd að lausn lóðamálsins.

Sú tillaga mun enn ekki hafa verið rædd á fundum framkvæmdaráðs og er heldur ekki komin á borð borgarráðs sem upphaflega lagði fyrir framkvæmdasviðið í október að undirbúa sölulýsingu fyrir eignina.

Fríkirkjuvegur 11 er um 1.050 fermetrar að stærð.

- gar

BT

Þetta kalla ég sko
FLÖT jó!

32" LCD vegg sjónvarp

4.520**

MD30082
32" Medion LCD vegg sjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready

HD Ready LCD vegg sjónvarp frá snillingunum hjá Medion

HDMI tengi tryggir stafræn gæði

8 millisekúndu svartími og 176 gráðu áhorfsvínkill


Sleep timer (tímarofi) og barnalæsing á tökkum

Veggfesting að verðmæti 13.999- fylgir

32"



FYLGIR



14.297

Denver DVU-1008 DVD spilari, Superman Returns & Da Vinci Code á DVD fylgja!

4.520

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

9.999

Vaxtalaust 12 mán.

119.988

Staðgreitt

37" LCD vegg sjónvarp

6.271**

MD30094
37" Medion LCD vegg sjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready

HD Ready LCD vegg sjónvarp frá snillingunum hjá Medion

HDMI tengi tryggir stafræn gæði

8 millisekúndu svartími og 176 gráðu áhorfsvínkill


Sleep timer (tímarofi) og barnalæsing á tökkum

Veggfesting að verðmæti 13.999- fylgir

37"



FYLGIR



14.297

Denver DVU-1008 DVD spilari, Superman Returns & Da Vinci Code á DVD fylgja!

6.271

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

13.999

Vaxtalaust 12 mán.

167.988

Staðgreitt



KNATTSPYRNUGÓÐ UNGVERJIA Risastór mynd af Puskás var hengd upp á þjóðarleikvanginum í Búdapest við minningarathöfnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Postulín sem gleður – Pillivuyt

Ný sending!
Skotið úrvalið í verslun
okkar að Réttarhálsi 2



- Einstök hönnun
- Mikið úrval
- Frábær ending



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Tundula RV620

Ferenc Puskás jarðsunginn

Einn merkasti knattspyrnumaður sögunnar, Ferenc Puskás, var borinn til grafar á laugardag. Markahrókurinn lést í nóvember og ríkir þjóðarsorg í Ungverjalandi.

UNGVERJALAND, AP Jarðarför ungersku knattspyrnuhjetjunnar Ferenc Puskás fór fram á laugardag. Lýst var yfir þjóðarsorg í Ungverjalandi og fáninn dreginn í hálfra stöng fyrir utan þinghúsið í Búdapest.

Puskás lést úr Alzheimer 17. nóvember síðastliðinn, 79 ára að aldri, en hann var leiðtogi gullaldarliðs Ungverja á sjötta áratug síðustu aldar og vann marga titlana með spænsku risunum Real Madrid.

Knattspyrnumenn víða að úr heiminum komu saman á þjóðarleikvangi Ungverja í gær, sem var nefndur í höfuðið á knattspyrnu-göðinu árið 2002.

Puskás, sem þekktur var fyrir þrumuskot með vinstri fæti, skoraði yfir 600 mörk á ferlinum og

var fyrirliði ungerska landsliðsins á gullaldartímabili þess. Liðið var ósigráð í fjögur ár, en beið loks lægri hlut gegn Vestur-Þjóðverjum í frægum úrslitaleik á heimsmeistaramótinu árið 1954 í Sviss. Leikurinn fór 3-2 og lék Puskás með, þrátt fyrir ökkla-meisli. Liðin höfðu tekist á í riðlakeppninni og unnu þá Ungverjar með átta mörkum gegn þremur.

Með Real Madrid vann Puskás spænsku deildina fimm ár í röð og Evrópukeppnina þrívégis. Fjögur ár var hann markahæstur í deildinni, en alls skoraði hann 324 mörk í 372 leikjum með Real Madrid.

Eftir að Puskás lagði skóna á hilluna þjálfaði hann félagslið víðs vegar um heiminn og loks ungerska landsliðið árið 1993.

steindor@frettabladid.is

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni veidihornid.is



Simms Classic Guide vöðlusett.

Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur. Áralöng frábær reynsla veiðileiðsögumanna á Íslandi tryggir gæðin. Simms Freestone skór með filtsóla. Sterkir skór með góðum ökklastuðningi.

**Jólatilboð
aðeins 38.995.-**



Simms Freestone vöðlusett.

Simms Freestone öndunavöðlur. Mest keyptu öndunavöðlurnar á markaðnum. Simms Freestone skór með filtsóla. Sterkir skór með góðum ökklastuðningi.

**Jólatilboð
aðeins 27.995.-**



Sierra Blackwater vöðlusett.

Sierra Blackwater vöðlurnar hafa reynst frábærlega vel við íslenskar aðstæður. Sierra skór með filtsóla. Léttir og sterkir skór. Vöðlutaska fylgir með.



**Jólatilboð
aðeins 32.995.-**



Sierra Aquatex vöðlusett.

Sierra Aquatex öndunavöðlur úr lipru efni. Áfastar sandhlífar. Sierra skór með filtsóla. Léttir og sterkir skór.

**Jólatilboð
aðeins 24.995.-**



Ron Thompson öndunavöðlusett.

Ron Thompson Aquasafe öndunavöðlur. Ron Thompson vöðluskór með filtpotni. Vatnsheldur Ron Thompson Aquasafe jakki með útöndun.

**Jólatilboð
aðeins 28.995.-**



Ron Thompson neoprenvöðlusett.

Ron Thompson Crosswater neoprenvöðlur og Ron Thompson Aquasafe jakki, vatnsheldur með útöndun.

**Jólatilboð
aðeins 18.995.-**



Hafnarstræti 5

Erfitt að velja?

Gefðu gjafabréf í stærstu veiðiverslun landsins. Þar er úrvalið
Þú sérð jólatilboðin líka á veidihornid.is

- Opið alla daga -



Síðumúli 8

„ORÐRÉTT“

Húmorinn fæst aldrei gefins

„Ég myndi líka hafa ágætan húmor fyrir framtakinu, ef þessi bæklingur væri skrifaður af húmor, en svo er því miður ekki.“

HANNES HÓLMSTEIN GISSURARSON RÆDIR FYRSTA BINDI ÆVISÓGU SINNAR NÓTTIN ER BLÁ, MAMMA EFTIR ÓTTAR NORÐFJÖRD.

Verðandi 4. tbl. desember 2006

Paradís umburðarlyndisins

„Bretar hafa það sjónarmið að pirra sig ekkert á því sem náunganum finnst.“

STEINUNN Í NYLON SEGIR FRÁ FERÐ SINNI TIL BRETLANDSEYJA.

Sirkus, 8. desember

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

KER SÝKNAÐ AF SKAÐABÓTAKRÖFU



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR
Þingmaður Samfylkingarinnar.

Hafa sloppið of vel

„Það er ekkert óeðlilegt við það að fólk leiti réttar síns þegar því finnst það órétti beitt,“ segir Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. Nýlega sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur Ker af kröfu Sigurðar Hreinssonar og greiðslu skaðabóta vegna verðsamráðs oliufélaganna. „Verðsamráð oliufélaganna er alger skandall og hingað til hafa þessi fyrirtæki sloppið allt of vel. Menn lögðu út í verðsamráðið vitandi um ólögmati þess og nú verða menn að axla ábyrgð og þola eftirlitinn án þess að hlaupa í felur. Neytendur verða líka að líta í eigin barm og við mættum vera duglegri að leita uppi verð á ódýrasta bensíninu hverju sinni. Ég fagna nýjum aðilum og aukinni samkeppni á oliumarkaðinn og myndi vilja hafa hana sem mesta. Atlantsólía hefur haft góð áhrif á markaðinn ásamt ódýrari útgáfum oliufélaganna eins og Orkunni, ÓB og Egó. Ég held að þessi nýi dómur verði því miður til þess að draga úr þeim sem vilja kæra verðsamráðið en ég vona að þeir sem eru með næg gögn í höndunum leiti réttar síns í þessu máli. Að mínu mati hefur rannsókn verðsamráðs oliufélaganna gengið allt of hægt og á meðan tapa neytendur í landinu.“

HVAD ER AÐ FRÉTTA? INGUNN SNÆDAL LJÓÐSKÁLD OG ÍSLENSKUNEMI

Ekki vön svona miklu umstangi

„Allt meinlegt. Það glamúrlíf sem fylgir því að vera íslenskt ljóðskáld er ekki svo mikill glamúr,“ segir Ingunn Snædal, en ljóðabók hennar Guðlausir menn vann bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og er tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Fyrsta prentun hennar hefur þegar selst upp. „Ég er ekki vön svona miklu umstangi,“ segir Ingunn. „Þetta er bara ljóðabók og ekkert svo löng. Það væri leiðinlegt ef enginn myndi lesa hana en mér finnst svoltið mikið að fá verðlaun,“ segir metsöluskáldið hógværa, en er þó nokkuð ánægð.

„Maður verður kannski öruggari næst, og það verður líklega eitthvað næst. Það er mikil



af þóstkassinn er fullur af ruslpósti á hverjum degi.“

æfing í auðmýkt að reyna að gefa út ljóðabók og ég var lengi búin að ganga á milli útgefenda áður en Bjartur tók við bókinni.“

Ingunn hefur unnið sem kennari en er nú komin aftur í skóla.

„Ég er ekki að kenna í vetur, þetta er lúxuslíf. Ég er nú að lesa fyrir próf í fornri beygingafræði og get sagt þér margt um u-stofna og o-stofna.“ Ingunn var að lesa upp í Máli og menningu og hjá Samtökunum '78 um helgina og er lítið að undirbúa jól.

„Ég hlakka til að fara heim í Jökuldalinn og komast í fríðinn. Hér er svo mikil sölumennska

LEIKFÖNG

JÓJÓ ER NÆSTELSTA LEIKFANG Í HEIMI

Jójó er talið upprunnið í Kína, en elsta heimildin um notkun þess er mynd á grískum vasa frá því 500 fyrir Krist. Hugmyndir um að það hafi einhverntímann verið notað sem vopn eru nú af flestum taldar rangar. Eina leikfangið sem eldri heimildir eru fyrir eru brúður, en þær hafa fundist í grófum Egypta frá því 2000 fyrir Krist. Brúður hafa fundist í mörgum barnagrófum Rómverja og Forn-Grikkja. Flestar hafa þær verið úr tré, en yfirstéttarborn fengu finni dúkkur.



Bíó og Biblían með Legóköllum

Það er enginn ástæða til að hætta að leika sér með Legó, jafnvel þó að maður sé kominn á þann aldur að margir séu orðnir uppteknir af að búa til börn. Víða um heim eru til áhugafélög Legósafnara, og hafa sumir leikstýrt stuttmyndum eða jafnvel sviðsett alla Biblíuna með Legókubbum.

Brickfest er árleg samkoma full-orðinna Legóáhugamanna og hefur verið haldin síðan árið 2000. Þar getur fólk sýnt „MOC“, eða „My own creation,“ sem sagt Legóverk sem hafa verið sett saman af eigin hugviti frekar en eftir leiðarvís.

En fyrir suma er ekki nóg að búa til skúlptúra, og hefur orðið vinsælt að gera svokallaðar „brick films“, eða kubbamyndir. Fyrsta Legómyndin hét The Magic Portal og kom út árið 1989. Hún var 16 mínútna löng vísindaskáldsaga sem tók rúm fjögur ár að klára.

Fyrirtækið Spite Your Face gerir stuttmyndir þar sem gert er grín að Star Wars, Spider-Man, Space Odyssey og fleiri myndum með Legókubbum, og fylgir ein slík með DVD-útgáfunni af Monty Python and the Holy Grail. Einnig

voru Legókubbar notaðir í myndbandi White Stripes, Fell in Love with a Girl.

Legó-fyrirtækið gaf um skeið út kassann Lego studio, þar sem vefmyndavél fylgdi með. Hún þótti þó svo léleg að flestir kusu að nota hana ekki.

Pólski listamaðurinn Zbigniew Libera varð umdeildur fyrir áratug þegar hann seldi Legóskjur með mótívum úr Helförinni. Öskjurnar voru sýndar á gyðingasafninu í New York árið 2002, og seldust á uppboði á um hálfu milljón króna.

Sá sem hefur ef til vill mesta athygli vakið undanfarið er guðfræðingurinn Brendan Powell Smith, sem byrjaði á því árið 2001 að sviðsetja alla Biblíuna með Legókubbum og má sjá afraksturinn á bricktestament.com. Tveimur árum seinna fékk hann bókasamning, og hefur síðan verið í fullu starfi við hugverk sitt. Þegar hafa sjö prentaðar bækur komið út með myndskreytingum hans, og er allur texti beinar tilvitnanir í Biblíuna sjálfa.

Smith segir ætlun sína að vera að auka þekkingu á texta Biblíunar, en sjálfur er hann trúleysingi. Sumir sanntrúaðir hafa tekið verkum hans vel, og efasemdarmenn hafa einnig fagnað þeim þar sem þeir telja hann benda á fáránleika Biblíunnar.

Sem dæmi má nefna seríuna sem byggð er á lögum 3. Mósebókar, þar sem Legókallarnir meðal annars sýna fram á hvenær skuli grýta fjölskylduna og hvernig skuli meðhöndla stríðsfanga. Nýjasta innlegg Smiths er sagan af Sál konungi, en alls hefur hann gert 2.983 myndskreytingar um efnu Biblíunnar.

valurg@frettabladid.is



BRENDAN POWELL SMITH Guðfræðingur sem er í fullri vinnu við að endurskapa Biblíuna með Legókubbum.



STAR WARS LEGO Legóstuttmyndin The Han Solo Affair naut mikilla vinsælda á netinu og fékk opinberan stuðning Lucasfilm.



KROSSFESTINGIN Ekki jafn blóðug og hjá Mel Gibson en ef til vill engu áhrifaminni.

Morgunverður frá

kl. 9:00 - 11:00

mánudaga - laugardaga



195,-

2 rúnstykki, 1 egg, skinka, ostur, smjör, sulta og heitur drykkur



IKEA Restaurant & Café

Þú átt allt gott skilið!

Legókubbar í lífi þjóðar

Árið 1916 keypti maður að nafni Ole Kirk Christiansen smíðaverkstæði í Billund, og um tveimur áratugum síðar fór hann að framleiða leikfangakubba sem fengu nafnið Lego. Lego þýðir á latínu „að setja saman“, en nafnið er hugsað sem samansláttur af orðunum „Leg godt.“

Eftir stríð hóf fyrirtækið að framleiða plastleikföng og árið 1958 urðu Legókubbarin til í sinni núverandi mynd. Á svipuðum tíma, eða 1956, hófst framleiðsla þeirra héraðs á Reykjalundi.

„Þetta var atvinnuleg endurhæfing fyrir berklasjúklinga til að veita þeim létt störf. Þetta hentaði vel og við fengum mótin frá Lego,“ segir Hlödver Hlödversson, framkvæmdastjóri Reykjalundar. Leikföngin voru þá þekkt undir nafninu SÍBS kubbar, en um 1970 fóru pakkningarnar að verða innfluttar, og festi nafnið Legó sig þá í

sessi héraðs. Árið 1977 var framleiðslu þeirra hætt á Reykjalundi. „Tækjabúnaður varð fjölbreyttari og öflugri og tollalög breyttust og þá borgaði sig ekki lengur að framleiða þá héraðs,“ segir Hjörvar. Reykjalundur hefur þó allar götur síðan verið með heildsölu Lego á Íslandi.

Árið 1968 var Legoland opnað í Billund, og aðrir skemmtigarðar hafa seinna verið opnaðir í Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Nýjar línur bættust við, svo sem Duplo og Fabu fyrir minni börn, geim- og riddaraseríur og svo technic, sem er flóknara dót fyrir eldri krakka. Árið 1997 kom loks fyrsti Legótölvuleikurinn.

Undir lok aldarinnar fór fyrirtækið að framleiða kubba byggða á Star Wars kvikmyndunum. Í kjölfarið hafa fylgt Harry Potter, Spider-Man og nú síðast Batman



LEGOLAND Í DANMÖRKU Legó er nú í mikilli sókn eftir nokkur mögulegar á.

kubbar. Einnig hafa bæst við víkinga og Bionicle-línur, sem er hugarsmíð Legómanna.

„Það eru yfir 100 nýjungar á hverju ári, en grunnöskjurnar svonefndu eru alltaf vinsælastar,“ segir Þorvaldur Stefánsson, sölustjóri Reykjalunds. „En Star Wars hefur slegið í gegn og er nú uppselt um alla Evrópu.“

- vg

Leikbær

Ný sending!



+



Tilboð 14.990 kr.

Fullt verð 3.880 kr. + 16.990 kr.

SKELFIRINN

Vorum að fá nýja sendingu af Skelfinum sívinsæla og af því tilefni bjóðum við hann á frábæru tilboði!

Faxafeni
Sími: 568 4870

Firði, Hafnarfirði
Sími: 565 5605

Kjarnanum, Self.
Sími: 482 4870


Laugavegi
Sími: 551 1135

Mjódd
Sími: 557 9111

Háholti, Mosf. bæ
Sími: 566 5018

Svona erum við

> Heildarvelta í smásöluverzlunum í nóvember og desember 2005*



*Tölur eru í milljónum Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: TJÓN NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR

Tjón stofnunarinnar óbætanlegt

Náttúrufræðistofnun beið óbætanlegt tjón síðastliðið sumar. Fágætir gripir glötuðust þegar rafmagn fór af frystiklefa sem stofnunin hafði haft á leigu í sextán ár. Rannsóknarstarf þrjátíu ára fór forgörðum með þessu. Náttúrufræðistofnun óskaði eftir opinberri rannsókn á málinu í nóvember. Lögreglan rannsakar nú málið og er búist við niðurstöðu á næstu vikum. Málið hefur ákveðinn forgang hjá lögreglunni.

Hvað gerðist?

Fyrir nokkru eignuðust nýir eigendur frystiklefan þar sem Náttúrufræðistofnun geymdi munina.

Heilbrigðiseftirlitið mun hafa haft samband við eigendurna og sagt þeim að þeir hefðu ekki starfsleyfi og ætlunin væri að loka frystiklefunum. Eigendur frystiklefanna munu hafa



hent því sem var inni í klefa Náttúrufræðistofnunar án þess að láta stofnunina vita vegna þess að kjöt gripanna skemmdist þegar frostið fór af klefanum.

Hvers eðlis er tjónið?

Í hólfinu voru sjaldgæfir náttúrugripir, fálkar, emir og flækingsfuglar sem voru aldursmerktir, auk ýmiss konar

sýna. Meðal annars var elsti merkti örn Íslands geymdur þar. Tjónið hleypur á milljónum króna.

Hvað varð um munina?

Hugsanlegt er að munirnir sem voru inni í hólfinu hafi verið seldir á svörtum markaði því hátt verð fæst fyrir sjaldgæfa uppstoppaða fugla eins og fálka og erni. Ekki er vitað hvort rafmagnið fór af frystiklefanum eða hvort einhver tók það af. Yfirmenn Náttúrufræðistofnunar óskuðu eftir rannsókn á málinu því þeir vita ekki fyrir vísu hvað varð um gripina: hvort þeim hafi einfaldlega verið hent eða þeir hafi verið seldir. Niðurstaða rannsókna lögreglunnar mun hugsanlega leiða það í ljós á næstunni.

Heimild: Fréttablaðið/gagnasafn Morgunblaðsins

SPURT & SVAR

AÐGERÐAÁÆTLUN GEGN HEIMILISOFBELDI

Sveitarfélögin geri áætlun

Ríkisstjórnin hefur samþykkt aðgerðaáætlun gegn heimilisofbeldi og gerir ráð fyrir að verkefni sem varða áætlunina sérstaklega kosti um 140 milljónir króna. Sigrún Jónsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Kópavogi, var fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni sem vann áætlunina. Hún segir að aðgerðaáætlunin nái yfir tímabilið 2006-2011. Verkefni fari strax af stað en mesti þunginn í kostnaðinum komi á miðju tímabili og síðari hluta þess.



SIGRÚN JÓNSDÓTTIR fyrrverandi bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Hver á hlutur sveitarfélaganna að vera í kostnaði?

Þetta er bara heildar kostnaðar-ramminn. Það var ekki gengið frá þessu þannig að það væru settar krónur og aurar á hvert sveitarfélag. Aðgerðaáætlunin var samþykkt í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga í september. Sem fulltrúi í nefndinni á ég eftir að funda með nýjum formanni sambandsins, Halldóri Halldórssyni, en hann er nýteknur við. Við munum hittast í janúar til að fara yfir það hvernig stjórnin fleytir þessu máli áfram til sveitarfélaganna.

Hvað er það helsta sem mun mæða á sveitarfélögum?

Það sem snýr að þeim er umsjá með barnaverndarmálum og hvernig haldið er utan um þau. Síðan er það skólakerfið. Sveitarfélögin reka grunnskóla og leikskóla. Þetta verða fyrst og fremst kynningarmál og fræðsla, til dæmis til starfsfólks í skólum, heilbrigðis- og félagsþjónustu sem vinnur hjá sveitarfélögum. Félagsmálaráðuneytið setur fram leiðbeinandi rammaáætlun til að hvert og eitt sveitarfélaganna geti sett sér aðgerðaáætlun og það er spennandi verkefni fyrir sveitarfélögin.



Óeðlileg framkvæmd á sölu ÍAV

Einn bjóðenda í hlut ríkisins í Íslenskum aðalverk-tökum hefur kært íslenska ríkið fyrir framkvæmd sölunnar. Stefnendurnir, Trésmiðja Snorra Hjaltasonar hf. og JB byggingafélag ehf., gera athugasemdir við margt í söluferlinu og ásaka þá sem keyptu hlutinn, formann einkavæðingarnefndar og aðra sem komu að söluferlinu um óeðlilega aðkomu að því hverjir fengu hlutinn.

Útboðið á hlut ríkisins, sem var 39,86 prósent, fór fram um vorið 2003. Byrjað var að taka við tilboðum í hlutinn á fundi einkavæðingarnefndar þann 6. mars. Á sama fundi tilkynntu stjórnendurnir, með Stefán Friðfinnsson, þáverandi forstjóra, í forsvari, að þeir ætluðu sjálfir að bjóða í hlutinn undir merkjum Eignarhaldsfélagsins AV ehf. (EAV ehf.).

Í reglum ÍAV um meðferð trúnaðarupplýsinga segir að „trúnaðarupplýsingar séu aldrei birtar án þess að forstjóri eða sá sem hann tilnefni hafi samþykkt það.“ Því var upplýsingargjöf til annarra bjóðenda, keppinauta Stefáns Friðfinnssonar og hinna stjórnendanna, háð samþykki Stefáns Friðfinnssonar. Að mati stefnenda í málinu setti það Stefán og hina stjórnendurna í mjög óeðlilega stöðu og að þeir hafi vísvitandi haldið að sér upplýsingum varðandi innviði félagsins, fjárhag þess og síðast en ekki síst duldar eignir ÍAV.

Segja öll hin tilboðin ógild

Þegar tilboðsfrestur rann út hinn 21. mars 2003 höfðu fjórir aðilar skilað inn tilboðum: stefnendurnir, EAV ehf., Joco ehf., og Jarðboranir hf. Stefnendurnir halda því fram að öll hin tilboðin hafi verið ógild. Þar ber vitanlega fyrst að nefna tilboð EAV ehf. og stöðu eigenda þess félags sem var nefnd hér að framan. Stefnendur segjast auk þess hafa rökstuddar ástæður til að ætla að Benóny T. Eggertsson, endurskoðandi ÍAV, sem þekkti fjárhagslega stöðu ÍAV



EINKAVÆÐING ÍAV Framkvæmd einkavæðingarrinnar hefur verið kærð. Stefnendur segja að stjórnendur ÍAV, formaður einkavæðingarnefndar, umsjónaraðili útboðsins og margir aðrir hafi haft óeðlilega aðkomu að málinu.

betur en nokkur annar og starfaði við söluferlið, hafi veitt EAV ehf. ráðgjöf um fjármögnun kaupanna auk annarrar aðstoðar á útboðstímanum. Hann hafi því verið vanhæfur til að koma að söluferlinu vegna langvarandi viðskipta-tengsla við eigendur EAV ehf. og framtíðarviðskiptahagsmuna sinna, enda var hann endurráðinn sem endurskoðandi ÍAV eftir að nýir eigendur tóku við.

Landsbankinn var umsjónaraðili útboðsins þangað til að tilboðsfrestur rann út. Þá kom í ljós að Landsbankinn tengdist tveimur tilboðum. Annars vegar hafði bankinn tekið að sér að fjármagna kaup EAV ehf. og hafði því að mati stefnenda mikilla framtíðarhagsmuna að gæta. Auk þess átti bankinn 51 prósent hlut í fasteignafélaginu Landsafli. Eigendur hinna 49 prósentanna voru ÍAV. Þegar EAV ehf. eignaðist síðan ÍAV að fullu seldu þeir Landsbankanum

hlut sinn í Landsafli.

Fulltrúi Landsbankans í söluferlinu var Sigurður Atli Jónsson. Sigurður Atli var skráður sem fruminnherji í Atorku hf. og sat í stjórn þess fyrirtækis. Atorka hf. átti á þessum tíma ráðandi hlut í Jarðborunum hf., einum bjóðenda í hlut ríkisins í ÍAV.

Joco ehf. var í eigu Jóns Ólafssonar, sem sat í stjórn ÍAV. Stefnendur vilja meina að Jón hafi klárlega haft stöðu innherja og því hafi tilboð hans ekki átt að vera gilt.

Óeðlileg aðkoma formannsins

Stefnendur segja aðkomu Jóns Sveinssonar að söluferlinu vera afar óeðlilega. Jón sat og situr sem fulltrúi Framsóknarflokksins í einkavæðingarnefnd og er þar einnig formaður. Þegar sala á hlut ríkisins í ÍAV átti sér stað sat hann einnig sem stjórnarformaður í stjórn ÍAV. Þar starfaði hann náð

með stjórnendum fyrirtækisins, þeim hinum sömu og keyptu á endanum hlut ríkisins. Jón hafði tvívegis lýst sig vanhæfan á fundum einkavæðingarnefndar til að koma að málinu vegna þessara tengsla áður en útboðið hófst. Ekki eru þó til bókanir af fundunum um að hann hafi vikið af þeim.

Jón hafði auk þess forgöngu að kynningu á starfsemi ÍAV fyrir hugsanlegum bjóðendum vegna forfalla stjórnenda fyrirtækisins. Í stefnunni segir að þeim hafi verið það sérlega eftirminnlegt að á kynningarfundum hafi verið dregin upp fremur dökk mynd af rekstri ÍAV og því haldið fram að haldbært fé úr rekstri félagsins hefði verið neikvætt um mörg hundruð milljónir í mörg ár. Stefnendur byggðu síðan tilboð sitt á þessum upplýsingum.

Árið 2003, eftir kaup stjórnendanna á félaginu, sölu á Landsafli til Landsbankans og endurmatið á Blikastaðalandinu, varð haldbært fé félagsins hins vegar skyndilega jákvætt um tæpa tvo milljarðar.

Stefnendur segja að að Jón Sveinsson hafi séð hag sinn í því að ákveðnar eignir, EAV ehf., myndu eignast félagið. Þar benda þeir helst á að lögmannsstofa Jóns Sveinssonar hafi um árabil unnið í þágu ÍAV og því hafi talverðir framtíðarhagsmunir hans verið háðir því hverjir eignuðust félagið. Hann starfar enn fyrir ÍAV og var endurkjörinn stjórnarformaður eftir að nýir eigendur höfðu gengið frá kaupunum.

Dulin verðmæti Blikastaða

Stefnendur nefna sérstaklega Blikastaðaland í Mosfellsbæ, byggingarland sem ÍAV eignaðist 1999, sem dæmi um duldar eignir félagsins sem hafi ekki verið rétt metnar í ársreikningum þess.

Samþykki á aðalskipulagi svæðisins lá ekki fyrir þegar salan á hlut ríkisins í félaginu gekk í gegn, en var samþykkt í október sama ár. Stefnendurnir halda því fram að landið hafi verið vísvitandi vanmetið í ársreikningum ÍAV og að stjórnendur félagsins, þeim hinum sömu

og keyptu það, hafi verið fulljóst hversu mikil verðmæti væru fölgín í landinu.

Sumarið eftir að salan á ÍAV hafði verið frágengin var Blikastaðalandið endurmetið á tæpa þrjátíu milljarða króna. Stefnendurnir vilja meina að stjórnendur ÍAV hafi beitt vafasömum reiknikústum til að greiða sjálfum sér í kjölfarið 2,4 milljarða króna á árinu 2004 í uppsafnaðan arð frá árinu áður. Sú arðgreiðsla er hærri upphæð en sú sem þeir greiddu fyrir hlut ríkisins í ÍAV,

en verðmiðinn á honum var um 2 milljarðar króna.

Telja stefnendur að nýir eigendur ÍAV hafi ráðgert þetta frá byrjun og nýtt sér þekkingu sína á innviðum félagsins, innherjastöðu sína og vanmetnar duldar eignir til að gera kaup sín möguleg. Þeir hafi haft aðgang að ógrynni upplýsinga sem stóðu ekki öðrum bjóðendum til boða. Því hafi kaupin á hlut ríkisins í raun verið fjármögnuð með eignum ÍAV og skuldsetningu félagsins.



FRÉTTASKYRING
ÞÓÐUR SNÆR JÚLÍUSSON
thordur@frettabladid.is

HVERN HEFÐI GRUNAD AD JÓLAMYNDIN Í ÁR VÆRI
GRÍNMYND EFTIR LARS VON TRIER MEÐ
FRÍÐRIKI ÞÓR FRÍÐRIKSSYNI?

"BRÁÐFYNDIN!"

- JAMES ROCAROLS, CINEMATTRACTION


FRÍÐRIK ÞÓR
FRÍÐRIKSSON

JENS
ALBINUS
(Órninn, Idioterne)

BENEDIKT
ERLINGSSON

THE BOSS OF IT ALL

GRÍNMYND EFTIR LARS VON TRIER



SÝNINGAR HAFNAR Í REYKJAVÍK OG DANMÖRKU

græna
ljósið

Ef illa blandast geta peningar og stjórnsmál verið göróttur kokteill.

Umferðarreglur stjórnsmálanna

JÓN KALDAL SKRIFAR

Mikil tímamót urðu í stjórnsmálaráði landsins um helgina þegar Alþingi samþykkti lög um fjármál og upplýsingaskyldu í stjórnsmálastarfsemi.

Hér eftir eiga kjósendur að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um hvernig flokkar fjármagna starfsemi sína og hvaða fyrirtæki leggja þar hönd á plóg. Einstaklingar geta eftir sem áður stutt flokka og frambjóðendur persónulega í skjóli nafnleyndar, en sama gildir um þá og fyrirtæki, styrkurinn má ekki vera hærri en 300.000 krónur.

Hér á landi hefur alltof lengi verið ráðandi óþarfa tepruskapur þegar kemur að umræðum um samband peninga og stjórnsmála. Getur þó orðið þar ansi göróttur kokteill ef illa blandast. Í því samhengi má rifja upp sígild ummæli þess gamla refs Ronalds Reagan, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, sem fangaði samband stjórnsmálanna og fjármagnseigenda í hnotskurn með þessum orðum: „Stjórnsmál eiga vist að vera næstelsta atvinnugreinin. Ég hef komist að því að þau eru nauðalík þeirri elstu.“

Nú er það einu sinni þannig að lýðræði þrífst ekki án stjórnsmálaflokka og stjórnsmálaflokka þrífast ekki án peninga til að halda úti flokksstarfi. Leikreglur um það samspil voru því löngu tímabærar.

Jóhanna Sigurðardóttir Samfylkingarkona hefur verið í fararbroddi þeirra sem hafa viljað opna bókhald flokkanna. Framsóknarflokkurinn, undir forystu Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi forsætisráðherra, ákvað í fyrra að ganga til liðs við þá baráttu. Eftir stóðu sjálfstæðismenn einir um þann vilja að viðhalda óbreyttir leyndarhulu yfir því hvernig stjórnsmálmennt fjármagna hluta af sínu starfi. Eins og hefur komið á daginn dugði sá mótþrói ekki einn og sér þegar framsóknarmenn létu af stuðningi við hann.

Þyngsti kostnaður flokka og stjórnsmálanna leggst til í kringum kosningar, hvort sem það eru forkosningar innan flokka eða í almennum kosningum. Auglýsingaherferðir geta í báðum tilfellum hlaupið á mörgum milljónum.

Auðvitað eiga upplýsingar um það hverjir borga brúsann að vera uppi á borðinu. Æ sér gjöf til gjalda segir gamalt og gott málteki sem nær ágætlega utan um af hverju kjósendur eiga kröfu á því að vera upplýstir um hverjir það eru sem kosta baráttu alþingismanna okkar fyrir sætum sínum.

Frumvarpinu, sem samþykkt var um helgina, var mótmælt með ýmsum rökum og vissulega er það ekki gallalaust. Hægt er að taka undir að þak á framlögum einstaklinga og fyrirtækja er óþarft; það er ekki upphæð styrkjanna sem skiptir mestu máli, heldur að upplýst sé að fullu hverjir reida þá af hendi, og enn frekar má gagnrýna að stjórnsmálaflokkarnir verða eftir lagabreytingarnar komnir óþarflega mikið á framfæri hins opinbera.

Hins vegar má vísa því út í hafsauga að ekki hafi verið ástæða til að breyta gömlu leikreglunum þar sem svo auðvelt er að fara í kringum þær nýju. Með þeim rökum væri allt eins hægt að leggja af umferðarreglur vegna þess að svo margir aka yfir hámarkshraða og gegn rauðu ljósi.

Mikilvægast af öllu er að loks hafa verið sett lög um fjármál flokkanna. Líta má á þau sem umferðarreglur fyrir stjórnsmálaráðið og ef menn kjósa að fara á svig við þær vita kjósendur að það er af ásetningi, ekki vegna þess að allt er leyflegt eins og verið hefur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ
 RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir
 FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.
 ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Einn fjárfestir, tveir fjárfest- ar, þrír...

Meðal fjölmiðlamanna er lítið annað rætt þessa dagana en breytingar á fjölmiðlamarkaðnum, hvað svo sem almenningi finnst. Ein af gestaprautunum er að giska á hvaða fjárfestir tengist hvaða útgáfu. Eins og með flestar fjárfestingar í dag er helst rætt um hvort Jón Ásgeir Jóhannesson eða Björgólfsson tengist þessum nýju útgáfum á einhvern hátt. Það kemur því skemmtilega á óvart að það skuli vera Bakkavararbræður sem helst eru nefndir sem bakhjarlar þess að fjölga útgáfudögum Viðskiptablaðsins.


Bleiku blöðin

Ritstjórn vikurits Sigríðar Daggar Auðunsdóttur verður vist að miklu leyti skipað konum og má í þeim skilningi kallast bleikt blað. Hingað til hefur bleika blaðið á íslenskum dagblaðamarkaði verið Viðskiptablaðið en er nú von á fjölgun. Eins og áður hefur komið fram er stefnt að því að Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, verði prentað á bleikan pappír, en einnig er vist hugmyndin að Viðskiptablaði Morgunblaðsins fari að birtast landsmönnum sem bleikt blað.

Ein kona, tveir feministar

Sigríður Dögg náði þeim merka áfanga að vera eina konan sem Egill Helgason taldi vera nógu markverða til að fá til sín í Silfur Egils nú í gær. Eins og hann sjálf sagði byrjaði hann þáttinn með mikilli fjölbreytni, eða fjórum lögfræðingum. Sigríður var þó ekki eini feministinn í hópnum því þar var einnig staddur Atli Gíslason sem hefur sýnt það svo um munar að það þarf ekki að vera kona til að vera feministi. Bjarni Harðarson mætti svo í þáttinn skömmu síðar og varð þá vinsælasta viðkvæðið í þættinum: Bjarni, leyfðu mér nú að klára!

svanborg@frettabladid.is



Umskiptingar Framsóknar

Þingmönnum Framsóknar hefur orðið tíðrætt um traust og vantarast á stjórnsmálaflokkum. Vafalítið slæðist í hugskoti þeirra sú staðreynd að þingflokkur Framsóknar hefur tætt af flokknum töluvert meira en helming kjörfylgis. Ástæða þess að Framsókn er rúin fylgi er auðvitað vingulsháttur og stefnuleysi þingmanna flokksins í lykilmálum. Flokkur sem sveiflast einsog jójó milli öfuga tapar trúnaði fólks, jafnvel þeirra sem þó hafa fylgt honum í blindni í langri hríð. Írak og háeffun Ríkisútvarpsins eru verstu dæmin. Þau hafa kostað flokkinn mest.

Írak og pólitísk ábyrgð Framsóknar

Skírasta dæmið um pólitískt staðfestuleysi Framsóknar er auðvitað Íraksmálið. Í upphafi stóð þingflokkur Framsóknar allir sem einn gegn því að styðja innrásarstríð gegn Írak. Þá gerðust þau undur að þáverandi formaður Framsóknar gjörbreytti afstöðu flokksins til innrásar á aðeins einni viku. Þingmenn flokksins urðu samseki með þögninni. Þessi óvænta kúending sleit bændin milli þeirra og grasrótarianna, sem tærðist burt eins og lauf að hausti.

Nýr formaður, Jón Sigurðsson, reyndi – en mistókst – að skafa smán Íraks af enni Framsóknar. Í frægu viðtali við Helga Seljan varði hann ákvörðun Halldórs Ásgrímssonar. Tæpast er hægt að túlka það öðru vísi en svo, að Jón hefði í sömu sporum stutt innrásina. Í haust virtist hann stunginn snert af tímabundinni iðrun. Á fundi miðstjórnar Framsóknar talaði hann eins og stuðningurinn við árásarstríðið gegn Írak hefði verið mistök. En iðrun Framsóknar reyndist skammvinn. Það kom í ljós viku síðar á Alþingi þegar þingmenn spurðu Jón út í ummælin. Svar hans var á þá lund að menn hefðu ráðið of mikið í þau!

Er hægt að tala um meiri vingulshátt í jafn afdrifaríku máli?



ÓSSUE SKARPHÉÐINSSON
 Í DAG | Vingulsháttur

Vingulsháttur og tilviljana- kenndar stefnubreytingar Framsóknar, ekki síst í RÚV- málinu, eru ekki líklegar til að endurheimta tapað traust kjósenda.

Þrjár afstöður á jafn mörgum mánuðum.

Vingulsháttur varðandi RÚV

Þingmenn Framsóknar hafa orðið að sömu umskiptingum í afstöðunni til frumvarps um hlutafélagavæðingu RÚV. Meðan hörðustu frjálshyggjumenn eru teknir að efast berst þingflokkur Framsóknar af offorsi fyrir frumvarpi menntamálaráðherra um háeffun RÚV.

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknar, lýsti sérstökum vonbrigðum með að stjórnarandstöðunni tókst að koma í veg fyrir að Alþingi samþykkti háeffun RÚV fyrir jól. Guðni Ágústsson, varaformaður, reyndi það sem hann gat til að bregða fæti fyrir samkomulag stjórnarandstöðunnar við formann Sjálfstæðisflokksins um að síðasta umræða um háeffun RÚV yrði flutt fram í janúar. Sprekið sem skolaði inn á fjörur þingsins þegar Árni Magnússon og Halldór Ásgrímsson gerðust flóttamenn úr stjórnsmálum, Guðjón Ólafur Jónsson, sárþændi

þingið úr ræðustóli Alþingis um að klára háeffun RÚV sem allra fyrst. Sómakonan Dagný Jónsdóttir lýsti einbeittum stuðningi við frumvarpið, og í sama streng tók Sæunn Stefánsdóttir.

Þetta er flokksmönnum eðlilega óskiljanlegt í ljósi þess, að flokksþing Framsóknar tók í upphafi harða afstöðu gegn því að lúta vilja Sjálfstæðisflokksins og gera RÚV að hlutafélagi. Svo algjörir umskiptingar eru þingmenn Framsóknar varðandi RÚV að Alþingi finnst nú engir sem eru jafn harðir í málinu og þeir. Er nema vona að almennir flokksmenn séu sáróánægðir og yfirgefi flokkinn í hrönnum? Þingflokkurinn hefur tapað trausti kjósenda.

Framsókn rúin trausti

Afstaða þingflokksins verður enn óskiljanlegri í ljósi þess að líklegasta leiðtogaefni flokksins, Björn Ingi Hrafnsson, hefur mörgum sinnum lýst í fjölmiðlum að háeffun RÚV sé í andstöðu við vilja meirihluta flokksmanna og stríði gegn stefnu Framsóknar. Sama viðhorf heyrir hjá flestum þungavigtarmönnum Framsóknar – utan þings. Eina skýringin sem ég sé hugsanlega á þessum algjöru umskiptingum nýs formanns og ungra þingmanna Framsóknar gagnvart háeffun RÚV er að þau séu sameiginlega að byggja víglínu gegn Birni Inga og sterkum stuðningsmönnum hans, og það séu yfirvofandi átök um forystu sem ráði óskiljanlegum umskiptingum þingmannanna í málinu.

Vingulsháttur og tilviljana- kenndar stefnubreytingar Framsóknar, ekki síst í RÚV- málinu, eru ekki líklegar til að endurheimta tapað traust kjósenda. Flokkur, sem hrekst undan pólitískum vindum, verður eins og rötlaust þang, og veðrast að lokum burt. Þess vegna er Framsókn hrununir 18% í 8%.

Whale Foods

UMRÆÐAN

Hvalveiðar

Skelfilegar fréttir þær að hin virta Whole Foods keðja í USA sé að missa áhugann á viðskiptum við Ísland vegna hvalveiða. Leiðinlegt til þess að hugsa að eitt mest spennandi viðskiptatækifæri síðari ára sé að kafa í fæðingu. Íslenskar landbúnaðar- afurðir eru á heimsmeilíkvörð og áhugi Whole Foods, matvörukeðju sem leggur áherslu á ferskar og lífrænt ræktaðar afurðir, gaf fögur fyrirheit um nýtt upphaf fyrir íslenska bændur.

Í Bandaríkjunum er hvergi jafn ör vöxtur í matvælaíðnaði eins og í þeim lífræna. Íslenskir bændur og garðyrkjumenn sem bíta við lífræna ræktun af ýmsu tagi fá lítinn stuðning frá hinu opinbera. Eftir því sem samkeppni eykst með afnámi tolla á heimsmarkaði færast von bændu um blómlegar sveitir á lífræna og heilnæma gæðavöru.

Veislumatinn okkar væri hægt að selja sem lúxusafurðir á erlendum markaði. Það skortir framsýni og sjávarútvegsráðherra hlýtur að naga sig í



ODDÝ STURLU- DÓTTIR

handarbökin nú þegar samningur um kaup Whole Foods á íslenskum fiski er einnig í uppnámi. Hann verður vist að snúa sér að Whale Foods keðjunni – ef hún er þá til. Var einhver að tala um að fórna minni hagsmunum fyrir meiri?

Hvalveiðarnar eru þegar farnar að hafa áhrif á ferðamannaíðnaðinn sem þó er ein af mest vaxandi atvinnugreinum Íslands. Því er spáð að milljón ferðamenn muni heimsækja Ísland árið 2015, túrismi er alvöru byggðastefna, túrismi er framtíðin. Lífrænt ræktuð matvæli eru og munu verða í sókn og þar á Ísland vitanlega að koma sér í fremstu röð, með afurðir sem auglýsa sig hér um bil sjálf- ar.

En landbúnaðarráðherra hefur lítinn áhuga á þeim, hann er búinn að lýsa því yfir hver er hans þjóðarréttur og hvar metnaður hans liggur – í hinni íslensku pylsu. Verði honum að góðu en ég bið frekar um nýja ríkisstjórn með metnað, framsýni og ímynd landsins í fyrirrúmi. Eina ríkisstjórn með öllu.

Höfundur er varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Jólatilboð í Bohemia Vöruhúsi

Bohemia Vöruhús bjóur upp á fallega stóla, beðninnittingar, tau- og leubúnað og hnotuhúsgögn.

Borðstofuborð Natur Ek, stærð: 200x100x76 og 6 borðstofustólar, litir: svartur, hvítur og dökkbrúnn. Verð áður: 169.000,-. **Tilboðsverð: 93.000,-**

Stærkunnlegt borðstofuborð Natur Ek, stærð: 160/240x100x76 og 6 borðstofustólar, litir: svartur, hvítur og dökkbrúnn. Verð áður: 197.000,-. **Tilboðsverð: 113.000,-**

BOHEMIA
 Bohemia Vöruhús • Askarhlíð 2 • 201 Kópavogur • sími: 344-2290 • Opnunartími alla daga frá kl. 9:00-18:00

EKKI ERU ÖLL FÖLL TIL FJÁR

Við hvaða aðstæður eru húseigendur skaðabótaskyldir ef einhver dettur í hálfu á lóð þeirra?

HÚS 4



Allt fasteignir


ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[HÚS]

Yfirleitt borgar sig að kaupa gæðaverkfæri. Þau endast lengi, gefa betri árangur og eru oftast mun öruggari í notkun.



FASTEIGNASÖLUR

Ás	10-12
Árborgir	13
Draumahús	9
Eignastýring	17
Fast. og fyrirtækjasalan	7
Lögmenn Suðurl.	8, 16
Múli	8
Neteign	15
S.L.I. ehf	6
Smárin	13
Valhöll	15

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
11. desember, 345. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík 11.09	13.21	15.33
Akureyri 11.22	13.06	14.49

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Fyrsta hugmyndin að glæsihúsi í Óskjuhlíð kom frá Jóhannesi Kjarval.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eitt helsta kennileiti höfuðborgarinnar

Perlan er nútímaleg bygging byggð á gamalli hugmynd.

Fyrstu hugmyndir um byggingu glæsihúss á Óskjuhlíð eru frá árinu 1930 og koma frá meistara Jóhannesi Kjarval. Vildi hann byggja höll eða musteri og að veggir þess yrðu þaktir spegilhellum svo að norðurljós-in gætu nálgast fætur manna. Þá átti að skreyta þakið kristöllum í allavega litum og ljóskastari átti að vera efst á mæninum sem lýsti út um alla geima. Svo virðist sem með nokkurri nákvæmni hafi verið stuðst við lýsingu Kjarvals á draumahöllinni við hönnun Perlunnar sem vígð var árið 1991.

Perlan er orðin samofin sál höfuðborgar-

innar og er eitt helsta kennileiti hennar. Fyrsta hæðin, Vetrargarðurinn, er mikið notaður fyrir markaði, vörusýningar, lista-sýningar og tónleika. Þá er varla til sá höfuðborgarbúi sem ekki hefur gert sér ferð á útsýnispallana til að líta yfir Reykjavík, nágrennbæi og -sveitir.

Veitingastaðurinn á fimmtu hæð er sívinsæll enda umhverfið óviðjafnanlegt, hvort sem er í birtu eða myrkri. Enda hefur Perl-an verið valin í hóp fimm bestu útsýnisveit-ingahúsa heims.

Perlan hefur orðið mörgum ljósmyndurum að yrkisefni og má sjá nokkrar af myndum ljósmyndara Fréttablaðsins á síðu 14.

- sgi

Fyrsta húsið í sex ár

NÝTT PARHÚS VAR TEKIÐ Í NOTKUN NÚ UM HELGINA Í GRÍMSEY.

Hreppsnefndin í Grímsey fékk afhent nýtt parhús um helgina. Það er timburhús sem byggt var á staðnum af verktaka sem á ættir að rekja til eyjarinnar. Nýja húsið verður nýtt sem leiguhúsnæði fyrir fólk sem kemur til starfa í eyrni til lengri eða skemmri tíma, að sögn Brynjólfs Árnasonar sveitarstjóra.

Fyrstu íbúarnir eru þegar tilbúnir að taka við lyklum að íbúðunum tveimur. Í annari þeirra verður fjölskylda og í hinn nokrir einstaklingar. Þetta er fyrsta sinn í sex ár sem nýbygging er tekin í notkun í eyrni en mikil vöntun hefur verið á leiguhúsnæði þar vegna góðs atvinnuástands.



Nýja parhúsið bætir úr brýnni þörf á leiguhúsnæði í Grímsey. Margir komu að smíði þess í sumar, meðal annarra þessir kampakátu Bretar.

MYND/HELGA MATTÍNA

 Myntlán



Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

SPRON Myntlán eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt SPRON Myntlán eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

 spron



Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðrhundará hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimill.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimill - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818



4thfloorhotel

Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

Vetrartilboð

1. nóvember - 1. maí

4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is

1 manns herbergi kr. 5.900
2ja manna herbergi kr. 7.900
Hópar 10+ kr. 5.000 á mann
Helgarferð kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi



Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð



Fríðrik er mjög ánægður með að hafa ákveðið að kaupa Glerslípun og Spegllagerð ehf.

FRÉTTABLAÐID/HÖRÐUR

Upplýstir speglar með sandblásnum myndum

Fríðrik Þ. Stefánsson rekur fyrirtækið Glerslípun og Spegllagerð ehf. ásamt fjölskyldu sinni.

Fríðrik og fjölskylda hans tóku við glerslípuninni fyrir rúmu ári en hún var þá rótgróið fyrirtæki. „Glerslípun og Spegllagerð ehf. var stofnuð árið 1922 af Ludvig Storr og er fyrsta og elsta fyrirtækið í gleri og speglum á Íslandi,“ segir hann.

Reksturinn hefur gengið vel en Fríðrik segir að það hafi verið hálfgerð ævintýraþrá sem varð til þess að hann ákvað að kaupa fyrirtækið. „Mig langaði að skipta alveg um vettvang, kaupa mitt eigið fyrirtæki og prófa að starfa hjá sjálfum mér. Ég fékk góða hjálp frá fyrri eiganda til að byrja með og svo var hér ágætis mannskapur sem hélt vinnunni og það var mikil hjálp í því.“

Allar vörur frá Glerslípun og Spegllagerð ehf. eru sérsmíðaðar fyrir viðskiptavini. „Við erum með alls konar lausnir eins og milliveggi og hurðir úr einföldu gleri, hurðir á innréttingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki og mikið af speglum. Spegllarnir eru allt frá því að vera bara einfaldir og skornir upp í sérsmíði með ljósum.“

Ljósaspeglarnir frá Glerslípun og Spegllagerð ehf. eru mjög sérstakir og hafa verið vinsælir. „Spegllarnir er þróaðir hér í samvinnu við tvö fyrirtæki, Byko og Lumex. Við vinnum þá þannig að spegilfilman er sandblásin úr bakinu á speglinum og búinn til gluggi. Síðan smíðum við álaramma sem er límdur á spegilinn og að lokum eru sett flúorljós á vegginn og spegilinn hengdur yfir þau. Yfirleitt er þetta hugsað þannig að gluggarnir skili ljósinu vel út en sumir hafa viljað fá ferhyrninga eða tígla og stundum höfum við sandblásið alls konar myndir í spegilinn sem ljósin lýsa svo í gegnum.“

Fríðrik segir að hann geri almennt mikið af því að sandblása gler og spegla fyrir viðskiptavini sína. „Ef fólk er með einhverjar hugmyndir, myndir, ljóðlínur eða texta á teikniforriti og sendir okkur, þá getum við sandblásið hvað sem það vill í gler og spegla.“

Fríðrik er mjög ánægður með að hafa ákveðið að kaupa glerslípunina. „Þetta er mjög lifandi, mikið að gera og margir fastir og góðir kunnar. Fólk þekkir náttúrulega þetta gamla nafn og það hefur á sér gríðarlega gott orð fyrir góða þjónustu og vönduð vinnubrögð. Við höfum reynt að



Hefðbundnar tvískiptar hurðir eru alltaf fallegar.



Í Glerslípun og Spegllagerð ehf. er hægt að fá sérsmíðaðar rennihurðir í skápa.



Heilar skápahurðir geta verið góð lausn.

varðveita það alveg eins og mögulegt er og ég held að það hafi gengið ágætlega. Við höfum reynt að hafa stuttan afgreiðslufrest og okkar ánægja felst í því að sjá fólk fara ánægt og koma svo aftur með vini og vanda-menn.“

emilia@frettabladid.is



Ljósaspeglarnir hafa verið vinsælir.



Handlistar
Margar gerðir
Flestar viðartegundir

STIGAR OG HANDRIÐ

Við höfum lausnina, mælum, teiknum, smíðum og setjum upp

Á lager:
Beinir stigar - Loftastigar
Handlistar - Stólpar - Pílárar

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

visir

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

MABEF

Listalagerinn

Mikið úrval af listmálaravörum



JARN&GLER
Járn og Gler ehf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin - S: 5858900
www.jarnkler.is

Sígræna jólatréð
— eðaltré áv eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum þrjú nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Trufar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta



Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Tannabjalla

(*Oryzaephilus surinamensis*)

Tannabjölluætt (Cucujidae)

Tannabjalla er mjög algeng í matvællum um allan heim. Talið er að bjallan hafi borist hingað frá Ameríku og er þekkt í öllum heimsálfum í dag. Tannabjalla er náskyld brauðbjöllum (*Tenebrio molitor*).

Fullorðin tannabjalla er 2,5-3,0 mm að lengd. Bjallan er brún á lit og nafn hennar er til komið af tönnum á frambol hennar en sex tennur eru sitt hvoru megin á frambol hennar og hún því auðþekjanleg. Bjallan er oft kölluð sextannabjalla af þeim sem eldri eru.

Bjallan getur orðið þriggja ára gömul. Kven-dýrið verpir allt að 400 eggjum á ævinni og eru lírfurnar gulhvítar með dökkan haus og um 4 mm að stærð. Þær púpa sig og við venjulegan stofuhita skriða þær úr púpunum sem fullvaxta bjöllur eftir tvo mánuði. Ef hitastig er fyrir neðan 18°C fjölga þær sér ekki.

Lírfur bjöllurnar leggjast á flestar korntegundir, þurrkaða jurtafæðu, súkkulaði og tóbak. Nauðsynlegt er að þrifa húsnæði og henda matvællum sem hún hefur komist í og láta meindýraeyði úða með efni sem er lengi að brotna niður og meindýraeyðar

einir ráða yfir. Þegar úðað er fyrir þessari bjöllu þarf fólk venjulega að vera í burtu í um 4 klst en fólk með öndunarsjúkdóma, astma, ófrískar konur, lítil börn og gæludýr ættu að vera í burtu um 8 klst. Breiða skal yfir fiskabúr og fuglabúr meðan úðað er.

Varnaðarorð

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eitrefnaleysi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitafélagi. Ein og sér hafa starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ekkert gildi. Athugaðu hvort öll skírteini séu í gildi. Félagar í Félagi Meindýraeyða eru með félagsskírteini á sér.

Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagasamtökum gilda ekki á Íslandi.

Heimildir: Upplýsingar og fróðleikur um Meindýr og varnir 2004

Lesendum fréttablaðsins er velkomið að að senda fyrirspurn á netfangið: guðmunduroli@simnet.is



Losnað við óþarfa

Að hafa hluti á heimilinu sem hvorki gleðja augað né eru til gagns, skapar óreiðu og óþarfa fyrirhöfn.

„Nei, en fallett. Takk!“ ... eiga eflaust margir eftir að segja eftir tvær vikur -án þess að meina það.

Eitt af því vand-ræðalegasta við jólin eru vand-ræðalegar jólagjafir. Sérstaklega þegar fólk gefur (af góðum og heilum hug) punt til heimilisins; til að mynda kerta-stjaka, stytta eða vasa. Vitanlega er best að skila slíkum gjöfum um leið og búðirnar opna aftur í stað þess að stilla þessu upp og þjást svo í hvert sinn sem augunum er rennt að þessu fyrirbæri sem fellur enganvegin að þínum smekk.

Heimili fólks á að veita því vellíðan en ekki líta út eins og útibú frá Góða Hirðinum þar sem allskonar skrautmunur ægir saman. Til þess að forða okkur frá því er tilvalið að verða sér úti um pappakassa og í hann skal svo allt fara sem hvorki gleður augað né er til gagns. Á endanum ættu aðeins að standa eftir þeir hlutir sem okkur finnst sannarlega fallegir.

Til að stöðva vítahringinn er sniðugt að gefa bara gjafabréf svo að hver og einn geti valið sér sína skrautmuni sjálfur, eða bara forðast þetta alveg og gefa frekar nudd, leikhúsmíða, sultur, bækur eða tónlist.



KitchenAid

Vertu þinn eigin kaffimeistari með

KitchenAid
ESPRESSO



kíktu á www.ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Temprakon hitajöfnunarsængin



TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.





Jólagjöfin í ár

Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafurur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

www.svefn.is



IQ-CARE
HEILSUKODDAR

Svefn & heilsa
★★★★★

ALLT TIL
INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala
til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00



**GRÆNN
MARKAÐUR**

www.fora.is info@fora.is
Héðarhálsi 2 110 Rvk.
Sími: 535-8500

Nýjar vörur frá Weber



weber

JARN&GLER

Járn og gler ehf - Skútvogur 1H
Barkarvogsm. - www.weber.is

GARÐHEIMAR



Sérstakar aðstæður verða að vera fyrir hendi til að húseigendur séu bótaskyldir, þegar utanaðkomandi aðili dettur á hálkubletti á lóð þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Ekki eru öll föll til fjár né byltur til bóta

Árlega leitar fjöldi manns til slysadeilda hérlendis eftir byltu á hálfu. Sú spurning vaknar við hvaða aðstæður húseigendur eru skaðabótaskyldir detti viðkomandi á einkalóð.

„Meginreglan í þessum málum er sú að menn falla á eigin ábyrgð og áhættu. Sérstök skilyrði verða að vera fyrir hendi til að menn séu bótaskyldir,“ segir Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins.

„Sakarreglan gengur út á að sýna fram á einhvers konar vanrækslu, ásetning eða gáleysi af hálfu húseigenda til að bætur fái greiddar,“ heldur Sigurður áfram.

Sigurður segir nokkur atriði hafa þýðingu þegar saknæmi eigenda er metið. „Máli skiptir hvort þeir hafi gripið til viðeigandi varúðarráðstafana hafi þeir vitað af hættunni. Hvort þeir hafi stráð salti eða sandi á hálkubletti og mokað snjó. Er eigendum hollast að taka alltaf mið af því sem fyrirmyndareigendur gerðu við slíkar aðstæður. Með því móti geta þeir dregið úr líkum á skaðabótakröfu.“

Í sumum tilvikum er hins vegar lítið sem eigendur geta aðhafast til að hindra slys að sögn Sigurðar. „Gefum okkur þá forsöndu að stór-



Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, segir það færast í aukana að menn sækja húseigendur til saka detti þeir á lóð þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hríð skelli óvænt á fimm hæða húsnæði. Í slíku tilfalli er varla við eigendur að sakast þótt hár snjóskafli myndist skyndilega ofan á þaki eða grýlukerti á þakskyggni. Ósanngjarn er að gera þá kröfu að eigendurnir hafi þakið undir stöðugu eftirliti til að hindra slys.“

Sigurður segir síðan skaðabætur vera með tvennu móti. Annars vegar miskabætur, sem er ófjárhagslegt tjón, og eru í lægri kantinum. Bætur fyrir fjárhagslegt tjón eru hins vegar jafn misjafnar og einstaklingarnir sem sækja um þær og taka mið af örorkumati og tekjutapi. Þannig getur verið veru-

legur munur á bótum há- og lágtekjufólks. Sigurður segir bótamál af þessu tagi varla hafa þekkt fyrir tuttugu árum. „Áður fyrr voru menn ekki að elta uppi einhverja sökudólga eftir svona slys og krefja um bætur heldur horfðu frekar í eigin barm og virtust kunna fótum sínum betri forráð,“ útskýrir hann. „Ég geng ekki svo langt að halda því fram að hér sé einhver skaðabótafaraldur eða -fíkn. Afstaða almennings hefur breyst en veðurfarið haldist svipað. Fólk hegðar sér ekki jafn vel í samræmi við veður og það gerði áður fyrr.“

roald@frettabladid.is

**20-65%
AFSLÁTTUR**

JÓLATILBOÐ

Á HÆGINDASTÓLUM MEÐ NUDDI



**55
ÁRA**

**Rúm
Gott**

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

Viðhald skorsteina

Nokkur atriði ber að hafa hugfast svo að múraður skorsteinn virki sem skyldi.

Bankaðu í skorsteininn hér og þar til að athuga hvort múrinn sé laus eða fastur í sér.

Ef hljóðið er holt þarf að hreinsa af allan lausan múr, þrifa vel og múra upp í skemmdina með múrblöndu sem á að vera einn hluti sements á móti fjórum hlutum sands.

Halda verður skorsteininum rökum á meðan hann er múraður. Hornin eru mótuð með því að festa borð á kantinn en þannig verður múrinn réttur á horninu.

Hítastigið þegar múrað er á helst ekki að vera undir 5°C. Í



Skorsteinar geta verið til mikillar þrýði

hlýju og röku veðri verður að vökva múrinn daglega í heila viku eða vefja hann inn í plast.

Heimild: Verk að vinna – Handbók um viðgerðir, viðhald og smíðar.

Betra baðherbergi

NOKKUR ATRIÐI SEM BREYTA BAÐHERBERGINU TIL HINS BETRA.

■ **Regluleg þrif.** Margir vilja trassa það að þrifa hjá sér baðkarið, vaskinn og þurrka af speglunum. Einnota klútar eru heppilegir til starfars. Með því að hafa þá í lokaðri kórðu undir vaskinum er hægt að þurrka blettina jafn óðum og þeir birtast.

■ **Baðlist.** Þar sem við eyðum flest drjúgum tíma ævinnar inni á baði er alls ekki úr vegi að hengja fallega ljósmynd eða listaverk þar upp. Alls ekki hengja upp plakát eða póstkort. Nei, frumgerð í fallegum ramma skal það vera.

■ **Kerti.** Mörg misstór kubbakerti á fallegum silfurlitum bakka eða nokkur ílöng í mismunandi kerta-stjökum. Ef það er gluggi á baðherberginu þá er tilvalið að setja kertin í gluggann. Stemningin verður kósi og falleg.

■ **Handklæði.** Fólk er duglegt að kaupa sér ný fót en handklæði eru almennt eitthvað sem gleymist að endurnýja. Stundum eru þau tusku- leg og gatslitin eða öll í sínum lit og með sitt munstur. Hvernig væri nú að kaupa bara slatta af handklæðum og þvottapokum í sama lit? Rúlla þeim upp og setja svo í fallega bastkórðu á gólfinu.

■ **Gólfmotta.** Loðnar mottur sem



eru sérhannaðar fyrir baðherbergi eru oftast en ekki skítsælar og leiðinlegar. Það safnast ryk í þær og það er leiðinlegt að þvo þetta og þurrka. Hvernig væri að prófa að kaupa mottu sem er ætlað að vera í öðru herbergi.

- mhg



Oftast en ekki þarf lítið til að laga gamla seríu. FRÉTTABLAÐID/HARI

Seríunum bjargað

OFTAST EN EKKI ER ERFITT AÐ FINNA VARAPERUR SEM PASSA Í SERÍU.

Þrátt fyrir að perurnar passi hvað varðar perufjölda og spennu þá geta perustæðin verið erfið. Perurnar passa einfaldlega ekki í seríuna vegna stæðanna.

Þá er hægt að taka perurnar sjálfar úr festingunni (plaststykkinu sem þær standa í) og koma nýju perunni fyrir í því. Þá smellpassar peran í seríuna án nokkurra vandræða.

Nauðsynlegt er að vera viss um að peran hæfi seríunni. Það getur verið að þær séu gerðar fyrir annan straum og verði þá of daufar eða skærar. Ekki er mælt með að gera slíkt þótt það sé ekki beint hættulegt.

- tg



EVOLINE fjöltengið leysir úr flækjunni

EVOLINE fjöltengið er frábær lausn fyrir þá sem vilja losna við snúruflækjur. Fjöltengið er fellt niður í borðplötuna. Þegar þú þarft að stinga í samband lyftir þú því upp og fellir það síðan aftur niður undir borðið.



HEIMILID Í HEILD

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík
Sími 517 0200 • www.heild.is



Mánudagar eru fiskidagar

Komdu og gríptu með þér spriklandi nýjan fisk eða fljótlegan, tilbúinn rétt úr fersku úrvalshráefni. Fjölbreyttar uppskriftir meistarakokkanna okkar tryggja þér sannkallaða fiskiveislu með lítilli fyrirhöfn.



Ævintýralegar fiskbúðir

Hamraborg 14a • Skipholti 70
Höfðabakka 1 • Vegamótum (Nesvegi 100)
Sundlaugavegi 12 • Háaleitisbraut 58-60



Svana
Ingvaldsdóttir
Sölufulltrúi
svana@remax.is



Lóa
Sveinsdóttir
Sölufulltrúi
loa@remax.is



Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali



EINBÝLISHÚS Á SELFOSSI

Stærð 194 fm
Fjöldi herb. 5
Byggt 2003
Verð 33 millj.

Mjög fallett einbýlishús á einni hæð með stórum innbyggðum bílskúr í mjög barnvænu hverfi. Sólfallur er fyrir aftan hús með heitum potti. Fallett parket er á stofu og herbergjum. Flísalagt eldhús með fallettri beyki innréttingu og stórum borðkrók, hiti í gólfi. Útgengi úr stofu og hjónaherb. út á sólfall. Baðherb/hiti í gólfi. Sölufulltrúi: Svana Ingvaldsdóttir gsm: 866 9512 www.svana.is



SNYRTISTOFA - TEKJUMÖGULEIKAR

Þekkt, smart og vel staðsett snyrtistofa til sölu. Vel búin tækjum og tólum, bara ganga inn og byrja að vinna. Frábært atvinnutækifæri fyrir hugmyndaríkt hæfileikafólk. Mjög góð aðstaða og þægilegt umhverfi fyrir viðskiptavininn. Heimasiða, símanúmer og mikil velvild fylgja með. Húsnæðið er í öruggri leigu. Sölufulltrúi: Svana Ingvaldsdóttir gsm: 866 9512 www.svana.is



NJÁLSGATA 87 101 REYKJAVÍK

Stærð : 61 fm.
Verð: 15,6 millj.

Rúmgóð 2ja. herbergja íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Eldhús með hvítri innréttingu, útgengi út á svalir og flísar á gólfi. Stórt hjónaherbergi sem búíð er að skipta í tvö herbergi. Góð stofa með parketi. Baðherbergi með sturtuklefa og flísalagt í hólf og gólf. Þvottahús og geymsla í sameign. Sölufulltrúi: Lóa Sveinsdóttir gsm: 698 8733



KRISTNIBRAUT 69 113 REYKJAVÍK

Stærð : 120 fm.
Bílskýli

Verð: 28,2 millj.
LAUS VIÐ KAUPSAMNING!

Stórglæsileg 3ja herb. útsýnisíbúð með bílskýli. Góð 4,15% lán áh. Eldhús með eikarinnr., innb. ísskáp og uppv. vél sem fylgja með. Góður borðkrókur með útgengi út á svalir. Rúmgóð stofa og borðstofa með hreint frábæru útsýni yfir Esjuna og nágrenni. Hjónaherbergi með góðum fataskápum og útgengi út á suður verönd. Baðh. með eikarinnrét., flísum á gólfi og baðkari. Þvottahús inni íbúð. Geymsla í sameign. Sölufulltrúi: Lóa Sveinsdóttir gsm: 698 8733



TORFUFELL 19

Stærð : 149 fm.
Bílskúr: 23,7
Verð: 32,9 millj.

Raðhús með bílskúr á einni hæð. Þrjú til fjögur svefnherbergi. Stofa / borðstofa með útgengi út í garð. Eldhús með nýlegri innréttingu og þvottahúsi innaf. Baðherbergi með nýlegri innréttingu, baðkari og sturtuklefa. Bílskúr með heitu/köldu vatni, rafmagni og sjálfvirkum hurðaropnara. Parket og flísar eru á gólfi. Húsið lítur í alla staði vel út og hefur verið vel viðhaldið. Sölufulltrúi: Lóa Sveinsdóttir gsm: 698 8733





FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

Fyrirtækjasala Íslands

Björgvin Ó. Óskarsson
Löggiltur leigumiðlari
og eignaskiptalýsandi
Óskar Mikaelsson,
ráðgjafi, atvinnuhúsnæði
og fyrirtæki
Valgeir Kristinnson,
Hrl., Lögg. faseignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtækjasala.is

FYRIRTÆKI TIL SÖLU

Heilsustúdíó - snyrtistofa.

Til sölu þekkt stofa með góðum búnaði og vaxandi starfssemi í rúmgóðu húsnæði. Einn besti tíminn framundan.

Glæsileg hársnyrtistofa

Þekkt stofa í flottu eigin húsnæði, sem getur fylgt í kaupum, en ekki skilyrði. 6 vinnustöðvar og 2 þvottastöðvar. Topp aðstaða. Einstakt tækifæri.

Hverfisverslun Ís-matur-videó.

Glæsilega innréttað hverfisverslun með góða vaxandi veltu. Frábært fjölskyldu fyrirtæki.

PIZZA -staður í austurborginni.

Vinsæll Pizza-staður, vel staðsettur og vel búin tækjum. Gott tækifæri á frábæru verði.

Tæki til matvælaíðnaðar.

Af sérstökum ástæðum er til sölu umboðsverslun með notuð tæki til matvælaíðnaðar. Hefur starfað mjög lengi.

Verð aðeins 1,5 millj.

Bónstöð - vel staðsett.

Til sölu bónstöð í mjög góðu húsnæði, einkar vel staðsett miðsvæðis í Borginni. Nóg að gera. **Mjög gott verð.**

Bílaverkstæði á Höfðanum

Bílaverkstæði í góðu húsnæði, 2 lyftur og góð lofthæð. Allur búnaður sem fylgir í bílavöðgerðum. Ákveðin sala.

Verð aðeins 1,5-1,6 millj.

Þjónustufyrirtæki á netinu.

Til sölu þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í hýsingu og miðlun lífandi myndefnis milli einstaklinga. Búið er að þróa mjög fullkomna tækni og umgjörð fyrir starfsemi. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Lyngháls 200 fm.



Til leigu um 200 fm verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð í nýju glæsilegu húsi á Lynghálsinum. **Laust strax.**

Borgartún 354 fm verslunarhúsnæði.



Til sölu á besta stað í Borgartúni um 354 fm verslunarhúsnæði á 2 hæðum. Húsnæðið er sérlega glæsilega innréttað og hentar undir flesta verslun og þjónustu.

Laugavegur - 423 fm.



Til sölu eða leigu á frábærum stað á Laugaveginum vandað verslunarhúsnæði á tveimur hæðum mikið standsett. Nýr gluggafrontur. Tilvalið undir hverskyns verslunar- og þjónusturekstur. **Laust strax.**

Héðinsgata - Lagerhúsnæði.



Til leigu vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík við Héðinsgötu og Köllunarklettsveg, allt að 3.000 fm. húsnæði sem hentar frábærlega undir lager eða léttíðnað. Möguleiki á 1000 - 3000 fm. Leigist til 2ja ára í senn. **LAUST!**

Glæsilegt 242 fm skrifstofuhúsnæði.



Til leigu í miðbæ Hafnarfjarðar glæsilega innréttað skrifstofuhúsnæði á 5. hæð með frábæru útsýni. Einstaklega vandað og allt til alls þ.m.t. tölvulagnir í stokkum, kerfisloft og vandað tréverk. Láttu þetta ekki sleppa frá þér.

Völuteigur - iðnaðarhúsnæði.



Til sölu í nýju stálgrindarhúsi 1.188 fm iðnaðarhúsnæði, þar af er 98,8 fm milligölf undir skrifstofur. Rúmtak hússins er 6.065 m³ og lofthæð því góð. Möguleiki að tví- eða þrískipta húsnæðinu með góðu móti. Lóðin er rúmgóð 5.457 fm, verður malbikuð, Innkeyrsluhurðir beggja vegna hússins og hægt að keyra þvert í gegn. Tilbúið til afhendingar fljótlega.

Óseyrarbraut - innkeyrslubíl.



Til leigu eru við höfnina í Hfj. Nokkrar stærðir í góðu iðnaðarhúsnæði. 73 fm geymsluhúsnæði með góðri lofthæð og frábær aðkoma. 90 fm innkeyrslubíl með góðri lofthæð, góðri aðkomu. Allt að 750 fm innkeyrslubíl með 3-4 innkeyrsluhurðum og frábæra aðkomu. Rúmgóð lóð.

HVAÐ ER ... VERIÐ AÐ BYGGJA?

Þarfir fjölskyldu- fólks í fyrirrúmi

Einbýlishús rís við Hvannakur 2 í Garðabæ.

Hvannakur 2 er 240 fermetra stórt einingahús, gert bæði úr einföldum og tvöföldum einingum.

Húsið er ætlað fjögurra manna fjölskyldu, með harðviðarklæddri svefnherbergisálmú. Það er fimm herbergja, með tveimur baðherbergjum og alrými, sem samanstendur af stofu, borðstofu og eldhúsi.

Hugmyndin er sú að fjölskyldan geti varið töluverðum tíma saman í opna rýminu. Auk þess snýr það í suðvestur svo kvöldsólin leitar inn í stofu, borðstofu og eldhús. Stæðilegur arinn myndar sér einingu inni í þessu opna rými.

Húsinu fylgir innbyggður bílskúr og flöt, hornlóð. Garðurinn er suðvestan megin við húsið og hugsaður sem eins konar framlenging á alrýminu.

Byggingaframkvæmdir á Hvannakri 2 hófust í maí á þessu ári. Þær ganga samkvæmt áætlun og er ráðgert að þeim ljúki í maí 2007.

Arkiteo ehf., Arkitektastofa Einars Ólafssonar, á heiðurinn að hönnun hússins, Einingaverksmiðjan Borgir smíðaði einingarnar í húsnæðið og GB verktakar hafa umsjón með byggingaframkvæmdum. - *ve*

Hvannakur 2 í Garðabæ er nú fohelt. Áætlað er að það verði tilbúið í maí 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR



Hérna sést Hvannakur 2 eins og húsið kemur til með að líta út fullklárað.

MYND/ARKITEO



Hvannakur 2 er hugsað sem fjögurra manna fjölskylduhúsnæði og í alrými þess getur fjölskyldan átt góðar stundir. Hægt er að skoða fleiri verk eftir Arkiteo á www.arkiteo.is.

MYND/ARKITEO





**FASTEIGNA
MIÐLUN**
GRAFARVOGSS



FÉLAG FASTEIGNASALA
**Opíð virka daga
frá kl. 09:00-18:00
www.fmg.is**



Sverrir Kristjánsson
löggr. fasteignasali
sími 896 4489



Karl Dúi Karlsson
söluumaður
GSM 898 6860



Samtengt söluskrá
Fjórar fasteignasölur
- ein skráning - minni kostnaður -
- margarfarður árangur -
www.hus.is

Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – www.fmg.is



VÖLVUFELL - ENDARAÐHÚS

Fallegt 134,4 fm endaraðhús ásamt 23,5 fm bílskúr. Húsið stendur innst í botnlanga á rólegum stað í Fellahverfi. Flísalagt anddyri m/skápum. Stofa/borðstofa, sjónvarpshol, 3 svefnherb. (hægt að breyta í 4), eldhús m/ nýlegri innréttingu og tækjum, rúmg. þvottaherb./geymsla og baðherb.. Fallegur garður m/sólpalli og garðhúsi. Parket, flísar og dúkur á gólfum. Bílskúr m/rafdrifnum opnara. **V. 29,7 millj.**



KRÓKABYGGÐ - GLÆSILEGT EINBÝLI

Glæsilegt 183,2 fm einb.hús ásamt 47,6 fm tvöföldum bílskúr. Vandaðar innréttingar, innfeld halogen lýsing og góð lofthæð. Gegnheit parket og flísar á gólfum. Baðherb. m/fallegri innr., gufubaði og sturtu. 3 rúmgóð svefnherb. og um 50 fm stofa. Verðlauna garður með 2 sólpöllum, skjólveggjum, heitum potti, markísu, hita í stéttum og bílplani. **Einstaklega fallegt og vel skipulagt hús þar sem engu hefur verið til sparað.**



HJARÐARHAGI - 4RA HERB. M/BÍLSKÚR

Mjög falleg 103,6 fm, 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð ásamt 24 fm bílskúr á besta stað í Vesturbænum. Eldhús flísalagt og með borðkrók. Baðherb. nýlega tekið í gegn, flísalagt í hólfi og gólf, innrétting og baðkar. Þvottaherb. Stofa rúmgóð og björt. 3 svefnherb. og úr hjónaherb. er gengið út á suður svalir. Parket í stofu, holi og öllum svefnherb.. Auka herb. í risi. Sér geymsla í sameign. **Laus við kaupsamning. V. 24,9 millj.**



GVENDARGEISLI - 3JA HERB. SÉR INNG.

Glæsileg 3ja herb., 108,8 fm íbúð á jarðhæð með sér inngang ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Bæði svefnherb. paketið og með skápum. Mjög rúmgott hjónaherb.. Baðherb. með baðkari, innréttingu og flísum á gólf. Flísalagt þvottaherb. Stofan er björt og falleg. Flísalögð verönd og um 30 fm afgirtur sólpallur. Eldhús með fallegri innréttingu og nýlegum tækjum. Parketflísar í holi, stofu og í eldhúsi. **V. 26,5 millj.**



SÓLÝJARÍMI - 50 ÁRA OG ELDRÍ

Glæsileg 3ja herb., 99 fm íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Flísalögð forstofa. 2 rúmgóð svefnherb. með fataskápum. Baðherb. flísalagt í hólfi og gólf, innrétting, hiti í gólf og baðkar. Þvottaherb. og geymsla með glugga er innan íbúðar. Eldhús m/fallegum innréttingum og vönduðum tækjum. Stórar suður svalir með útsýni út af stofunni. Fallegt parket og flísar á gólfum. Mynddýrasími. **V. 24,2 millj.**



STARENGI - 3JA HERB./SÉR INNG.

Glæsileg 3ja herb., 86 fm íbúð á jarðhæð með sérinngang. Anddyri flísalagt, rúmgóðir skápar. Eldhús með fallegri innréttingu, flísalagt er á milli skápa. Stofan er nýtt sem setu og borðstofa. Úr stofunni er gengið út á sér lóð. 2 svefnherb. með skápum. Baðherb. flísalagt og með innréttingu og baðkari. Þvottaherb. innan íbúðar. Fallegt parket og flísar á gólfum. Innfeldar Mahogany hurðir. **V. 20,3 millj.**



LAUFENGI - 3JA HERB.

Björt, rúmgóð og vel skipulögð 83,4 fm, 3ja herb. íbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í Grafarvoginum. Eldhús með hvítri/beyki innréttingu og borðkrók. Gluggar í tvær áttir í eldhúsinu. Stofan er rúmgóð og björt, suður-svalir með útsýni. Baðherb. með glugga, sturtu og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. 2 svefnherb. með fataskápum. Geymsla innan íbúðar. Dúkur á gólfum. **V. 18,2 millj.**



DAGGARVELLIR - 3JA HERB.

Glæsileg 105,9 fm, 3ja herbergja, fullbúin íbúð með sér inngangi af svölum á 3. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýlishúsi í Vallahverfi í Hafnarfirði. Svefnherb. með skápum. 2 geymslur og þvottaherb.. Baðherb. flísalagt, innrétting, vegghengt salerni og baðkar með sturtuástöðu. Afar rúmgóð stofa og borðstofa, suðvestur svalir. Eldhús með borðkrók. Parket og flísar á gólfum. Innfeldar hurðir. **V. 23,2 millj.**



STYKKISHÓLMUR - EINBÝLI

129,6 fm einbýlishús við Lágholtsgötu ásamt 31,2 fm. sambyggðum bílskúr. Aðkoma að húsinu er góð í lokuðum botnlanga. Húsið skiptist í forstofu, stórt sjónvarpshol, þvottaherb., eldhús með rúmgóðum borðkrók, stóra stofu og borðstofu, 3 svefnherb. og baðherb.. Flísar, korkflísar, parket og plastparket á gólfum. Nýleg innrétting í eldhúsi. Nýlegt járn á þaki. Ofna- og raflagnir eru nýlegar. Sólpallur. **V. 20,5 millj.**



SUMARBÚSTAÐUR - HÚSAFELL

27,9 fm sumarhúsið með verönd og heitum potti á rólegum stað við Ásenda í Húsafelli. Rafmagnskynding. Nýbúið er að bera á pallinn og húsið. Stofa og eldhús í einu rými, 1 svefnherb., svefnloft og baðherb., geymsla og sturtuklefi. Húsgögn og tæki fylgja. 1000 fm leigulöð. Heiland umhverfi, m.a. sundlaug, leiksvæði, gólfvöllur, verslun, veitingahús, veiðisvæði, hestaleiga og ótal gönguleiðir. **V. 6,9 millj.**

LÖGMENNTI
SUÐURLANDI
480 2900 www.log.is



Austurvegi 3, Selfossi | S: 480 2900 | Fax: 482 2801 Félagsfasteignasala



Gagnheiði 23 0102, Selfossi.
153,2 m² iðnaðarhúsnæði auk 29,5 m² milli-lofts. Húsið er stálgrindarhús, byggt árið 1982, klætt að utan með stölluðu járn. Veggir steyptir í 1,1m hæð. Veggghæð er 4,0 m og mænishæðin 5,2 m. Breidd hússins er ca. 12,2 m. Ágætt innkeyrsluhurð er á hlið hússins. **Verð 15,3 m.**



Sambyggð 8, Þorlákshöfn
78,2 m² íbúð í fjölbýlishúsi að Sambyggð 8 Þorlákshöfn. Fjölbýlishúsið er steinsteypt byggt árið 1981. Íbúðin samanstendur af forstofu m/plastparketi, eldhúsi m/plastparketi og víðarinnréttingu, stofu m/plastparketi og dyrum út á svalir, herbergi m/plastparketi og skáp, herbergi m/ dúk og baðherbergi með plastparketi og lítilli innréttingu. Geymsla fylgir íbúðinni og er hún í sameigninni á neðstu hæð. **Verð 9,7 m.**



Burknaveilir 1a, Hafnarfirði
107,2 fm íbúð á 3. hæð í fjölbýli. Íbúðin samanstendur af flísalagðri forstofu m/skáp, 3 plastparketiðögðum herb. m/skápum, flísalögðu baðh., þvottah., geymslu m/glugga, flísalögðu eldhúsi m/eikarinnréttingu og dökkum mosaik flísum milli skápa, keramik helluborð. Innfeld uppþvottavél fylgir. Innihurðir eru eikarspónlagðar. Sameiginl. hjóla/vagna geymsla við innagang. Stutt í verslun og leikvöll. Gott útsýni úr íbúðinni m.a yfir Kelli og Snæfellsjökul. Hagstæð lán geta fylgt með. **Verð 25,9m.**



Baugstjörn 6, Selfossi.
Snyrtilegt og gott 71,9 fm parhús ásamt 28,1 fm bílskúr. Húsið samanstendur af flísalagðri forstofu m/skáp og hengi, dúklögðu eldhúsi m/hvítri innréttingu og keramik helluborði, parketlagðri stofu m/paníllæddu lofti og dyrum út á verönd, tveimur dúklögðum herbergjum þar af er annað þeirra með fataskáp og flísalögðu baðherbergi m/hvítri innréttingu og sturtuklefa. Verönd með heitum potti er við bakhlíð hússins og garðurinn er gróinn. Stétt og innkeyrsla framan við húsið er hellulögð. Bílskúrinn er með máluðu gólf en eftir er að klæða í loftið. **Verð 20,6 m.**



Gilsbakk 10a, Hvalsveli
Svefnálmur hússins verða kofar sem dreift er um þessa gróðurvin. „Þeir verða gerðir úr léttu efni svo að hægt sé að breyta þeim eftir því sem fjölskyldan stækkar og smækkar,” segir Porvaldur. „Kofarnir verða allir með glugga sem vísar upp í himininn svo allir sofni nú með stjörnuþlík í auga.”

Í miðju húsinu verður svokallað vatnarymi. Þar verða fastir hlutar hússins sem allir fjölskyldumeðlimir nýta, til dæmis eldhús, baðherbergi og allsérstök stofa. „Hún verður grafin 2-3 metra ofan í gólfíð á gróðurhúsinu til að fá einangrun frá kulda og hitabreytingum. Þar væri komin 7 til 8 metra lofthæð svo að þetta gæti „lúkkast“ ansi „grand“,“ segir Porvaldur og bætir við að í stofunni væri stór arinn og sófar mótaðir í klöpp eða steypu til að reyna að nota náttúruna á staðnum. „Svo má bara finna einhverjar ferlega flottar pullur ofan á þá, eitthvað „organic“.”

Porvaldur er ekki á því að hafa stúdíó í húsinu. „Nei, það verður bara áfram á sínum stað í Kópavogi.”



SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar. Heimild: Fasteignamat ríkisins.



Íbúðalánasjóður hefur lánað rúmlega 44,6 milljarða það sem af er árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aukin útlán

Almenn útlán Íbúðalánasjóðs jukust um þrjú prósent í nóvember frá því sem var í október.

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs í nóvember voru samtals um 4,7 milljarðar króna. 600 milljónir af útlánum voru til leiguíbúðalána og almenn útlán voru því um 4,1 milljarðar króna. Þetta er um þriggja prósentu aukning frá því sem var í október en alls hefur sjóðurinn lánað rúmlega 44,6 milljarða króna það sem af er árinu 2006. - eó

Brunavarnir heimilanna

HVERNIG BREGÐAST Á VIÐ EF KVIKNAR Í.

Á heimasíðu Brunamálastofnunar hefur verið bætt við nýjum efnisflokkum sem heitir Brunavarnir heimilanna. Þar verður að finna upplýsingar um það hvernig koma megri í veg fyrir eldsvoða og einnig hvernig bregðast skuli við ef eldur kviknar í. Núna í desembermánuði verður vikulega bætt við greinum sem tengjast atriðum sem gott er að hafa í huga í tengslum við jólaundirbúninginn. www.brs.is



Fullkominn svefn

Árið 1852 hóf fjölskylda í litlum sænskum bæ, Köping, að handgera rúm. Fimm kynslóðum síðar eru þau enn að búa til rúm sem af mörgum eru talin vera þau bestu í heimi og hvergi er slegið af kröfunum um þægindi. Hästens rúmin eru einu handgerðu rúmin í heiminum sem eru eingöngu unnin úr náttúrulegum efnum. Það er hvorki einfalt né ódyrt, en árangurinn er óviðjafnanleg þægindi. Ullin heldur á þér hita þegar kalt er en heldur hita frá þér þegar heitt er. Hrosshárin loftræsta raka úr dýnunni. Hörinn kemur í veg fyrir stöðurafmagn. Bómullin gefur rúminu mykt. Viðarumgjörðin er úr furu sem vex hægt norðan við helmskautsbaug og gerir rúmið eins sterktbyggt og endingargott og hugsast getur. Syfjar þig? Komdu í verslun okkar og upplifðu hvernig svefninn í Hästens rúmi er gjöf frá náttúrunni. Við munum örugglega vekja þig fyrir lokun.



Hästens 
since 1852

Gæðavara byggð á 150 ára
senskrif heild nú fánleg á Íslandi.

Verið velkomin.

Hästens verslunin í Reykjavík

Grensásvegi 3

108 Reykjavík
sími 581 1006

www.hastens.com

Glansmynd – eða Guðsmynd Krists?

UMRÆÐAN

Trúarbrögð

Hér birtist á dögnum grein eftir Magnús Jóhannsson, Trú, trúarbrögð og vísindi, með tilraunum hans til að setja fram eitthvað sem hann álitur sannleika (Frbl. 21/11). Lungann af pistlinum fyllir meint sjálfslýsing Guðs, en þetta er í raun „skilgreining“ Magnúsar á eðli Guðs og vilja. Ekki eru þar sparaðar algyðisfullyrðingarnar um alheimsorku og sameðli allra hluta; þar er sá guð látinn hafna greinarmuni réttis og rangs og fólki boðinn skinandi pragmatismi í staðinn, um leið og það fær að vita, að enginn eigi yfir höfði sér eilífa útskúfun, ekki frekar en nokkur trúarbrögð geti verið betri en önnur (!) né einn spámaður öðrum merkari. Hængurinn á öllu þessu er sá, að það var ekki Guð sem talaði þetta úr hirð sinna englaherskara, heldur Magnús nokkur Jóhannsson úr Keflavík. Hann flytur okkur fréttir úr eigin hugskoti, en hvar eru meðmæli hans, staðfesting fullyrðinga hans eða sönnunarnar fyrir boðskap hans? Ef þetta á að heita byggt á röklegum niðurstöðum heimspekings, þá sér þess engan stað í grein hans – hvorki hvað rök varðar né með því að geta slíkra heimilda. Og þótt nokkur (nr. 1, 2, 4, 5) af 9 tölusettum atriðum hans rekist ekki á mína afstöðu (fer reyndar eftir því hvernig þau eru tekin), þá er ljóst að meginkennning hans um Guðdóminn er afar fjarri því að vera kristin.

Jesús Kristur og spámenn Biblíunnar fluttu okkur fagnaðarerindi um einn lifandi, persónulegan Guð, Föður alls sem lifir, gerólíkan flórinni í fjölgyðistrúarbrögðum fornaldar. Boðskapur Jesú og spámannanna, sem ekki

var sniðinn við tízkustefnur, er styrktur og staðfestur með óbrigðulugum, sönnuðum forspám þeirra og kraftaverkum sem einungis gátu verið frá guðlegum mætti komin (Lúk. 7.16, Jóh. 3.2, Post. 2.22 o.áfr.). Þar er boðað hjálpræði Guðs mönnum til handa (Lúk. 2.30–32), umhyggjusams Guðs sem gerir greinarmun á góðu og illu (I.Kon. 3.9 o.áfr., Esek. 44.23, Mark. 3.4, Róm. 2.18), sem leitar hins týnda (Lúk. 19.10) og vill leiða okkur til eilífðarsamfélags við sig, hvorki meira né minna – ekki þó án þess að við gefum okkur honum (Lúk. 14.26–27) og kærleikanum (Lúk. 6.27–36, 10.29–37) á vald. Þar er ekki hlífzt við að boða dóm lif-

enda og dauðra – kristin kenning er engin glansmynd sem fær fólk til að halla sér aftur í hægindi sínu segjandi: Þetta hljómar þægilega í eyrum mínum!

Hængurinn á öllu þessu er sá, að það var ekki Guð sem talaði þetta úr hirð sinna englaherskara, heldur Magnús nokkur Jóhannsson úr Keflavík.

Kristur mætir lesendum á blöðum Nýja testamentisins í orðum sínum og verkum, unz þeir átta sig á þeirri fáheyru kröfu sem hann ber fram: gerið iðrun

(Mt. 4.17, Lúk. 13.3–5), trúið á Guð og trúið á mig (Jóh. 14.1), án mín getið þið alls ekkert gert (Jóh. 15.5), þ.e. í formi sannra góðverka eða ykkur til eilífs hjálpræðis. Hann hafði vald til að fyrirgefa syndir (Lúk. 5.20 o.áfr.) og lét m. a.s. þessi orð falla: „Enginn kemur til Föðursins nema vegna mín“ (Jóh. 14.6) og: „Áður en Abraham varð til, er ég“ (Jóh. 8.58, sbr. 1.15). Hann sagði fyrir um upprisu sína (Mark. 10.34 o.v.), og það varð.

Menn geta hafnað þeim Kristi sem þarna birtist og talar, en fyrir alla muni reynum ekki að útvatna kenningu hans, eins og hún sé fagurmæli og frómar óskir einberar,

eða láta svo heita sem hún sé í ætt við þokukenna algyðistrú eða ofurbjartsýnt sjálfstraust nútímanna. Eins og hann, Orðið eilífa, kom að vitja eignar sinnar að fornu (Jóh. 1.11), þannig mun einnig Mannssonurinn, þ.e. Kristur, að hans eigin sögn, þegar „kraftar himnanna munu bifast, ... koma í skýi með mætti og mikilli dýrð“ (Lúk. 21.26–27), dæma alla menn eftir verkum þeirra og innleiða sitt eilífðarríki (Mt. 25.31–46, Opinb. 21.11–22.5). Engu minni en slíkur er sá, sem gervöll kristnin lýtur sem Drottinn um komandi jól og tilbiður sem frelsara sinn og Guð.

Jón Valur Jensson, guðfræðingur.

AF NETINU

Starfstími Alþingis

Fríðbjörn Orri Ketilsson veltir fyrir sér þinghaldi í dag.

Það er mikilvægt að stytta þinghald eins mikið og hægt er. Einnig er mikilvægt að fækka þingmönnum. Það sem fæst með því eru færri tækifæri sem vitringarnir 63 hafa til þess að hefta frelsi og athafnir okkar hinna sem þeir telja sig eiga að segja fyrir verkum.

Í árdaga snerist þinghald um að gera upp sakir og ræða einföld mál um skiptingu landsvæðis eða samskipti við önnur lönd. Í dag snýst þetta um hvernig þvinga megi fólk til að hætta að borða sykurlu, minnka fituneyslu, hætta að fara út á nöttunni, nota bílbelti, hvernig sement það eigi að kaupa eða hvort SS pylsur séu betri en danskar og því megi ekki heimila á þeim innflutning.

Þetta er löngu komið út fyrir allt sem eðlilegt má teljast. Skattar eru ekki lengur til að fjármagna sameiginleg verkefni heldur til að stýra neyslu fólks og hegðun fullorðinna. Svo mæta þingmenn, eins og mannvinnurinn Helgi Hjörvar, í sjónvarpið og segja að þeir þingmenn útteili árlega svo ótrúlega miklum peningum og að hlutverk þeirra sé svo ótrúlega mikilvægt í samfélaginu að það sé sérstaklega mikilvægt að takmarka aðgengi annarra að þessum kjötkötlum og því þurfi ríkið að halda stjórnmálaflokkum gangandi og hindra aðra til framboðs.

Stundum skilur maður ekki hvernig hlutirnir gátu farið á þennan veg.

Af www.fralshyggja.is/orri



NYLON

... í Mosfellsbæ í dag!

Nylon stelpurnar skemmta í KB banka í Grafarvogi 12. des. kl. 17

Nylon stelpurnar skemmta í útibúi KB banka í Mosfellsbæ kl. 17 í dag.

Skemmtu þér með Nylon í boði KB banka!

Allir velkomnir!

KB BANKI



AUÐUR HARALDS RITHÖFUNDIR
ER 59 ÁRA

Ég hef heyrt margar raunasögur desember-afmælisbarna. Ég vil setja kynlífsbændi í mars til að koma í veg fyrir slíkt.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 11. DESEMBER 1975

Lloydsman siglir á Þór

Á þessum degi árið 1975 sigldi breski dráttarbatúrin Lloydsman tvívegis á varðskipið Þór í mynni Seyðisfjarðar, innan við tvær sjómílar frá landi. Þetta voru alvarlegustu átökin í landhelgis-gæsludeilunni. Þór var á leið út Seyðisfjörð þegar hann rakst á þrjá dráttarbáta rétt við mynni fjarðarinn. Virtust sem skipin biðu komu Þórs. Tvö þeirra sigldu út úr firðinum og Þór í humátt á eftir. Annað skipið beygði skyndilega og sigldi á



Breta fyrir Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir athæfið.

bakborðshlið Þórs. Lloydsman sem hafði haldið kyrru fyrir kom þá öslandi og sigldi á fullri ferð á sömu hlið Þórs. Skipherrarni varðskipsins lét skjóta púðurskotum að Lloydsman sem lét sér ekki segjast og sigldi aftur á Þór. Dráttarbatarnir hörfuðu þegar skotið var á þá föstu skoti en Þór leitaði vars í Loðmundarfirði vegna skemmda. Íslendingar kærðu

MERKISATBURÐIR

- 1872 Buffalo Bill kemur fyrst fram á sviði.
- 1894 Fyrsta bílasýning veraldar haldin í París.
- 1930 Verfall hefst í gamastöð SÍS í Reykjavík, „Garnaslagerinn“.
- 1936 Játvarður, krónprins Bretar, afsalar sér réttinum til krúnunnar til að geta kvenst hinni bandarísku Wallis Simpson.
- 1941 Þjóðverjar lýsa yfir stríði á hendur Bandaríkjamönnum.
- 1946 Barnahjálpi SP stofnuð.
- 1994 Boris Jeltsín sendir rússneskan her inn í Tsjetsjeníu.



ÞEGAR PIPARKÖKUR MÁLAST Hafþór Fannar málaði piparkökur af stökustu list, þó að einhverjar hafi væntanlega ratað í munninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Föndur og jólastemning

Jólafondur er árlegur viðburður í mörgum skólum og leikskólum á landinu. Leikskólinn Hálsaborg er á meðal þeirra sem halda í þennan sið, en börnin þar föndruðu af lífs og sálar kröftum í gær og á þriðjudag ásamt foreldrum sínum. „Jólafondrið okkar er einn liðurinn í for-

eldrasamstarfinu og mjög vinsæll hjá foreldrum,“ sagði Ólög Helga Pálmadóttir, leikskólustjóri Hálsaborgar. „Það er mjög góð þátt-taka, en börnunum þykir ekki síður skemmtilegt að fá foreldrana með sér í leikskólann,“ sagði hún. Vikan hefur verið jólaferðastæðis-vika hjá börnunum á Hálsaborg. Þau hafa bæði bakað piparkökur og skorið út laufbrauð, sem síðan verður borið fram á jólaballi leikskólans. Ólög segir stemninguna yfir jólafondrinu hafa verið afar góða. „Við viljum ekki skapa stress, heldur notalegt, rólegt andrúmsloft,“ sagði hún.



Í JÓLASKAPI Bryndís virtist vera komin í jólaskap þar sem hún sat og föndraði.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN: FAGNAR FIMMTÍU ÁRA AFMÆLI Í ÁR

Umhugað um fortíðina

Tryggingamiðstöðin fagnaði stórafmæli sínu á fimmtudaginn, en þá var liðin hálf öld frá stofnun fyrirtækisins. Óskar Magnússon, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar, segir fyrirtækið á margan hátt óvenjulegt. „Ég hugsa að hér ræktum við fortíðina meira en margir aðrir. Við erum afskaplega stolt af þeirri menningu og þeim anda sem hefur myndast í fyrirtækinu í gegnum tíðina,“ sagði hann. Tryggingamiðstöðin hefur verið til húsa á sama staðnum frá upphafi og eins hafa eingöngu þrjár forstjórar stýrt fyrirtækinu á starfstíma þess. Starfssvið fyrirtækisins hefur þó breyst nokkuð í gegnum tíðina. Í upphafi var starfsemi ná tengd sjávarútvegi en í dag hefur rekstur fyrirtækisins þróast yfir í alhliða váttryggingarþjónustu ásamt fjármögnunarþjónustu. Að sögn Óskars leggur starfsfólk og stjórn fyrirtækisins sig þó fram um að halda í gamla andann.

„Við erum ekki hástemmt félag,“ sagði Óskar. „Þetta er traust og vand- að fyrirtæki og hér ríkir högvært andrúmsloft. Við erum þekkt fyrir það og



HELDUR Í HEFÐIRNAR Óskar Magnússon, forstjóri TM, segir fyrirtækinu vera mjög umhugað um gömul gildi þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



LISTDANS Á SKAUTASVELLI TRYGGINGAMIÐSTÖÐVARINNAR Starfsfólk Tryggingamiðstöðvarinnar vonast til þess að framtíðin marki einungis upphafið að langlífrni hefð.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

góða þjónustu meðal viðskiptavina okkar,“ sagði hann. „Það er ákveðin menning sem ríkir í þessu félagi sem er afskaplega mikilvægt að varðveita og við erum stolt af,“ sagði Óskar.

Í telfni afmælisins ákváðu ráðamenn Tryggingamiðstöðvarinnar að gefa borgarbúum og landsmönnum þeim sem eiga leið um miðbæinn glaðning í formi skautasvells á Ingólfrstorgi. „Okkur fannst að þetta gæti verið skemmtileg tilbreyting,“ sagði Óskar. Hann sagði svellið hafa vakið mikla lukku þegar það var opnað síðastliðið fimmtudagskvöld, og vonaðist til að það myndi gera það áfram. Ýmsar uppkomur verða við svellið í

jólamánuðinum og mega borgarþúar meðal annars eiga von á tónlistartrið- um. Óskar sagðist einnig vona að Tryggingamiðstöðin hefði með framtaki sínu lagt grunninn að langlífrni hefð.

„Þetta var nú meira mál en okkur óraði fyrir. Það þurfti að flytja inn mann til að setja þetta upp og allt,“ sagði Óskar. „Ef þetta yrði varanlegt þyrfti það væntanlega ekki að kosta svo mikið. Ég held það séu einhverjar hugmyndir innan borgarkerfisins um að koma fyrir varanlegum búnaði. Þá gæti svellið verið uppi í svona tvo, þrjú mánuði á ári,“ sagði Óskar.

sunna@frettabladid.is

Rottweilerhundur í hótélrekstur

Rottweiler-hundurinn Þorsteinn Lár Ragnarsson lætur nú til sín taka í hótélbransanum. Fjölskyldufyrirtækið Hótél Keilir í Keflavík



FEÐGAR Á HÓTEL KEILI Þorsteinn ásamt Ragnari föður sínum. Hótélið er fjölskyldufyrirtæki og hefur verið í bígerð í sjó ár.

vík opnar um helgina, en þegar Fréttablaðið náði tali af Þorsteini á föstudaginn var lokautékt fyrir leyfisveitingu að fara af stað.

„Pabbi, Raggi rakari, er þekkt persóna í bænum, en hann varð einmitt sextugur á laugardaginn. Hann keypti lóðina og byggði húsið fyrir tuttugu árum,“ sagði Þorsteinn, sem segir hugmyndina að hótelinu hins vegar vera um sjö ára gamla. „Allir í bænum víta af Hótél Keili, en það trúir því örugglega enginn að þetta muni nokkurn tíma opna, þetta er búið að vera svo lengi í bígerð,“ sagði hann spökur.

Hótélið er næst Leifsstöð af öllum hótélum landsins, og því segir Þorsteinn það tilvalinn áfangastað fyrir fólk utan af landi sem vill slaka á fyrir flug jafnt sem útlandinga. Á barnum á

neðri hæðinni, sem heitir Flexbar, mun ríkjá kúbönsk stemning. Rottweillættarnar virðast því enn vera sterkar, en Havana Club og vindlar voru nánast einkennismerki hundanna á árum áður.

Að hótélopnum lokinni segist Þorsteinn ætla að hella sér í að efla lífið í bænum. „Ég er með fullt af góðum hugmyndum og ætla að leyfa mínu ímyndunaraflinu að blómstra fyrir bæjarbúa,“ sagði Þorsteinn galvaskur.

GLÆÐIR KEFLAVÍK

NÝJU LÍFI Þorsteinn Lár opnar hótél í Keflavík og segist stúttfullur af hugmyndum til að efla mannlíf í bænum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Þegar andlát ber að

Alhliða útfararþjónusta í 16 ár

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.ulfarir.is • ulfarir@ulfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

Afsláttur

HONDA
The Power of Dreams

259 000 000



Dríftu núna

Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V

Dríftu þig núna!



Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
tilboðsverð frá aðeins:

2.890.000 kr.
beinskiptur ES

2.990.000 kr.
sjálfskiptur ES

honda.is



Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseginnleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
Dríftu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Jólin í tæka tíð

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR ÞJÁIST AF ÆVAGÖMLU SAMVISKUBITI



Á hverju ári ætla ég að vera skipulögð og vera búin að öllu helsta jólastússinu í lok nóvember. Njóta svo alls þess sem desembermánuður hefur upp á að bjóða í menningu og annarri skemmtum. Á hverju ári kemst ég svo að því að það er ekki séns að ég nái þessu markmiði mínu. Fyrir það fyrsta er ég bæði haldin frestunarártú og valkvíða og í öðru lagi er desembermánuður svo dimmur og drungalegur að þó að mér væri bókstaflega ekið á gullvagni á tónleika og kaffihús myndi ég sennilega þurfa að berjast við að halda mér vakandi. Í ágúst kaupði ég oft eina eða

tvær jólagjafir og tel mig vera komna í girinn og í ár verði árið þar sem allt muni ganga upp. Um miðjan desember fer ég að leita í skápum og skúffum því ég get bara ekki munað hvar ég setti þessar snemmbúna jólagjafir. En skítt með það, það er jú opið fram eftir svo ég hlýt að geta reddað þessu í tæka tíð ef gjafirnar koma ekki í leitirnar. Jólagjafir, skraut, maturinn, fötin, kortin, smákökurnar eru eitthvað sem ég hlýt bara að redda. Svo vakna ég við það að kominn er tutugasti og eitthvað desember og það er eins og ég hafi verið á annarri plánetu, þar sem tíminn líður sjöfalt hægar.

Seinagangur minn pirrar mig mikið, en það sem pirrar mig

kannski enn meira er þetta dularfulla samviskubit sem vakir yfir mér. Ég skil eiginlega ekki af hverju mér finnst að ég þurfi að hafa allt saman fullkomið, og hvernig aumingjaleg jólagjöf eða ryk í hillum geta eyðilagt þennan fágæta frítíma sem maður fær um jólin. Og mér finnst eins og þetta samviskubit sé ævagamalt og það tilheyri mörgum kynslóðum af konum sem hafa á undan mér á hverju ári ætlað að hafa allt tilbúið í tæka tíð, svo þær geti tekið á móti jólnum í rólegheitunum. Sennilega væri það gáfulegast að segja samviskubitinu stríð á hendur og hugsa bara alls ekki um jólin fyrr en eftir 20. des., vitandi að ég mun hvort eð er ekki gera neitt fyrr en þá.



ÆVINTÝRIÐ Í ENGLABORG



JÓLABLAÐIÐ KOMIÐ ÚT!



MÁLUM BÆINN RAUÐAN

100 HUGMYNDIR FYRIR JÓLABÖRNIN



LAGT Á HÁTÍÐARBORÐIÐ



ÁSKRIFTARSÍMI 550 5060 | WWW.VISIR.IS

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Plant besti rokk-söngvari allra tíma

Robert Plant, fyrrum söngvari Led Zeppelin, hefur verið valinn besti rokk-söngvari allra tíma í nýrri skoðanakönnun tímaritsins Hit Parader.

Í næstu sætum á eftir voru Rob Halford úr Judas Priest, Steven Tyler úr Aerosmith og Freddie Mercury heitinn úr Queen.

Athygli vekur að Mick Jagger nær aðeins fimmtánda sætinu og Kurt Cobain úr Nirvana því tuttugasta.



STEVEN TYLER
Söngvari
Aerosmith
lenti í þriðja
sæti í könnuninni.

20 bestu söngvarnir:

1. Robert Plant (Led Zeppelin)
2. Rob Halford (Judas Priest)
3. Steven Tyler (Aerosmith)
4. Chris Cornell (Audioslave)
5. Bon Scott (AC/DC)
6. Freddie Mercury (Queen)
7. Bruce Dickinson (Iron Maiden)
8. Ozzy Osbourne (Black Sabbath)
9. Paul Rodgers (Bad Company)
10. Ronnie James Dio (Dio)
11. Axl Rose (Guns N' Roses)
12. Sammy Hagar (Van Halen)
13. Geddy Lee (Rush)
14. Geoff Tate (Queenrÿche)
15. Mick Jagger (The Rolling Stones)
16. Jonathan Davis (Korn)
17. Roger Daltrey (The Who)
18. Paul Stanley (Kiss)
19. David Lee Roth (Van Halen)
20. Kurt Cobain (Nirvana)

Miklir persónutöfrar


Tónlistarmaðurinn Robbie Williams hefur átt farsælan sólóferil síðan hann hætti í strákasveitinni Take That. Hann hefur verið duglegur við að halda tónleika og haldið aðdáendum sínum heitum með því, þó svo að hann hafi verið eitt-hvað ósáttur við móttökurnar sem hann fékk hér á landi á sínum tíma.

Þessi nýi DVD-mynddiskur hefur að geyma tónleikaupptökur frá árunum 1997 til 2006 þar sem flakkað er á milli nokkurra tónlistarstaða. Á fyrri disknum syngur Robbie m.a. í Leeds, Slane Castle og Men Arena í Manchester og er áhorfendafjöldinn stundum gríðarlegur, eins og á tónleikunum í Leeds. Hefst diskurinn einmitt á þeim með tilkomumikilli sprengju-sýningu, þó svo að upphafslag Robbie ná ekki alveg að standa undir henni.

Á síðari disknum eru tónleikarnir oftast með færri áhorfendum eins og í Abbey Road og í The Forum. Einnig er sýnt frá Robbie í sjónvarpsþáttum á borð við Top of the Pops með Kylie Minogue og þætti Jools Holland. Einnig er þarna sýnd frammistaða Robbie á Live 8-tónleikunum þar sem hann syngur Angel á eftirminnilegan hátt og nær góðu sambandi við áhorfendaskarann í Hyde Park.

Litlu máli virðist skipta hvort Robbie sé á stórum eða smærri stöðum, hann skilar alltaf sínu. Koma persónutöfrar hans þar að afar góðu gagni.

Helsti galli And Through it All er kannski hversu mikið er flakkað á milli tónleikastaða á fyrri disknum, því þannig getur verið erfitt að halda stemningunni hjá



DVD

And Through it All
Robbie Williams

★★★

Mjög góð heimild um hæfileikaríkan tónlistarmann sem á auðvelt með að ná áhorfendum á sitt band.

áhorfendum. En þar sem þetta er safn með bestu tónleikaupptökum kappans er þetta vel fyrirgef-anlegt. Einnig hefði mátt fylgja í umslaginu listi yfir lögin sem Robbie syngur og hvar hann syngur þau.

Fyrir utan þetta er And Through it All mjög góð heimild um hæfileikaríkan tónlistarmann sem á auðvelt með að ná áhorfendum á sitt band með öruggri sviðsframkomu.
Freyr Bjarnason

Fær hundurinn þinn í skóinn?



Landsins mesta úrval af spennandi jólavörum fyrir öll gæludýr!

DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668
Skútuvogi 16 s:5680020 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is



Kl. 9.00


Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin *Mynd mín af Hallgrími þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir henni.*

menning

menning@frettabladid.is

Metsala á Listahátíð

Miðasala á þrjá stórviðburði Listahátíðar í Reykjavík hófst fyrir viku og fór afar vel af stað. Þegar dagur var að kveldi kominn var ljóst að met hafði verið slegið í miðasölu á viðburði Listahátíðar á einum degi. Eins og við mátti búast er mikill áhugi vegna komu San Francisco ballettsins, sem fjölmargir sáu síðast á Listahátíð árið 2000. Miðar seldust strax upp fyrsta daginn á frumsýningu og er sala miða langt komin á aðrar sýningar. Þá ætla margir augljóslega að nýta sér tvennutilboðið og hlýða á báða einsöngstónleika barítónanna Bryns Terfel og Dmitris Hvorostov-



sky í Háskólabíói í vor. Enn er þó hægt að fá miða á alla þessa viðburði enda sýningar San Francisco ballettsins alls sjö í Borgarleikhúsinu, dagana 16. til 20. maí og sem fyrr segir verða þeir Hvorostovsky og Terfel dag eftir dag í Háskólabíói, 20. og 21. maí, hvor með sína einsöngstónleikana. Miðasalan fer fram á vef hátíðarinnar, www.listahatid.is og í síma 552-8588 alla virka daga milli kl. 10.00 og 16.00.

HELGI TÓMASSON Samdi sérstakt verk fyrir San Francisco ballettinn í telfni af komu hans á Listahátíð.

>Ekki missa af...


jólasöngvum **Kórs Langholtskirkju** um næstu helgi. Auk þess syngur **Gradualekór Langholtskirkju** á tónleikum. Einsöngvarar í ár verða Bragi Bergþórsson, Eivör Pálsdóttir og Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Stjórnandi er **Jón Stefánsson**.

skáldakvöldi **MÍR** á miðvikudaginn. Að þessu sinni verður rætt um **Vladimir Vysotský**, skáld, leikara, tónlistarmann og trúbador.

myndlistarsýningun **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi**. Rjóminn af bandarískri samtímalist fyrir alla áhugasama listunnendur.

NÝJAR BÆKUR

Forlagið Hljóðbók.is gefur úr Brennu-Njáls sögu á hljóðbókarformi í flutningi Hallmars Sigurðssonar. Njála er frægust Íslendinga sagna og margir telja hana bera af þeim öllum. Saga Njáls Þorgeirssonar bónda og höfðingja á Bergþórshvoli og sona hans, Gunnars á Hlíðarenda og Hallgerðar langbrókar hefur fylgt lesendum um aldir. Fleiri nafntogaðar persónur koma við sögu og eru lýsingar þeirra einstaklega lifandi og snjallar. Sagnfræðilegt gildi sögunnar má að sönnu draga í efa, en víst er að helstu persónur hennar voru upp fyrir um 1000 árum og settu svip á sam-tímann með eftirminnilegum hætti. Höfundur Njálu er óþekktur þó ótal getgátur hafi verið uppi um hver hafi skrifað hana, elstu handrit sögunnar eru frá um 1300. Njála birtist hér í nýjum búrningi á hljóðbók með áhrifamiklum lestri Hallmars Sigurðssonar leikstjóra. Lesin er útgáfa Svarts á hvítu frá 1987 með síðari breytingum. Umtökur fóru fram hjá Hljóðvinnslunni ehf.



Waring blandarinn er hin upprunalega mulningsvél frá Ameríku. Tveggja hraða motorinn er kannski öflugri en eldhúsið þarf, en hann fer líka létt með erfiðustu verk. Bara massíft stál og gler! Auðveldur í þrífum, bara að setja könnuna í uppþvottavélina.

Verð frá kr. 17.900,-

Útsöluastaðir:

Verslunin KAFFIBOÐ

Á horni Grettisgötu og Barónsstígs.

www.kaffibod.is

Artform Skólavörðustíg 20
Búsáhöld Kringlunni

Einu sinni átti ég gott

Út er komin vísnaþók frá gömlum tímum til nýrra, studd hljóðritunum á tveimur geisladiskum hjá forlagi Smekkleysu SM ehf. í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar.

Bókin er myndskreytt og lýst af Halldóri Baldurssyni, þeim afkastamikla teiknara og er fyrir börn á öllum aldri: hér er allt frá bænnum og vöggvísunum til grimmdarlegar grýlukvæða og annars fælukveðskapar.

Rósa Þorsteinsdóttir hefur tekið safnið saman og búið það til prentunar. Hún átti líka sinn drjúga hlut í Röddum, tveimur geisladiskum með broti úr stóru safni hljóðritana Árnastofnunar sem Andri Snær Magnason rit-höfundur kom á koppinn fyrir tíu árum og komu út 1997. Nú nú árum síðar er róid á sömu mið, sótt í bankann mikla sem sumpart dáið hefð kveðskapar í lifandi minni var.

Saga söfnunar á kveðskap af þessu tagi varð í sama tíma og Jón Árnason og Magnús Grímsson tóku að draga saman þjóðsögur í sitt mikla safn; plássleysi leiddi til þess að Ólafur Davíðsson tók safn þeirra yfir og gaf út, en þessir menn söfnuðu lifandi sögum og kveðskap á bækur frá miðri nítjándu öld.

Seinna tók Bjarni Þorsteinsson að taka saman sönglöggin sem kveðin voru með skáldskap af þessu tagi og færa þau á nótur. En eins og Smári Ólafsson sagði í útgáfum Radda var erfitt að skrifa nótur um margt af þessum söngli. Hljóðritun var eina varð-



RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR Það leynd margar gersemar í hljóðritasafni Árnastofnunar FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

veisluformið en tæknin var ekki burðug: Jón Pálsson tók upp á vaxhólka 1903-1912 og sama form notaði Jón Leifs í sínum hljóðritunum 1926 og 1928.

Ný kynslóð tekur við að skrá söng um 1960 og það eru mest hljóðritanir þess hóps sem eru á diskunum tveimur sem fylgja Einu sinni átti ég gott: Hallfreðs Arnar Eiríkssonar, Jóns Samsonarsonar og Helgu Jóhannsdóttur

sem voru ötul á árabílinu frá 1969 til 1973 og björguðu ómetanlegum heimildum á þessum tíma. Allt efnið er nú komið á geymslubönd og þarf að setja í stafrænt form: á tólfta þúsund atriða var þar geymt þegar Raddir komu út.

Bók og diskar minna á að safnarar og safnverðir eru stöðugt að vinna verk okkur öllum til heilla og á endanum verður viðbítið sem við setjum á vort daglegt brauð

Heimspekt leikskáld setja stríðið á svið

Tvö öflugustu leikskáld sinnar kynslóðar, Garyl Churchill og David Hare, svo ólík sem þau eru, hafa frumsýnt ný verk beggja vegna Atlantsála: Churchill í London og Hare í New York.

Verk Churchill var frumsýnt í fyrri viku í London. Verk hennar hafa ekki sést mikið hér á landi þó hún teljist einn merkilegasti höfundur sinnar kynslóðar í hópi enskumæltra leikskálda. Nýja

verkið ber hinn sérkennilega titil „Drunk enough to say I love you“ sem má útleggja Nógu fullur til að segja ég elski þig. Og það eru tveir karlmenn sem eru saman á því – og eru saman. Og líkingin segja gagnrýnendur að sé augljós: þetta eru Bandaríkjamadurinn Sam – Uncle Sam – og Bretinn Jack – Union Jack. Þeir hanga í lausu lofti í sófa og láta vel hvor að öðrum meðan þeir liggja í örur

um að sprengja þennan stað á jarðarkringlunni eða hinn, samband þeirra er svo sérstakt.

Rétt eins og er í flestum verkum Churchills, skerast setningar í sundur, rjúfa hver aðra, málhugsun er tætingslegt stríð um hver hefur orðið svo úr verður straumur af setningabrotum. Gagnrýnendur hafa fundið að einfeltningslegri pólitík verksins sem gangi frá því í grunninn að Ameríka sé Satan í aldingaröð. En að öðru leyti sé verkið snildarlega samið. Drunk enough er sýnt á Royal Court í London.

Hare kaus að frumsýna nýtt verk sitt, Vertical Hour, á Broadway. Hann hefur til þessa nánast alltaf frumsýnt verk sín í London en lenti upp á kant við stjórn Þjóðleikhússins þegar Stuff happens, heimildaverk hans um aðdraganda innrásarinnar í Írak, var tekið úr sýningum í fyrra.

Svo bættist það við að Sam Mendes (American Beauty og fleira) hirti handritið nýja af skrifstofu umboðsmanns þeirra, las og óskaði eftir að setja það á svið – í New York – með Juliette Moore í öðru aðalhlutverkanna. Hare þekkti reyndar til Moore frá því

hún lék í Hours sem hann skrifaði handritið að. Og 30. nóvember frumsýndi hann í fyrsta sinn á Broadway.

Vertical Hour fjallar líka um sameiginlegan arf vinanna, Breta og Bandaríkjamanna, stríðið. Í verkinu takast á Nadia Bly, fyrrverandi fréttamaður í Bosnó og Bagdad og nú kennari í Yale, og eldri læknir, Oliver, sem leikinn er af Bill Nighy, gömlum samstarfsmanni Hare. Fréttakonan sækir lækninn heim á einangrað setur í fjöllum Wales. Hún er kærasta sonar hans. Og þrátt skýrast pólarinn: Kaninn vill skjótar lausnir, Bretinn er tvístígandi, óráðinn. Hún með stríði, hann á móti. Og þau dragast hvort að öðru, eins og oft er í verkum Hare, pólur sem halda spennu sín á milli, aðdráttarafl, en ná aldrei saman.

Gagnrýnandi New York Times segir verkið gamaldags að mörgu leyti og það standi að baki fyrri verkum Hare. Bill Nighy beri sýninguna uppi og sópi bæði filmstjórnunni og höfundinum létt af sviðinu. Sem engan undrar sem þekkir kauða úr Pirates of the Caribbean, Girl at a Café og Love Actually. - pbb



BILL NIGHY Í KVÍKMYNDINI *GIRL IN A CAFÉ* Leikur nú í leikriti David Hare, Vertical Hour.



Jólatilboð Brimborgar

Jólapakkinn í ár

Jólatilboð 2.375.000 kr.*
 Vetrardekk fylgja með,
 verðmæti 80.000 kr.
 Verð án jólatilboðs 2.525.000 kr.



Núna er jólastuð í Mazda sýningarsalnum Bíldshöfða 8. Mazda6 Touring 2,0i 4 dyra sjálfskiptur aðeins 2.375.000 kr.*

Jólapakki á 375.000 og tvær milljónir kr.



Jólatilboð 2.375.000 kr.*
 Vetrardekk fylgja með,
 verðmæti 80.000 kr.
 Verð án jólatilboðs 2.525.000 kr.

Taktu besta jólatilboðinu á Mazda6 fyrir 22.des. Sölu ráðgjafar Mazda á Íslandi eru í jölaskapi þessa daganna og jólasamningarnir fljúga á milli jólabarna.

Besta jólatilboðið: Samtals 230.000 kr. í afslátt Sumir gefa sjónvarp með nýjum bílum. Við gefum þér hinsvegar beinan jólaafslátt: Kr. 150.000. Þú getur þá valið hvað þú gerir við sparnaðinn.

Veljir þú Mazda6 fyrir 22.des. n.k. færðu að auki vetrardekk á stál felgum og hjólkoppa að verðmæti 80.000 kr. - komin undir bílinn og sumardekkinn á álfelgum í skottið.

Samtals 230.000 kr. í jólaafslátt veljir þú Mazda6 fyrir 22. des. n.k

Við erum Mazda
 Komdu í Brimborg

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð hið gengi. Aukabúnaður á mynd: söllu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

AUSTURBÆR

Barna- og unglíngaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.
Lau 9. des kl. 13.00 / Lau 16. des kl. 13.00 / Sun 17. des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800

Hljómsveitin Dúndurfréttir.
Þri 12. des kl. 20.00 *Pink Floyd* / Þri 12. des kl. 22.30 *Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep*
Fim 14. des kl. 20.00 *Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep* / Fim 14. des kl. 22.30 *Pink Floyd*
Miðaverð kr. 3500. Tvennir tónleikar sama dag kr. 5000.

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími: 551 4700 / www.midi.is

ÖÐRUUSI VINARTÓNLEIKAR

Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason

6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress - STRAVINSKY
Frumssýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

GJAFAKORT Í ÓPERUNNA - jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

BJÓÐLEIKHÚSIÐ

Gjafakort í miðasölu og á www.leikhusid.is

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEGI! eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 kl. 20:00 **uppselt**, lau. 30/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 17:00 **uppselt**, lau. 6/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00.

BAKKYNNUR eftir Evripides
Frumssýning 26/12 **uppselt**, 2. sýn. mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.

Smiðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTILA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00 **uppselt**, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 **uppselt**.

Leikhúsoftið

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 16/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, sun. 17/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fös. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, lau. 23/12 kl. 13:00 **uppselt**.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM
INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

FRAMUNDAN

**ÓFAGRA
VERÖLD**

E. ANTHONY NEILSON

FRUMSÝNING 29. DESEMBER
MIÐASALA HAFIN!

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Hörmungarsögur af segulbandi

Óttar Sveinsson hefur um langt árabil, við miklar vinsældir, ryfjað upp slys og hörmungar á legi og í lofti sem hafa sett mark sitt á Íslandssöguna í Útkallsbókum sínum.

Að þessu sinni beinir hann sjónum sínum að hörmulegu flugslysi sem varð þegar Flugleiðavélin Leifur Eiríksson fórst í aðflugi á flugvelli í Kólombó á Srí Lanka árið 1978. Vélin var í pílagrímsflugi og um borð voru þrettán Íslendingar og 249 indónesískir pílagrímar. 183 fórust í slysinu og þar á meðal átta Íslendingar.

Samtöl við þá sem lifðu

Óttar byrjar á því að kynna Íslendingana til sögunnar, bæði þá sem voru um borð í Leifi Eiríkssyni sem og aðra íslenska áhöfn sem beið vélarinnar í Kólombó og var ætlað að taka við vélinni og fljúga henni áfram áður en örlögin settu sitt skelfilega strík í reikninginn.

Bókin er að mestu byggð á samtölum Óttars við þá Íslendinga sem komust af sem og fólk úr áhöfninni sem beið vélarinnar og þurfti að taka á öllu sem það átti þegar það stóð uppi í framandi og frumstæðu landi og reyndi að hjálpa slösuðum félögum sínum eftir fremsta megni.

Viðmælendurnir eru því margir og það gerir frásögnina nokkuð þvælda, sérstaklega framan af, á meðan maður er að átta sig á nöfnum og því hver er hvað. Þetta er ekki síst til komið vegna þess að beinar ræður eru alls ráðandi og skilin milli þeirra verða á köflum svo óljós að einræðurnar renna nánast saman.

Glundroði og þjáning


Þetta hökt í byrjun kemur þó ekki í veg fyrir það að frásögn Óttars nær ágætis flugi um það bil sem vélin hrapar og stekust verður bókin þegar viðmælendur Óttars lýsa glundroðanum á slysstæð, líkamlegum og andlegum þjáningum sínum og sárum eftirköstum slyssins.

Eftirlifendurnir sýna allir sem einn hversu mannsandinn getur verið sterkur þegar á reynir. Slysið hvílir enn á þeim öllum og mun gera það um ókomna tíð en samt héldu allir sínu striki og létu ekki bugast.

Óttari og viðmælendum hans verður tíðrætt um að hörmungarnar áttu sér stað löngu áður en áfallahjálpi kom til sögunnar en fólk er sem betur fer eðlislægt að þjappa sér saman í hörmungum og í raun veitti hópurinn, bæði þau sem voru um borð og hin sem upplifðu skelfinguna á jörðu niðri, sér

áfallahjálpi með því að sýna samstöðu og hlýhug.

Óttar fer einnig yfir rannsókn á tildrögum slyssins sem var á köflum býsna reyfaraleg enda ljóst að yfirvöld á Srí Lanka seildust langt til þess að gera sinn hlut sem bestan. Þessi hluti er, líkt og flest annað, afgreiddur í beinum ræðum þeirra Íslendinga sem tóku þátt í rannsókninni en hér hefði að ósekju mátt kafa dýpra.



BÆKUR

Útkall

Leifur Eiríksson brotlendir
Óttar Sveinsson

★★

Það er fyrst og fremst fengur í þessari Útkallsbók vegna víðtala höfundar við fólkid sem lifði af brotlendingu Leifs Eiríkssonar. Bókin liður aftur á móti fyrir nálgun höfundar sem er skýrslukennd með ofuráherslu á beinar ræður. Meiri tilþrif í frásagnarstíl hefðu gert þessa hrikalegu sögu eftirminnilegri.

Stór blaðgrein

Óttar er gamalreyndur blaðamaður og það sést langar leiðir á frásögn hans og er einn helsti ókostur hennar. Bókin minnir í raun helst á risavaxna blaðgrein þar sem innihaldi segulbands blaðamannsins er veitt beint inn á síður bókarinnar innan gæsalappa.

Megingallinn við þessa aðferð er að þó að fólkid hafi upplifað slysið hvert á sinn hátt hefur það um margt svipaða sögu að segja þannig að mikið er um endurteknningar og nánast orðréttar lýsingar á ákveðnum aðstæðum koma ítrekað fyrir.

Frásögnin hefði því tvímæla-

laust orðið þéttari og öðlast meiri dýpt og áhrifamátt hefði höfundurinn unnið meira upp úr víðtölum sínum, fléttað þau inni í heildstæðari texta og skrifað meira frá eigin brjósti upp úr þeim góða efnivið sem víðtölin vissulega eru.

Atburðirnir stærri en frásögnin

Þessir atburðir eru vitaskuld löngu liðnir og því fylgir að höfundur þyrfti að leggja í mikla heimildarvinnu áður en hann getur reynt að fanga andrúmsloftið í kringum hörmungarnar með eigin orðum en slíkt væri þó snjöllum penna síður en svo ofviða.

Það má þó hiklaust virða það við Óttar að hann hefur fyrir löngu fundið sína fjöl og frásagnarmáti hans hefur síður en svo fælt fólk frá bókum hans þó þar geti spilað inn í að atburðirnir sem hann lýsir eru svo stórir og magnþrungnir að frásagnarháttur hans verður hálf-gert aukaatriði.

Merkileg heimild

Það breytir svo aftur engu um það að með víðtölum sínum við eftirlifendur slyssins hefur hann safnað saman mikilvægum heimildum um þetta hörmulega slys og það eitt og sér er virðingartvert. Óttar hefur því skilað af sér ágætari samantekt og dýrmætum vitnisburði fólks sem var í hringið um atburðanna á bók en með annarri nálgun hefði Leifur Eiríksson brotlendir getað orðið sterkari heild og eftirminnilegri bók.

Blaðamenn eru fyrst og fremst skrásetjarar og þó reynsla blaðamannsins sé dýrmæt við gerð bókar sem þessarar þá mætti tvímælalásut gefa honum smá frí og leyfa sögunni að flæða með skáldlegri stílbrogðum og persónulegri nálgun en tíðkast í dagblöðum sem er hvort eð er ekki ætlaður lengri líftími en tæpur sólarhringur.

Þórarinn Þórarinnsson



ÓTTAR SVEINSSON

Myndir Maríu

Boðið verður upp á sérfræðileiðsögn og táknmalstúlkun um sýningu Þjóðminjasafnsins á morgun. Þóra Kristjánsdóttir list- og sagnfræðingur verður með erindi og leiðsögn sem hún kallar Hin mörgu andlit Maríu í Þjóðminjasafninu. Þóra byrjar í fyrirlestarsal safnsins og gengur síðan með gestum um safnið og bæði sýnir og segir frá Maríu mey. Leiðsögnin er liður í fræðsludagskránni „Ausíð úr viskubrunnum“ sem Þjóðminjasafnið stendur fyrir.

„Líkneskin og myndirnar af Maríu í safninu,“ segir Þóra, „eru eins ólíkar og þær eru margar. Þar eru málaðar myndir, útskornar úr tré og beini, höggvar út í stein, greyptar í silfur og aðra dýra mála og saumaðar á klæði. Maríumyndir og líkneski í eigu Þjóðminjasafnsins eru flest frá því fyrir síðaskipti en þó eru til yngri myndir líka, bæði eftir íslenskan prest frá upphafi 18. aldar og ýmsar útsaumsmyndir. Íslenskar konur hafa haldið áfram að sauma Maríu út í klæði alveg fram á þennan dag. Af öllum dýrlingum var jómfrú María, himnadrottningin og hin syrgjandi móðir guðs, mest dýrkuð hér á landi í kaþólskum sið og víðast annars staðar meðal kristinna manna. Líklega hafa langflestar kirkjur á



ÞÓRA KRISTJÁNSDÓTTIR FRÆÐIR GESTI UM MARÍUMYNDIR ÞJÓÐMINJASAFNSINS í safninu eru málaðar myndir, útskornar úr tré og beini, höggvar í stein og myndir greyptar í silfur eða saumaðar út.

Íslandi átt Maríumyndir og sumar jafnvel margar.“

Þjóðminjasafn Íslands leggur áherslu á aðgengi fyrir alla en á Alþjóðadegi fatlaðra sunnudaginn 3. desember síðastliðinn tóku Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Anna Guðný Ásgeirsdóttir, fjármálastjóri safnsins, við viðurkenningu til Þjóðminjasafnsins frá Sjálfsbjörgu fyrir gott aðgengi fyrir alla að nýju Þjóðminjasafni. Þarna er um afar mikilvæga viðurkenningu að ræða sem Þjóðminjasafnið er bæði þakklátt fyrir og stolt af.

Dagskráin á morgun hefst kl. 12.10. - khh

Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9

OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

Himnamóðirin bjarta
Mortskráði og jálalyg frá guðum líðanum

Söngsvælin Fílharmonía

Stjórnandi
Magnús Ragnarsson
Eindagur
Hulda Björk Garðarsdóttir
Organi
Kári Þormar

Langholtskirkja

Sunnudaginn 10. desember kl. 20
og þriðjudaginn 12. desember kl. 20

Aðgöngumiðar hjá miðla, hjá kirkjufélögum og við innganginn

Námari upplýsingar á www.filharmonia.is

NÝJAR BÆKUR

Bókin Létta leiðin til að hætta Reykingum eftir Allen Carr hefur farið sigurför um allan heim sem áhrifaríkasta aðferðin í baráttunni við reykingar. Aðferð Allen Carr verkar sem kraftaverk á marga sem reynt hafa árum saman að hætta að reykja en ekki tekist. Hann leggur aðaláherslu á að upplýsa fólk um allar þær blekkingar, hræðsluárorður og heilabvott sem haldið er að því um að það sé svo erfitt að hætta. Réttu hugarfarið og löngun til að hætta er allt sem þarf. Hann hefur haldið fjölda námskeiða um víða veröld og er alltaf janf vinsæll enda virkar aðferð hans betur en nokkur önnur. Bókin er full af óvæntum upplýsingum um reykingar, sem við höfum ekki hugsað út í áður. Bókin hefur verið uppseld um árabil en vegna mikillar eftirspurnar gefur Fjölvi hana út að nýju, þýðandi er Aldís Baldvinsdóttir.



Ljóði síðar flæðir sól

Ef gátan um eðli mannsins er hin sama og gátan um eðli ljóðsins, leysir Sigurður Pálsson hana í Ljóðorkusviði, amk úr læðingi. Gátuna og orku ljóðsins. Á „staðfastrí en sífbreytilegri“ íslenskri skáldatungu sem með galdri orðsins umbreytist jafnóðum í auga sem málar, heggur höfundur lesanda sínum leið að brunni skáldskaparins, þar sem orðið sprettur í upphafi, leið að skáldinu sem skapara, skáldinu að skapa – „engu háður nema frelsinu að leita fegurðar“, spinnur lesandanum „leiðarþráð“ að sjálfri uppsprettu ljóðsins – þangað sem enginn ratar án þess að villast því þráðurinn fléttast lífsleiðinni. Á þeirri leið minnr skáldið okkur á unaðslega ótakmarkað að frelsi mannsins og „viðbjóðslega takmarkað hlutskipti“ í svo óbærilega hverfulu lífi að „fagna“ ber sjálfu „lífsundrinu“ í sérhverjum andardrætti og dá-sama lífsgleðina „alltaf akkúrat núna“ ... og þá opnast okkur „nýtt skynsvið“ flæðandi



SIGURÐUR PÁLSSON
Meistari – segir Sigurður Hróarsson í umsögn sinni um nýja ljóðabók skáldsins.

ljóðorku sem orkar á takmörkin og óbærilegt fallveldið og ýfir „ofsann að lifa“ og ofsann að krefjast frelsis gegn alræði og óréttlæti og öllum sem heimta að skrifa fyrir mann lífið (vitnað án samhengis í texta skáldsins).
Einmitt það sem ekki má: mylja texta „í smækkandi útskýringar, úrdrætti og frásagnir“ að smá-djöflasið (100). En öllum kóðum skal steipt, bætum því um betur og þokum okkur nær uppsprettunni: Skáldið uppgötvar aðra rödd en þá sem það þekkir fyrir, hina röddina, „þessa sem er innra með mér og kemst þess vegna út fyrir mig“ (94), sú fyrrnefnda er í tilverunni en hin tilheyrir veru sem er „raunveruleg vera mín“ (skáldsins) (30) – eða svo má ætla. Ljóðið er báðar raddirnar.
Metafýsísk spurning: hittast þær/þeir? Kannski sama spurning og: hvernig frjövngast ljóð? hvernig „verður hugsun til á meðan þú skrifar“ (60)? hvernig kemst röddin „út fyrir“ skáldið? Hver er ráðning gátunnar? Maður verð-

ur að leita „og ef þú finnur, halda áfram að leita, leita til þess að leita, burt frá því sem finnst, og ef þú finnur ... þá er kominn tími til að reyna að villast /.../ læra að rata en einkum þó læra að villast /.../ villast þangað sem óvæntar ljómanir bíða, einmitt eftir þér, eingöngu og ekki neinum öðrum en þér“ (60-62).
Leysa gátu úr læðingi, höggva sér leið (9), víðra hugsanahundinn (69), skoða hug sinn (41), skrifa líf sitt (57), síðustu skilaboðin enn og aftur (19), ekkert er hvít ör (12). Halda áfram að leita, uns óvæntar ljómanir bíða, í lífi og ljóði.
Og um hvað fjallar þá bókin, sjálfa sig? Hví ekki, af nógu er að taka: fegurð og dýrd lífsins (98), hvorki meira né minna. Og ofboðslega vel ort í þokkabót: fegurð og dýrd ljóðsins (fer oftast saman). Ekkert oflof, einlægt mat, og öll lögin góð, einsog á bestu bítlaplötu, öll 49, og hvert ljóð með 49 lögum, bara að grínast. Ekkert normalbrauð (70).
Ónafngreind móðir sagði um son sinn norður í Þingeyjarsýslu: hann er svo vel gefinn að allt sem hann segir hefur maður aldrei heyrt áður en oft þaðan í frá. Kannski skyldur karlinum Thors sem hafði ekki fótavist fyrir gáfum. Yndislegir sífbreytilegir tunglvitleysingar (85) en koma bókinni ekkert við. Ég spái



BÆKUR
Ljóðorkusvið
Sigurður Pálsson
JPV útgáfa


★★★★★
Sigurður Pálsson birtist sem skáld á hátíndi í þessari bók, má ég segja meistari.

henni langlífi og áhrifum.
Sigurður Hróarsson

Kvíði getur verið marghátaður, allt frá því að vera óljós beygur upp í ofsafengið hræðslukast. En allir þekkja það að vera kvíðnir og því getur hver sem er haft gagn af því að lesa bókina Kvíði, fælni og hræðslukóst. Megintilgangur hennar er að gefa góð ráð og hjálp við að þróa með sér tækni til þess að takast á við lífið, hafa stjórn á kvíða og hræðslu við hinar ýmsu aðstæður. Höfundurinn Elaine Sheehan er mikilsmetinn

sálfræðingur í Bretlandi. Hún hefur beitt sér fyrir mikilvægum nýjungum og umbótum í meðferð kvíðasjúkdóma. Í bókinni er að finna fjölda æfinga til sjálfhjálpar. Fjölvi gefur bókina út en þýðandi er Eva Ólafsdóttir.

Bókin Hvað er til ráða gegn þunglyndi? fjallar um ólíkar gerðir þunglyndis og hvað hægt er að gera til sjálfhjálpar. Tilgangurinn er fyrst og fremst að hjálpa sjúklingum með góðum ráðum að gera sér grein fyrir eðli sjúkdómsins. Stundum er þunglyndið svo alvarlegt að leita verður lækni og verkar bókin þá vel sem meðhjálp. En oft er þunglyndi tímabundin vanlíðan sem hægt er að vinna bug á með réttum aðferðum. Höfundurinn



Sue Breton er kunnur sálfræðingur á Bretlandi. Hún beitir sér fyrir nýjum aðferðum, eins og mikilvægi jákvæðrar hugsunar og veitir leiðsögn með æfingum og góðum ráðum sem hamla gegn þunglyndinu. Bókin er einnig sérlega gagnleg fyrir fjölskyldur þunglyndissjúklinga um hvernig sé best að bregðast við ólíkum tegundum þunglyndis. Útgefandi er Fjölvi en þýðandi er Eva Ólafsdóttir.

Góðasteinn – héraðsrit Rangæinga 2006 er komið út. Að þessu sinni má finna fjölmargar greinar, ljóð og bréf í ritinu auk fastra pistla og viðtala. Aukin-heldur má þar lesa skýrslur sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og úttekt á kirkjustarfi í Rangárbíngi og minningarorð um íbúa svæðisins sem létust á síðasta ári. Formaður ritnefndar er Jón Þórðarson en útgefandi er Héraðsnefnd Rangæinga.



Getz

Hyundai Getz GL 1100 3 dyra.
Kr. 1.390.000

Kr. 14.990 á mán*.
Hyundai Getz GL 1100 5 dyra.
Kr. 1.490.000

Kr. 15.990 á mán*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS og 4 loftpúðar
- MP3 spilar / 4 hátalarar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður

Skemmtun

24/7

Bíll á mynd: Getz 5 dyra GLS með 16 tommu álfelgum.

Með bíllinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

Frægir í fatahönnun

Ný gerð af fatahönnuðum er komin í tískuheiminn. Það er fræga fólkið sem er að gera innrás sína inn á þetta svið. Stærstu tískuhúsin keppast nú um að fá fræg andlit til að ganga til liðs við sig og setja nafn þeirra við hönnunina sína. Leikkonur, fyrirsætur eða söngvarar eru farin að hanna fatnað og virðist þessi bóla vera að tröllríða tískuheiminum.

Jennifer Lopez var ákveðinn brautryðjandi á þessu sviði þegar hún frumsýndi fatalínu sína undir eigin nafni á tískuvíkunni í New York vorið 2005. Nú hefur hún aukið við fatamerkið sitt með bæði barnafötum og hundafötum þannig að það virðist vera að ganga mjög vel hjá henni í þessum bransa vestanhafs þótt fatnaðurinn hafi ekki náð að berast hingad.

Söngkonan Gwen Stefani hefur

einnig verið í dagóðan tíma með merkið sitt L.A.M.B við miklar og góðar undirtektir. Fatnaðurinn er mjög í anda hennar eigin fatasmekks og sjálf segir hún að slagorð merkis sé „Ghetto fabulous“.

Nú hefur leikkonan og tískumógúllinn Sienna Miller bæst í þennan hóp en hún mun koma með fatalínu í vor undir heitinu „twenty8twelve“ sem er fjármagnað af Pepe Jeans. Þetta gerir hún í samráði við systur sína sem er lærður fatahönnuður.

Liðsstyrkur tískuhúsanna

Tískuheimurinn titraði þegar fréttir af því að ein þekktasta fyrirsæta í heimi, Kate Moss, væri byrjuð að hanna föt. Það var ein stærsta tískuverslanakeðja í heimi, Topshop, sem tókst að næla í stúlkuna en hún er ein best klædda kona í heimi samkvæmt mörgum skoðanakönnunum. Nafn hennar á fatnaðinn er því nóg til að hann seljist í bílförum en fatnaðurinn kemur í búðir næsta vor. Nú er unnusti hennar, Pete Doherty, einnig að feta í hennar fótspor og hefur sett nafn sitt

herrafatamerkið Gio-goi og geta því rokkanir sem vilja líkast Doherty keypt fatnað í í hans anda í Selfrigdes í Lundúnum.

Sænska verslanakeðjan Hennes & Mauritz var ein af þeim fyrstu til að fá frægt fólk til að hanna fyrir sig og nú síðast var það söngkonan Madonna sem lánaði þeim nafn sitt og krafta til að hanna línu sem kom í verslanir þeirra í haust. Samstarf H&M og Madonnu er ekki hætt og mun önnur fatalína eftir söngkonuna koma út í vor sem ber nafnið „M by Madonna“.

Íþróttavörumerkin eru engir eftirbátar á þessu sviði og nú síðast gerði Reebok samning um að fegurðardísinn og leikkonan Scarlett Johansson myndi hanna fyrir þá heila kvenfatalínu sem kemur út í vor. Það hlýtur að vera svar Reebok við Stellu McCartney og íþróttafatnaðarlínu Adidas.

Victoria Beckham hefur verið að hanna gallabuxur fyrir bandaríska merkið Rock and Republic síðan í fyrra við góðar undirtektir og má eiginlega segja að hún hafi komið merkinu á kortið.

Þessi þróun í tískuheiminum



JENNIFER LOPEZ Hannar barnafatnað, hundafatnað og tiskulínu.

hefur bæði sínar slæmu og góðu hliðar. Ofangreint fólk hefur enga menntun á sviði fatahönnunar á meðan fólkið með menntunina og hæfileikana verður að lúta í lægra haldi fyrir fræga fólkinu. Hvað verður um fatahönnuðastéttina? Fræga fólkið selur, það er löngum vitad en hæfileikar fræga fólksins eru byrjaðir að teygja sig yfir á ansi mörg svið og starfsstéttir. Eru þau að hanna í alvörunni eða bara að setja nafnið sitt á annarra manna hönnun? alfrun@frettabladid.is



JACK BLACK Segir fyndnina skipta höfudmáli í samskiptum við hitt kynið.

Black fær aukna athygli

Jack Black segir að leyndarmálið bakvið óvanalegan kynþokka sinn sé að vera myndarlegur í meðal-lagi og fyndinn. Jack segir að ólíkt öðrum leikurum í Hollywood sé hann ekki myndarlegri en kvenfólkið sjálf. „Ég held að kynþokki minn byggist mikið upp á því að konum finnst eins og þær eigi möguleika í mig. Ég er ekki eins og Brad Pitt eða Tom Cruise, sem konur þora ekki einu sinni að tala við. Svo kemur fyndnin manni langt með konum,“ segir Jack Black, en hann hefur fengið aukna athygli frá hinu kyninu eftir að rómantíska gamanmyndin The Holiday var frumsýnd, en þar fer Black með eitt af aðalhlutverkunum.



VICTORIA BECKHAM Segist gera bestu gallabuxur í heimi hjá Rock and Republic.



SCARLETT JOHANSSON Hannar íþróttafatnað fyrir Reebok.



KATE MOSS Fatalína hennar fyrir Topshop mun tröllríða tískuheiminum enda er hún ein af stærstu tiskufyrirmyndum heims í dag.



GWEN STEFANI Með sitt eigið merki L.A.M.B.

Það borgar sig að vera í Frjálsa lífeyrissjóðnum!

1,7 milljarðar í bónus



*Bónusgreiðslur eru greiddar úr tryggingadeild í frjálsa séreign sjóðfélaga. Útgreiðslur geta hafist eftir 60 ára aldur og greiðast með jöfnum greiðslum til 67 ára aldurs eða lengur eftir ósk sjóðfélaga.

Veg
1,7
að
31.
Frjá
Stæ
Sjó
Nán



MILLS Æltar sjálf að flytja mál sitt í dómsölum þegar skilnaður hennar og McCartneys verður tekinn fyrir.

Mills talar sínu máli

Heather Mills hyggst sjálf tala sínu máli fyrir dómstólum, alltént að hluta til, þegar skilnaður hennar og Pauls McCartney verður tekinn fyrir. Þetta varð ljóst þegar Mills flutti ræðu í dómsal þegar fyrirsæt-an fyrrverandi krafðist þess að McCartney yrði gert skylt að halda sig fjarri húsi hennar en hún fengi aðgang að húsi hans þar sem hjónin fyrrverandi héldu heimili. Skilnaður Mills og McCartneys var mikið í fréttum fyrir nokkru þegar Mills sakaði bítillinn fyrrverandi um að hafa beitt sig ofbeldi og notað eiturlyf meðan á hjónabandinu stóð. Þá meinuðu öryggisverðir henni innkomu í hús McCartneys við Hove í Austur-Sussex og var það mál tekið fyrir á miðvikudaginn.

Samkvæmt erlendum fréttamiðlum er talið líklegt að Mills vilji með þessu spara sér nokkrar krónur enda sé lögfræðikostnaður hennar þegar kominn yfir eina milljón punda eða rúmlega 135 milljónir íslenskra króna. Lögfræðifyrirtæk-

ið Mischon De Reya rekur málið fyrir Mills og sérstakur ráðgjafi hennar er Anthony Julius sem var lögfræðingur Dönu prinsessu þegar hún skildi við Karl Bretaprins.

Náinn vinur Mills sagði í gær við fjölmiðla að Mills væri vel meðvit-uð um kostnaðinn við réttarhöldin og vildi þess vegna sleppa við flutningsmann í dómsal. „Hún hefur unnið náíð með lögfræðifyrirtæki sínu og telur sig vera vel undirbúna.“



MCCARTNEY Auðævi hans eru metin á rúma 115 milljarða og vill Mills fá sinn skerf af þeim.

HLÝJAR OG GÓÐAR JÓLAGJAFIR

VANDAÐAR HERRAÚLPUR

Stærðir 48-56

Verð frá 13.995



SÍÐ KULDAÚPLA

Hetta með loðkraga sem hægt er að taka af 3 litir - Stærð 38 - 46

Verð 14.995



KULDAÚPLA

Vatteruð

Stærð 36-46

3 litir

Verð 13.995



FRÁBÆR PEYSA

Vatns- og vindheld með öndun

2 litir - Stærð 36-44

Verð 9.995



Esja
GÖNGUSKÓR
Með wibramsóla og sympatex vatnsvörn
Verð 17.995



GÖNGUSTAFIR

Þristækkanlegir með hertum oddi, svamphandfangi og svampfóðrun niður á staf.

Verð 4.995



Nýja
SKATABUÐIN
FERÐAVERSLUN
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727
www.skatabudin.com

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

15.842 til sjóðfélaga

Þarna sterkrar tryggingafræðilegar stöðu hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn greitt sjóðfélögum rúmlega 15.842 milljarða bónus í séreign þeirra*. Meðalgreiðsla til sjóðfélaga var um 87.000 kr. og fengu bónus þessu sinni rúmlega 20 þúsund sjóðfélagar sem höfðu áunnið sér réttindi í tryggingadeild sjóðsins í desember 2005. Þetta er hæsta bónusgreiðsla sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur greitt til sjóðfélaga. Frjálsi lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og tekur á móti skylduiðgjaldi og viðbótarlífeyrissparnaði. Bónusgreiðsla sjóðsins er um 57 milljarðar.

Sjóðfélagar geta skoðað bónusgreiðsluna á hreyfingaryfirliti undir Lífeyrissparnaður í KB Netbanka.

Þarna upplýsingar veita ráðgjafar KB banka í síma 444 7000.

www.frjalsilif.is



FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN



MEL B Hótar Eddie Murphy öllu illu og hefur ráðið sér stóð lögfræðinga.

Mel B hyggur á hefndir gegn Eddie

Samkvæmt The Sun er Mel B nú sögð vera tilbúin til að ganga frá fyrrum unnusta sínum, gamanleikaranum Eddie Murphy. Til hennar sást í Los Angeles þar sem söngkonan fyrrverandi sat á lokudóm fundum með öllum helstu lögfræðingum Hollywood-afþreyingariðnaðarinnar og mun hún í kjölfarið ákveða hver þeirra sé hæfastur til að reka mál hennar gegn Murphy.

Samkvæmt vefútgáfu blaðsins er Mel B nú ekki lengur sögð í sárum heldur sé hún einfaldlega reið og sjái hreinlega rautt. Kryddpían hefur lýst því yfir í vinnuþróun sinni að hún ætli sér að ná sínu fram og það verði ekki ókeypis fyrir Eddie. „Ég er harðákveðin í að ná mér niður á honum. Ef hann hélt að ég tæki þessu möglunarlaust þá skjátaðist honum hrápalega,“ sagði Mel.

Murphy lýsti því í höllenskum skemmtipætti að hann væri ekki lengur með Mel B eftir að parið hafði verið saman í sex mánuði. Í ofanálag birtist Murphy með nýrri konu þegar

kvikmyndin Dreamgirls var frumsýnd en það er kvikmyndaframleiðandinn Tracey Edmonds og er talið að þau hafi verið saman í nokkrar vikur. Til að bæta gráu ofan á svart hefur leikarinn krafist þess að Mel B gangist undir DNA-próf til að ganga úr skugga um að Murphy eigi örugglega barnið sem söngkonan gengur með undir belti. „Murphy er lygari, svikari og faðir barnsins, það veit hann vel,“ sagði Mel. Haft er eftir blaðamönnum sem þekjka vel til Mel B að Eddie Murphy hafi gert alvarleg mistök, það hafi ekki verið af ástæðulausu að hún hafi verið kölluð „hættulega kryddið“ á sínum tíma. „Að hætta með konu þegar hún er ófrísk er slæmt en að efast síðan um faðerni barnsins er algjörlega ófyrirgefanlegt,“ skrifar blaðamaður The Sun.



EDDIE Gæti verið í vöndum málum eftir að hafa sagt söngkonunni upp í sjónvarpsþætti.

DEAD OR ALIVE
FRUMSÝND 03/12/06

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS SKEYTIÐ JA DAF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVÖ. VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR FYRIR TVÖ, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

WOLFGANG PETERSON
SMS LEIKUR

BIÓMIÐI

Vinningar verða afhendir hjá BT Samráðind. Kópavogur. Með því að tala þitt eru kominn SMS klab. 99 kr/skeytið.

Sviptingar í heimi spjallþátta

Ákveðið hefur verið að Jay Leno hætti með The Tonight Show árið 2009. Við starfi hans tekur Conan O'Brian sem þykir hafa fengið uppreisn æru eftir að hann var nær afskrifaður í upphafi ferils síns.

Bandaríski spjallþáttastjórnandinn Johnny Carson er godsögn í bransanum. Hann stjórnaði þættinum Tonight Show á sjónvarpsstöðinni NBC í 30 ár eða allt fram til ársins 1992, en þá tilkynnti hann óvænt að hann hygðist setjast í helgan stein. Grínistinn Jay Leno var fenginn til að koma í hans stað, en Jay hafði þá verið fastur gestur í þætti Carsons um hríð. Ekki voru allir á eitt sáttir um ráðningu Jay, enda var hann ungur og óreyndur. Annar grínisti, David Letterman, hafði stjórnað þættinum Late Night sem var sýndur beint á eftir Carson í ellefu ár, þegar Carson hætti. Vildu margir meina að Letterman væri betri í starfið og að illa hefði verið farið með hann að líta svona fram hjá honum. Málið var að þáttur Lettermans hafði náð slíkum vinsældum að forsprökkum NBC þótti hagkvæmara að fá inn nýjan Carson og halda Letterman á sínum stað.

Einn út og annar inn

David Letterman var bæði leiður og sár að fá ekki að fylla skarð Carsons en þeir voru miklir vinir og segir Letterman að Carson hafi verið sá sem kom undir sig fótunum í skemmtanaíðnaðinum. Letterman sagði fljótlega skilið við NBC en sagt er að Carson hafi ráðlagt honum það. Í kjölfarið fékk hann annan spjallþátt, The Late Show, á stöðinni CBS, en sá var og er sýndur á sama tíma og Jay Leno og því í beinni samkeppni. Nú þurfti einhvern til þess að fylgja í fótspor Lettermans á NBC og var það Harvard-



DAVID LETTERMAN Fór frá NBC í fússi eftir ellefu ár í starfi. Mun halda sínum þætti á CBS alveg fram til ársins 2010.



JOHNNY CARSON Fyrrrennari Jay Leno og mikill vinur Davids Letterman.

útskrifaði grínskrifbentinn Conan O'Brian sem var valinn. Sá hafði getið sér gott orð fyrir að skrifa fyrir sjónvarpsþættina The Simpsons og Saturday Night Live. Conan náði engan veginn að halda vinsældum Lettermans, og eftir tæplega þrjú ár í loftinu var



JAY LENO Vinsælasti spjallþáttastjórnandi í heimi og sest í helgan stein árið 2009.

ákveðið að taka þáttinn af dagskrá. En þegar NBC-mönnum var ljóst að ekki væri til neitt efni til þess að fylla skarð Conans leyfðu þeir þættinum að halda áfram til skamms tíma. Það var þá sem vinsældir Conans fóru að aukast og í kjölfarið tóku gagnrýnendur við



CONAN O'BRIAN Var lengi að sanna sig en mun taka við spjallþætti Jay Leno eftir þrjú ár.



JON STEWART Var sagður hugsanlegur eftirmaður Lettermans.

Jay Z og Beyoncé hætt saman?

Rapparinn Jay Z gaf út diskinn Kingdom Come fyrir stuttu þrátt fyrir að hafa opinberlega sagt skilið við rappið. Nýjasta lag disksins til að hljóta spilun í útvarpi er lagið Lost One, þar sem Jay Z talar á einlægum hátt til heitkonu sinnar Beyoncé Knowles. Þarið hefur neitað að tjá sig um einkalíf sitt í fjölmiðlum, en ef lesa má í texta lagsins, eru þau hætt saman. „I don't think it's meant to be / For she loves the work more than she does me / And, honestly, at 23, I would probably

love my work more than I did she / So we ain't we, it's me and her / That's what she prefers,“ segir Jay Z í laginu og er erfitt að túlka línurnar á annan hátt en þann að Beyoncé hafi valið söngferil sinn fram yfir rapparann. Í lok lagsins segir Jay síðan að hann ætli að gefa henni allan þann tíma sem hún þurfi og að vonandi komist hlutirnir aftur í samt horf.

SKÖTUHJÚIN Ekkert hefur fengist staðfest um sambandslitin, en Jay gefur það sterkega í skyn í nýju lagi, Lost One.



ÖLDUNGURINN

Ný bók um ERAGON



„Stórfenglegt skáldverk þar sem stríð, töfrar og ástin ráða ríkjum og stendur svo sannarlega undir væntingum ... Spennandi og töfrandi ævintýrabók.“

★★★★★ Fullt hús

Sigurþór Einarsson / FRÉTTABLAÐIÐ

Nú í bíó

40 ÞÚSUND GESTIR

3 VIKUR Á TÖPPNUM!

DAVID EDWARDS, DAVID MITCHELL
"SIGUR"
AUBREY DAY/FITEL FILM

★★★★★
"STÖRFENGLEG"
CHARLES GANT/HEAT

★★★★★
"FRÁBÆR"
DEBORAH ROSS/THE SPECTATOR

★★★★★
"MÖGNUM"
JONATHAN ROSS/FILM 2006

★★★★★
ZOO
MARK ADAMS/SUNDAY MIRROR

LÚXUS

80 ÞÚSUND GESTIR

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBÖGANN Á **midl.is**

W POLISH SUBTITLES IN REGNBÖGANN

40 ÞÚSUND GESTIR

7

★★★★★
S.V. MBL

16

FRÁBÆR RÓMANTÍSK GAMANMYND
FRÁ LEIKSÆLA WHAT WOMEN WANT
OG SOMETHING'S GOTTA GIVE.

Sýnd kl. 4, 7 og 10

FRÁBÆR RÓMANTÍSK GAMANMYND
FRÁ LEIKSÆLA WHAT WOMEN WANT
OG SOMETHING'S GOTTA GIVE.

Sýnd kl. 7 og 10 bl. 14

www.laugarasbio.is

eragon FORSALA AÐGÖNGUMIDA ER HAFIN Á MIDL.IS - ATH: EINNIG ER HÆGT AÐ VERSLA MÍÐA Í FÖRSÖLU Í KVÍKMYNDAHÚSUM

SMÁRABÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGANN	SÍMI 551 9000	Borgarabíó	SÍMI 462 3500
THE HOLIDAY	kl. 5, 10, 8 og 10.45	CASINO ROYALE	kl. 6 og 9 bl. 14 ÁRA	THE HOLIDAY	kl. 8 og 10.30
CASINO ROYALE	kl. 5, 8 og 10.50 bl. 14 ÁRA	HNOTURJÓTSPRINSINN ISL. TAL	kl. 6	HNOTURJÓTSPRINSINN ISL. TAL	kl. 6
SYND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 10.50	HÁTÍÐ Í BÆ	kl. 5, 8, 10, 10	HÁTÍÐ Í BÆ	kl. 6
HNOTURJÓTSPRINSINN ISL. TAL	kl. 3.40	THE NATIVITY STORY	kl. 8 bl. 7 ÁRA	SAW III	kl. 8 og 10.15
HÁTÍÐ Í BÆ	kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10	MYRIN W. ENGLISH SUBTITLES	kl. 6 og 10.10 bl. 12 ÁRA		
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 3.40	BORAT	kl. 8 og 10		
BORAT	kl. 10.20 bl. 12 ÁRA				
MYRIN	kl. 5.40 og 8 bl. 12 ÁRA				

450 kr. í bíó!

midl.is

Sími 553 2075

LAUGARAS **BÍÓ** - bara lúxus

JÓLAMYNDIN Í ÁR

the Holiday

Frá þessum áhrifum: Kate Winslet, Jack Low, Jack Black

16

ALLS EKKI FYRIR VÍÐKVEMA

SAW

HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AÐ HALDA LÍFI?

ego X

BLÓDBADID ER HAFID

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15 bl. 16

HNOTURJÓTSPRINSINN MÚSARÓNDURINN

Sýnd kl. 4 ISL. TAL

SKOLAD Í BURTU

Sýnd kl. 4 ISL. TAL

MIDASALA OPNAR KL. 3.30



RAY LAMONTAGNE Bandaríkjamadurinn er þegar farinn að undirbúa sína þriðju plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Undirbýr nýja plötu

Bandaríski tónlistarmaðurinn Ray LaMontagne er að undirbúa sína þriðju plötu, aðeins þremur mánuðum eftir að önnur plata hans kom út.

LaMontagne vakti mikla athygli árið 2004 þegar hann gaf út sína fyrstu plötu, Trouble. Fylgdi hann henni eftir á þessu ári með Till the

Sun Turns Black, sem hefur einnig fengið góðar viðtökur.

„Ég er farinn að hugsa um hana og er að vinna að nýjum lögum. Ég er mjög spennur fyrir næstu plötu. Ég hef nokkuð skýra hugmynd um hvernig hún eigi eftir að hljóma,“ sagði LaMontagne, sem er á tónleikaferð um þessar mundir.

Nú breytist bæjarbragurinn

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar hefur verið opnuð að nýju. Fyrsti viðskiptavinurinn var þúsundþjalasmiðurinn Bjarni massi.

„Loksins, loksins get ég verið aftur finni og huggulegur þegar ég fer út á meðal fólks svona hversdags,“ segir Bjarni massi þúsundþjalasmiður. Tilefnið er að Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar er risin úr öskustónni í nýju húsnæði í Kjörgarði að Laugavegi 59.

Endurkoma verslunarinnar byggir á því að þeir ágætu herra-menn Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson festu í upphafi ársins kaup á lager og öllum innanstokksmunum herrafataverslunarinnar Woosters sem hafði verið starfrækt í Lundunum um áramót. Bjarni hefur verið á meðal fjölmargra dyggra viðskiptavina þeirra féлага nánast frá upphafi og segir að það sé mikill léttir að þurfa nú ekki lengur að leita út fyrir landsteinana til þess að finna á kroppinn huggulegan hversdagsfatnað sem og glæsilegar spariflikur.

„Þetta er mikið fagnaðarefni og

ég er þess fullviss að nú muni bæjarbragurinn í Reykjavík breytast til hins betra. Það hefur verið erfitt að nálgast fót í þessum klassa hér í Reykjavík og þar af leiðandi finnst mér að ég hafi alls ekki verið finni nema á tyllidögum. Maður hefur jafnvel verið að rólta á barinn að kvöldi dags í gallabuxum sem mér finnst ekki sæmandi manni á mínum aldri.“

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar hefur líka löngum verið rómuð fyrir skemmtilega stemningu og Bjarni segist þess fullviss að hún verði til staðar á nýja staðnum. „Ég er viss um stemningin verður jafnvel betri en nokkrum sinni á nýja staðnum. Auk þess er staðsetningin einkar hentug fyrir nútímalega herra-menn því nú er hægt að koma við í Bónus á hæðinni fyrir ofan í heimleiðinni og ná sér í kaffipakka og svínakjöt á rýmingarsölu.“

magnus@frettabladid.is



FYRSTI VIÐSKIPTAVINURINN „Ég mæti í gallabuxum og fer svo finni heim. Nýr og betri maður,“ segir Bjarni massi, sem verslaði í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

HEIMSRUMSÝND 15. DESEMBER

eragon

SENDU SMS JA EGF Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMÍÐA FYRIR TVO!

Vinningar eru mýrar fyrir tvo, Eragon bókin, Eldest bókin, Eragon tölvuleikurinn, DVD myndir tölvuleikir og margt fleira!

midl.is spron

Upplýsingar í síma 590 2626
Textavarp: Stöð 2 • 150-163
RÚV • 281, 283 og 284

LOTTO

Vinningstölur laugardaginn 9.12.2006

2 3 4 5 11

Einfaldur Bónustala 31

1. vinningur næsta laugardag

Jökertölur vikunnar

Jóker 3 1 0 8 1

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA **LOTTO** Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 6.12.2006

Aðaltölur 1 10 11 20 41 45

Bónustölur Ofurtala 17 18 10

Einfaldur 1. vinningur næsta miðvikudag

Jökertölur vikunnar

2 9 7 3 1

1. vinningur gekk ekki út

Blit með tvívarum og þremur

Sæmilegar ábreiður

Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson eru meðal ástsælustu söngvara landsins en eftir þá liggja margar af vinsælustu dægurperlum landans, Stefán með Sálinni en Eyjólfur með hljómsveitum á borð við Bítlavinafélagið og sem sólo-listamaður. Þegar þessir tveir tónlistarmenn leggjast á eitt skyldu margir ætla að útkoman yrði skemmtileg dægurlagaplatá með ófám smellum en þeim verður því miður ekki kápan úr því klæðinu nema að einhverju leyti.

Á plötunni Nokkrar notalegar ábreiður eru félagarnir afslappaðir og hafa augljóslega haft gaman af því að vinna saman. Taka bara lög eftir erlenda lagahöfunda, smella íslenskum texta við, setja á plötu og leyfa addendum sínum að njóta. Besta dæmið um þá léttuð sem svífur yfir plötunni er frýnilegt gerviskegg sem Eyjólfur skartar á umslaginu og lagið um Björgvin Halldórsson, Hinn eini sanni Bó.

Stefán Hilmarsson er án nokkurs vafa einhver besti poppsöngvari okkar fyrr eða síðar og hefur lítið fyrir því að koma sínu til skila, fer langt með að hífa plötuna yfir meðalmennskuna þótt það sé ekki meira en það. Eyjólfur sýnir líka ágætis takta á köflum þótt hann standi vini sínum eilítið



TÓNLIST Nokkrar notalegar ábreiður Stebbi og Eyfi

Nokkrar notalegar ábreiður er fyrir hördustu aðdáendur tónlistarmannanna tveggja en aðrir skyldu leita eitthvert annað.

ad baki. Útsetningarnar eru frekar „eurovision-legar“ enda hafa þeir félagar ágætis reynslu af þeirri keppni.

Nokkrar notalegar ábreiður er ekki plata fyrir hvern sem er, er sáfngripur fyrir einlæga aðdáendur tónlistarmannanna tveggja en aðrir skyldu leita anna peningum sínum eitthvað annað.

Freyr Gíga Gunnarsson

Mogga **2 fyrir 1***
 sjá miða framan á morgunblaðinu í dag

kæru gestir vinsamlegast athugið að tilboð þetta
Gildir Á ALLAR MYNDIR

Mogga **2 fyrir 1***
 sjá miða framan á morgunblaðinu í dag **Gildir ekki á mýrina**



BOSS OF IT ALL	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.12	NATIVITY STORY	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.17
THE US VS. JOHN..	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.12	MÝRIN	kl. 6 - 8 - 10:10	B.12
SANTA CLAUSE 3	kl. 5:50 - 8	Leyf.	THE DEPARTED	kl. 10:10	B.16

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA		
DEAD OR ALIVE	kl. 4 - 6 - 8 - 9 - 10:10	B.12
DEAD OR ALIVE VIP	kl. 5 - 8 - 10:10	
SAW 3	kl. 8 - 10:20	B.16
SKOLAD Í BURTU M/-Ísl.tal.	kl. 3:40 - 5:50	Leyf.
FLUSHED AWAY M/-Ersk.tal.	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	Leyf.

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI		
THE HOLIDAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.17
DEAD OR ALIVE	kl. 6 - 8 - 10	B.12
SKOLAD Í BURTU M/-Ísl.tal.	kl. 6	Leyf. DIGITAL
FLUSHED AWAY M/-Ersk.tal.	kl. 8 - 10	Leyf. DIGITAL

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK		
THE HOLIDAY	kl. 8 - 10:30	Leyf.
SANTA CLAUSE 3	kl. 8	Leyf.
THE GRUDGE 2	kl. 10	B.16

SAMBÍÓIN / AKUREYRI		
THE NATIVITY STORY	kl. 6	Leyf.
DEAD OR ALIVE	kl. 8 - 10	B.12
SKOLAD Í BURTU M/-Ísl.tal.	kl. 6	Leyf.
FLUSHED AWAY M/-Ersk.tal.	kl. 8	Leyf.
THE LAST KISS	kl. 10	B.12

www.sambioin.is | 575 8400

www.sambioin.is



PARIS HILTON Lætur sérfræðinga snyrta á sér skapahárin.

Snyrtir skapahárin

Hin 25 ára gamla Paris Hilton hefur á undanförunum árum sett það í vana sinn að láta ljósmynda sig, klædda stuttu pils og engum nærbuxum í ankannalegum kringumstæðum. Klippikonan Cindy Bars-hop, eigandi snyrtistofunnar Completely Bare Salon í New York, segir að Paris þori að bera sitt allra heilagasta vegna þess hve vel snyrt hún sé. „Paris er viðskiptavinur okkar, en við sjáum um að snyrta bókinn hennar og fleira,“ segir Cindy en neitar því að Britney Spears sé í hóp kúnna sinna, en ljósmyndir af henni í svipuðum aðstæðum hafa vakið mikla athygli undanfarið. „Konur eru kynsandi þegar þær eru snyrtar þarna niðri, og ef ske kynni að ljósmynd yrði smelt af á röngum tíma og röngum stað, þá hefur maður ekkert að skammast sín fyrir.“

Britney biðst afsökunar

Popprinsessan Britney Spears hefur beðið aðdáendur sína afsökunar á framferði sínu. Hún segist þó bara hafa verið að fagna frelsinu en það hafi reynst henni erfitt að höndla það.

Fjölmiðlar vestra hafa beint kastljósi sínu að Britney Spears og fjölmargir spurt sig þeirrar spurningar hvort Britney eigi nokkurn tímann afturkvemt á toppinn. Næsta afurð hennar þurfi að vera öllum fremri og Spears megi varla misstíga sig í framtíðinni. Framferði hennar á undanförunum dögum samræmist ekki ímynd hennar og því sé nú komið svo að foreldrar barnunga stelpna séu hreinlega hræddir við að leyfa stúlkum að hafa slíka fyrirmynd. Eftir að söngkonan skildi við Kevin Federline hefur hún verið nánast óþreytandi við skemmtanahald með nýju vinkonunum sínum, þeim Paris Hilton og Lindsay Lohan, sem báðar eru þekktar fyrir allt annað en siðsamlegt lífverni.

Spears tjáði sig á heimasíðu sinni eftir að myndir af henni, brókarlausri, birtust alls staðar á net-
FEDERLINE Er sagður ætla að nýta sér hegðun Spears þegar hann krefst forræðis yfir sonum þeirra tveggja.



SPEARs Hefur beðist afsökunar á framferði sínu og segir það ekki samræmast sínu góða eðli.

inu. Það stórstjarnan afsökunar á athæfi sínu og lofaði að þetta kæmi aldrei fyrir aftur. Söngkonan hafði hins vegar afsakanir á hverju strái og lét þær óspart í ljós. „Það er einfaldlega svo langt um liðið síðan ég fór síðast út á lífið,“ skrifaði Britney á miðvikudaginn. „Tvö ár eru liðin síðan ég hélt upp á afmælið

mitt og hvert skref sem ég tek er gert að stórmáli. Hins vegar skal ég vera fyrst til að viðurkenna að ég hef tekið þessu nýfengna frelsi of kæruleysislega,“ bætti hún við.

Bæði Spears og Federline sækjast eftir fullu forræði yfir strákunum þeirra tveimur, þeim Sean Preston og Jayden James, en Federline er jafnframt talinn ætla að gera kröfu um háar fjárhæðir frá fyrrum eiginkonu sinni.



HEFUR ENGAR ÁHYGGJUR Samkvæmt talsmanni Beckham hefur fótboltastjarnan meira skopskyn en svo að hann láti fréttirnar trufla sig.

Tvífari Beckhams fækkar fötum

David Beckham er væntanlega ekki einn um að eiga sér tvífara, en það vill ekki betur til en svo að tvífari Beckhams er nektar fyrirseta í dagatali sem selt er á netsíðu fyrir samkynhneigða karlmenn. Dagatalið hefur fyrirsögnina „Celebrity Hunks Around the House 2007“, og er því beinlínis gert út á hversu líkur tvífari Beckhams er. Samkvæmt Daily Star óttast fótbolta-hetjan að sonum sínum verði strítt vegna myndarinnar og að vinir þeirra muni ekki átta sig á að það er ekki Beckham sjálfur sem stillir sér nakinn upp fyrir framan myndavélina. Talsmaður Beckham-hjónanna neitar því hins vegar alfarið að kappinn hafi áhyggjur af uppátækinu, og segir hann hafa meira skopskyn en svo.

McConaughey partíkóngur Hollywood

Bandaríska slúðurblaðið InTouch hefur sett saman lista yfir tíu duglegustu partídyrin í Hollywood. Samkvæmt listanum góða er Matthew McConaughey ókrýndur partíkóngur þotuliðsins og skýtur hann þar með sjálfri Paris Hilton ref fyrir rass, en dómunni þeirri var úthlutað annað sætið. Þetta gætu þótt nokkur tíðindi, þar sem Paris virðist hingað til að minnsta kosti hafa drotnað yfir dálksentimetrum slúðurblaðanna og ekki hafa slegið slöku við í nátturlífinu í mörg ár. Ef blaðamenn InTouch hafa eitthvað fyrir sér í þessum efnun ættu fréttir af skandöllum McConaughey væntanlega að fara að berast til landsins.

Aðrar stjórnur á listanum eru til dæmis Michelle Rodriguez úr Lost-þáttunum, Carmen Electra



STUNDAR NÆTUR-LÍFIÐ STÍFT McConaughey skýtur Paris Hilton ref fyrir rass og nælir sér í efsta sætið á lista InTouch yfir iðnustu partíljónin ytra.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

fyrirum Baywatchbomba og Kevin Federline, en partístandið á þeim síðastnefnda hefur vart farið fram hjá neinum og er almennt talið hafa átt stóran þátt í því að það slitnaði upp úr hjónabandi hans við Britney Spears.

Öruggt og vingjarnlegt

Þessi skoska sveit selur óvænt bílfarma af frumraun sinni í Bretlandi. Fyrir sex mánuðum höfðu ekki margir heyrt þessarar sveitar getið, en með ótrúlegum dugnaði og samilegustu rokkplötu er The Fratellis allt í einu orðin ein af þessum sveitum sem ómögulegt er að láta fram hjá sér fara. Veggspjöld með nafni sveitarinnar og þessu frábæra plötuumslagi hanga um gjörvalla London.

Þetta er þó bara enn ein gítarokksveitin. Þeir eru í hressari kantinum, eins og Supergrass var á sinni fyrstu plötu. Það væri heldur engin lygi að segja að þeir minntu örlítið á Kings of Leon. The Fratellis semja lög sem innihalda mikið af „la la la“, „barabbabb-arara“ og öðrum slíkum leikskólalínunum sem festast í höfðinu á hlustendum. Vegna þessa getur platan virkað svolítið þirrandi í fyrstu, eins og sonur vinar þins

sem getur ekki hætt að grenja þegar þú kemur í heimsókn, en svo fer maður að sjá gildi og fegurð barnaskapsins. Svipaður sjarmi og einkenndi Botnleđu á fyrstu tveimur plötunum þeirra.

Þetta er rokk sem er hannað fyrir ítrekaða útvarpsspilun, og satt best að segja líklegast betra en 80 prósent af því sem er hleypt í loftið í dag. Ég spái því að við eignum eftir að heyra töluvert meira frá The Fratellis í nánustu framtíð. Það er nefnilega ekki mikið hérna sem hægt er að setja út á. Löggin eru mörg merkilega grípandi, stutt og laggóð. Þau hafa hvert og eitt sinn eigin karakter og renna vel niður við fyrstu hlustun. Sem sagt öruggt og vingjarnlegt rokk sem krefst lítils af hlustandanum annað en bara að raula með. Myndi ekki einu sinni móðga ömmu ykkar á aðfangadag.

Birgir Örn Steinarrson



TÓNLIST

Costello Music

The Fratellis

★★★

Frumraun The Fratellis er ódur til uppsveiflunnar. Full af lífsgleði og neista.

> Arnór og Gísli í 8 liða úrslit

FC Kaupmannahöfn komst í gær í 8 liða úrslit í Evrópukeppni félagsliða í handbolta þegar liðið lagði rússneska liðið Dinamo Astrakhan á heimavelli í gær, 33-28. FC Kaupmannahöfn vann fyrri leikinn 27-26 og því 60-54 samanlagt. Með danska liðinu leika Íslendingarnir Arnór Atlason og Gísli Kristjánsson og þeir skoruðu fjögur mörk hvor fyrir FC Kaupmannahöfn í gær.



spor!
sport@frettabladid

SIGURÐUR JÓNSSON: UNDIRBÚNINGUR STENDUR YFIR FYRIR KOMANDI LEIKTÍÐ HJÁ NÝRÁÐNUM ÞJÁLFARE DJURGÅRDEN

Ekki til þeir íslensku leikmenn sem mig vantar

Sigurður Jónsson, nýráðinn yfirþjálfari sænska liðsins Djurgården, er í óða önn að undirbúa liðið fyrir næsta tímabil í sænsku úrvalsdeildinni. Leikmenn í Svíþjóð eru í frí þessa dagana og æfingar hefjast að nýju 4. janúar.

„Ég er í Stokkhólmi núna og við erum bara að skipuleggja framtíðina. Ég er búinn að finna íbúð hérna. Ég kem svo heim í jólafrí og æfingar byrja síðan 4. janúar.“

Sigurður hefur ekki náð að hitta allan hópinn hjá Djurgården ennþá. „Leikmenn eru í frí núna en ég hef hitt fjóra leikmenn sem við tókum fund með.“

Þar ræddum við hvað væri hægt að gera betur og í hvaða stöðum. Við erum búnir að taka ákvörðun um þær stöður sem okkur vantar leikmenn í og nú er bara verið að leita. Okkur vantar leikmenn í þrjár til fjórar stöður.“

Sigurður gerði ekki ráð fyrir að leita á íslenska leikmannamarkaðnum eftir leikmönnum.

„Eins og staðan er í dag þá eru ekki til þeir leikmenn á Íslandi sem hafa þá eiginleika

sem við erum að leita að.“

Tveir Íslendingar eru í leikmannahópi Djurgården, þeir Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen, en Kári hefur verið orðaður við sölu frá sænska liðinu að undanfögnu. „Ég talaði við Kára og það kemur í ljós vonandi á næstu dögum hvað verður,“ sagði Sigurður. Síðasta tímabil var ekki gott hjá Djurgården en Sigurður sagðist þó ekki finna fyrir pressu í starfinu. „Það er alltaf markmiðið hjá svona stóru félagi að slást um gullið. Þetta verður mjög erfitt en þannig á það auðvitað að vera, enda einn stærsti klúbburinn í Skandinavíu. Síðasta tímabil var vonbrigði og það er allt að vinna eins og staðan er núna.“

Svo er þetta líka sameiginleg ábyrgð sem við tökum í þessu, ég er með menn í kringum mig sem fá sína ábyrgð. Ég tek samt úrslitaábyrgð hvernig liðið verður hverju sinni og hef yfirábyrgðina á þessu. Þetta veltur mikið á því hvernig við komum til með að vinna saman.“



Egidijus afgreiddi Framara

HK vann gríðarlega mikilvægan sigur á Fram á útivelli í gær, 32-29, þar sem Egidijus Petkevicius varði 22 skot gegn sínum gömlu félögum og tryggði HK sigur.

HANDBOLTI „Ég er mjög óánægður, bæði með vörnina og sóknina. Við spilðum bara ekki nægilega vel til þess að vinna þennan leik. Við vorum mjög lengi í gang í þessum leik, þetta var bara afsþyrnuslappt hjá okkur og ég vil ekkert segja neitt meira um þetta,“ var það eina sem Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, hafði að segja eftir tap liðsins gegn HK í Safamýrinni í gær þar sem HK-menn spilðu af miklum krafti og unnu sanngjarnan sigur, 32-29.

Valdimar Þórsson, leikmaður HK, var að mæta sínum gömlu félögum í Fram og honum leiddist ekkert að sigra þá í gær. „Þetta var rosalega sætt, ég er ekki mikill Framari. Þannig að þetta var bara algjör snilld. Þetta var ótrúlega mikilvægur sigur, sennilega mikilvægasti sigurinn í deildinni hingað til. Við erum búnir að vera í tómu rugli undanfarið en núna sýndum við hvað við getum,“ sagði kátur Valdimar Þórsson.

Það var alveg ljóst í byrjun leiksins í gær að HK-menn voru ekki komnir í Safamýrina til að sýna Íslandsmeisturunum neina linkind. HK byrjaði leikinn mun betur og náðu strax undirtökum í leiknum. Um miðjan fyrri hálfleik var staðan orðin 5-10 gestunum í vil og allt í tómu tjóni hjá Fram.

Framarar tóku sig þó saman í andlitinu undir lok fyrri hálfleiks og náðu að minnka muninn niður í eitt mark en staðan í hálfleik var 14-15 fyrir HK. Egidijus Petkevicius, markvörður HK, reyndist sínum fyrrum félögum erfiður ljár í þúfu í fyrri hálfleiknum en hann varði 13 skot fyrir leikhlé.

HK-menn náðu aftur undirtökunum í byrjun síðari hálfleiks og juku forskot sitt. Mótlætið virtist fara mikið í taugarnar á Íslandsmeisturunum og það fór mikil orka hjá þeim í að rifast, bæði við dómara leiksins og innan liðsins. Illa gekk hjá Fram að ná gestun-



VALDIMAR ÞÓRSSON Fór illa með sína gömlu félagi í Fram í leik HK og Fram í gær og skoraði 10 mörk.

um sem leiddu allt til leiksloka og unnu að lokum öruggan sigur, 32-29.

Það er alveg ljóst að lykilmenn Fram eins og Sigfús Sigfússon og Jóhann Einarsson verða að eiga betri leik ef Fram á að sigra eins sterkt lið og HK. Tomas Eitutus og Valdimar Þórsson áttu góðan leik hjá HK og skoruðu tíu mörk hvor og einnig átti Egidijus Petkevicius stórleik í markinu og varði 22 skot.

„Þetta var rosalega mikilvægt. Við vorum á góðu róli fyrir í vetur

en fengum aldeilis magalendingu í síðasta leik á móti Stjörnunni. Svo kemur þetta og við erum bara að fara í úrslitaleik við Val um næstu helgi um toppsætið í deildinni,“ sagði Sigurgeir Árni Ægisson eftir leikinn og hann sagði að þetta góða gengi HK-liðsins þyrfti ekki að koma neinum á óvart.

„Við erum með góðan mannskap og mikla breidd. Það er samt svoleiðis að allir leikir eru mikilvægir, það er svo stutt á milli liða,“ bætti Sigurgeir Árni við.

dagur@frettabladid.is



ALVARO QUIROS Bar sigurorð af keppinautum sínum á Alfred Dunhill-mótinu í Suður-Afríku.

ALFRED DUNHILL GOLF MÓTIÐ:

Quiros fór með sigur af hólmi

GOLF Alfred Dunhill-mótinu í golfi lauk í gær þar sem Spánverjinn Alvaro Quiros fór með sigur af hólmi. Suður-Afríkumaðurinn Charl Schwartzel var með tveggja högga forystu fyrir lokadaginn en náði ekki að halda út og varð að láta sér annað sætið nægja að þessu sinni.

Quiros lék á 74 höggum fyrsta daginn og var ekki líklegur til afreka þá en með góðu spili þrjá síðustu dagana náði hann að tryggja sér frækinn sigur. Hann lék annan hringinn á 66 höggum, þriðja hringinn á 68 höggum í gær lék hann á 67 höggum. Quiros var því á 13 höggum undir pari samanlagt sem dugði honum til sigurs.

Schwartzel var á 12 höggum undir pari fyrir síðustu holuna í gær en á 18. holu skaut hann í vatn og það reyndist honum dýrkeypt. Hann lék síðustu holuna á pari og varð því að sætta sig við annað sætið á mótinu. - dsd



DON NELSON Er næstsigurælasti þjálfari í sögu NBA.

GOLDEN STATE WARRIORS:

Nelson með 1.200 sigurleiki

NBA Don Nelson náði þeim merka áfanga í fyrrinótt að vinna sinn 1.200 leik sem þjálfari í NBA-deildinni í körfubolta þegar lið hans, Golden State Warriors, bar sigurorð af New Orleans Hornets, 101-80. Nelson er næstsigurælasti þjálfari NBA. Lenny Wilkins er sigursælasti þjálfari NBA en hann vann 1.332 leiki á sínum þjálfaraferli.

Leikmenn Golden State Warriors flyktust að þjálfara sínum eftir leikinn og eftir að hafa mistekist að ná þessum áfanga í síðustu fjórum leikjum var Nelson létt eftir leikinn í fyrrinótt. „Pressan var farin að segja til sín en það er gott að þetta er ekki að plaga mig lengur,“ sagði kátur Don Nelson að leik loknum. - dsd

Örn Arnarson bætti Íslandsmetið í flugsundi þrisvar sinnum á Evrópumótinu í 25 metra laug í Helsinki:

Örn vann bronsverðlaun í flugsundi

SUND Örn Arnarson úr Sundfélagi Hafnarfjarðar gerði sér lítið fyrir og vann til bronsverðlauna í 50 metra flugsundi á Evrópumótinu í 25 metra laug í gær. Örn synti vegalengdina á 23,55 sekúndum og bætti Íslandsmet sitt sem hann setti fyrir um daginn.

Króatinn Alexei Puninski fór með sigur af hólmi í sundinu og synti á tímanum 23,21 sekúndum og Þjóðverjinn Thomas Rupprath varð annar á tímanum 23,34 sekúndum.

Örn synti á 23,77 sekúndum í undanrásunum og setti Íslandsmetið aftur þegar hann synti á 23,60 sekúndum. Örn bætti því Íslandsmetið þrisvar á einum degi.

Örn keppti einnig til úrslita í

100 metra fjórsundi en náði sér ekki á strik þar, synti á 55,04 sekúndum og endaði í sjöunda sæti.

Ragnheiður Ragnarsdóttir keppti í 50 metra skriðsundi í gær en hún varð í 16. sæti í undanúrslitum þegar hún synti á tímanum 25,71 sekúndu.

Jóhanna Gerða Gústafsdóttir varð að láta sér lynda 24. sætið í 400 metra fjórsundi þegar hún synti á 5:02,54 og Anja Ríkey Jakobsdóttir varð einnig í 24. sæti í 200 metra baksundi á 2:19,19.

- dsd

ÖRN ARNARSON Er hér við hlið Alexei Puninski sem sigraði í 50 metra flugsundi á EM í gær.

NORDIC PHOTOS/AFP



ERLENDUR ÍSFELD Var að vonum ekki sáttur við tapið í gær enda ÍR í neðsta sæti deildarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

DHL-deild karla:

Botnbaráttusigur hjá Fylki

HANDBOLTI Fylkir vann þriggja marka sigur á botnliði ÍR í DHL-deild karla í handbolta í gær, 37-34. Liðin sátu í tveimur neðstu sætum deildarinnar og leikurinn því mjög þýðingarmikill fyrir bæði lið. Fylkir hafði yfirhöndina allan leikinn og ÍR náði mest að minnka muninn í eitt mark.

Erlendur Ísfeld, þjálfari ÍR, var að vonum óánægður eftir leikinn. „Maður hélt að þetta væri að koma hjá okkur eftir tvo sigurleiki í röð en það virtist ekki duga til. Menn langaði ekki nógu mikið að vinna þennan leik í dag, það vantaði eitthvað upp á. Það háir okkur líka að við höfum verið að spila þetta tímabil á sjö markvörðum og við erum ekki að fá nægilega góða markvörslu, það verður bara að segjast eins og er. Þessi markverðir sem komu inn eftir að hinir meiddust eru ekki í mikilli æfingu, það tekur lengri tíma að koma svona hlunkum í form en einhverjar tvær eða þrjár vikur,“ sagði Erlendur.

- dsd

Nýjar línur

á auðveldan hátt

Slendertone FLEX
buxurnar er
byltingarkennt
vöðvamótunartæki
sem byggir á öflugri CSI
tækni sem örvar og styrkir
rass-og lærvöðva.
FLEX buxurnar þjálfa vöðva
sem erfitt er að ná til með
hefðbundnum æfingum.
stærsti kosturinn við
Slendertone FLEX
buxurnar er að þú getur
sinnt öðru á meðan
tækið þjálfar
vöðvana.

SLENDERTONE

FLEX-buxur verð kr

19.995.-

Vaxtalaus kjör í 3 mánn með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mánn.



ÖFLUGT TÆKI SEM SKILA ÞÉR ÁRANGRI

Einnig frá
SLENDERTONE

Þjálfar kvíðvöðva
Slendertone FLEX
herra og dömu

Verð kr. **14.985.-**



Þjálfar kvíðvöðva
Slendertone
FLEX-MAX
herra og dömu

Verð kr. **19.995.-**



allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opið

Virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-15

Kíktu á glæsilega netverslun okkar www.hreysti.is

ÚRSLIT Í GÆR

DHL-deild karla:

FRAM - HK (14-15) 29-32
Mörk Fram: Andri Berg Haraldsson 7 (14), Þorri Björn Gunnarsson (5) (6), Haraldur Þorvarðarson 4 (5), Rúnar Kárasón 3 (8), Jóhann Gunnar Einarsson 3 (7/2), Einar Ingi Hrafnsson 2/1 (3/2), Sigfús Páll Sigfússon 2 (3), Daniel Berg Grétarsson 1 (1), Guðjón Dreggsson 1 (2), Stefán Baldvín Stefánsson 1 (2).
Varín skot: Magnús Erlendsson 11, Björgvin Gústavsson 6.
Hraðaupphlaupsmörk: 8 (Þorri 3, Stefán, Andri, Haraldur, Guðjón, Rúnar).
Fiskuð víti: 4 (Sigfús 2, Guðjón, Andri).
Utan vallar: 8 mínútur.
Mörk HK: Tomas Eitutus 10 (15), Valdimar Þórsson 10/2 (17/2), Augustas Strosdas 4 (6), Ragnar Hjaltstedt 3 (5), Sigurgeir Árni Ágústsson 2 (2), Gunnar Jónsson 2 (3), Friðrik Brendan Þorvaldsson 1 (2).
Varín skot: Egidijus Petkevicius 22/2.
Hraðaupphlaupsmörk: 7 (Augustas 2, Tomas 2, Sigurgeir 2, Ragnar).
Fiskuð víti: 2 (Friðrik, Augustos).
Utan vallar: 6 mínútur.

STJARNAN - VALUR (16-10) 33-26
Mörk Stjarnunnar: Tite Kalandaze 11/2 (14/2), Elías Már Halldórsson 6 (9), Gunnar Ingi Jóhannsson 5 (7), Volodymyr Kysil 3 (3), David Kekelia 3 (5), Björn Óli Guðmundsson 2 (4), Guðmundur Guðmundsson 2 (6), Björn Friðriksson 1 (2).
Varín skot: Roland Eradze 20.
Hraðaupphlaupsmörk: 6 (Kekelia 3, Gunnar 2, Guðmundur).
Fiskuð víti: 2 (Björn Óli 2).
Utan vallar: 12 mínútur.
Mörk Vals: Markús Máni Mikaelsson 7/5 (11/5), Arnór Gunnarsson 4 (6), Davíð Höskuldsson 4 (6), Sigurður Eggertsson 4 (7), Emir Hrafn Arnarson 3 (6), Baldvín Þorsteinsson 2 (3), Gunnar Harðarson 1 (1), Fannar Friðgeirsson 1 (5).
Varín skot: Ólafur Gíslason 11, Pálmar Pétursson 3.
Hraðaupphlaupsmörk: 2 (Baldvín, Davíð).
Fiskuð víti: 5 (Baldvín 2, Davíð, Fannar, Gunnar).
Utan vallar: 12 mínútur.

AKUREYRI - HAUKAR (13-14) 27-27
Mörk Akureyrar: Hörður Fannar Sigþórsson 5 (7), Goran Gucis 5/3 (8/4), Magnús Stefánsson 5 (15), Nikolai Jankovic 4 (5), Alex Kuzminski 3 (4), Heiðar Þór Aðalsteinsson 3 (4), Rúnar Sigtryggsson 2 (6).
Varín skot: Hreiðar Levý Guðmundsson 13, Sveinbjörn Pétursson 12.
Hraðaupphlaupsmörk: 2 (Heiðar, Jankovic).
Fiskuð víti: 3 (Gucis 2, Hörður).
Utan vallar: 4 mínútur.
Mörk Hauka: Sigurbergur Sveinsson 7 (13), Guðmundur Pedersen 5/4 (6), Kári Kristján Kristjánsson 5 (9), Andri Stefan 4 (12), Samúel Ívar Arnason 3 (4), Jón Karl Björnsson 2 (3/0), Arnar Pétursson 1 (6), Gísli Jón Þórisson 0 (2), Árni Þór Sigtryggsson 0 (10).
Varín skot: Magnús Sigmundsson 17, Björn Ingi Friðbjósson 1/1.
Hraðaupphlaupsmörk: 1 (Samúel).
Fiskuð víti: 5 (Andri 2, Árni, Guðmundur, Sigurbergur).
Utan vallar: 6 mínútur.

FYLKIR - ÍR 37-34

STADAN:

HK	10	7	1	2	+19	15
VALUR	10	7	0	3	+12	14
FRAM	10	5	1	4	+22	11
AKUREYRI	10	4	2	4	+1	10
STJARNAN	10	5	0	5	0	10
HAUKAR	10	3	3	4	-10	9
FYLKIR	10	3	1	6	-17	7
ÍR	10	2	0	8	-27	4

Enska úrvalsdeildin:

CHELSEA - ARSENAL 1-1
 0-1 Fláminí (78.), 1-1 Essien (84.).

STADA EFSTU LIÐA:

MAN. UNITED	17	14	2	1	38-9	44
CHELSEA	16	11	3	2	26-9	36
PORTSMOUTH	17	8	4	5	23-14	28
LIVERPOOL	17	8	4	5	23-15	28
BOLTON	17	8	3	6	19-15	27
ARSENAL	16	7	5	4	26-13	26
READING	17	8	2	7	19-26	26

Iceland Express deild kvk:

HAMAR - HAUKAR 19-105

Lýsingabikar karla:

HAMAR/SELFOSS - ÞÓR ÞORLÁKS. 78-64
 KEFLAVÍK B - GRINDAVÍK 88-116
 VALUR - SKALLAGRÍMUR XX-XX
 Leiknum var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.
 TINDASTÖLL - KR 86-94

Lýsingabikar kvenna:

KR - SN/EFELL 56-63

Hollenska úrvalsdeildin:

AJAX - AZ ALKMAAR 2-2
Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn í liði AZ Alkmaar en **Jóhannes Karl Guðjónsson** var á varamennabekki og kom ekkert við sögu.

Skandinavíudeildin:

BRÖNDBY - LILLESTRÖM 1-1
 HELSINGBORG - BRANN 2-2
 ELFSBORG - VÄLERENGA 2-3

Chelsea er nú átta stigum á eftir Manchester United eftir jafntefli við Arsenal í stórleik helgarinnar:

Essien með frábært jöfnunarmark

FÓTBOLTI Liðsmenn Arsenal geta talist heppnir að hafa sloppið með stig frá Stamford Bridge í gær en heimamenn í Chelsea áttu tvö skot í tréverkið í uppbótartíma. Leikurinn endaði með jafntefli 1-1 þar sem Michael Essien skoraði frábært jöfnunarmark á 84. mínútu. Ashley Cole, bakvörður Chelsea, var í sviðsljósinu en hann var að leika gegn sínum gömlu félagum og fékk gula spjaldið í fyrri hálfleik. Frank Lampard átti stangarskot í nokkuð liflegum fyrri hálfleik en staðan var markalaus í leikhlénu.

Það var gegn gangi leiksins sem Arsenal náði forystu á 78.

mínútu en þá skoraði Mathieu Flamini. Henrique Hilario, markvörður Chelsea, var í boltanum en tókst ekki að koma í veg fyrir mark. Sex mínútum síðar jafnaði Essien með stórglæsilegu þrumuskoti af löngu færi. Í uppbótartíma voru gestirnir stálheppnir en Essien átti sláarskot. Þá fékk Lampard dauðafæri eftir mistök frá Jens Lehmann en skot hans hafnaði í stönginni. Chelsea var betra liðið í leiknum og Arsenal getur þakkað fyrir stigið.

„Ég er mjög stoltur af mínum mönnum eftir þennan leik. Það var samt óneitanlega svekkjandi að fá þetta jöfnunarmark á okkur

en það var augljóst brot í undirbúningi fyrir það,“ sagði Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, en Cole braut augljóslega á Alexander Hleb rétt áður en Essien skoraði jöfnunarmarkið. Arsenal lék án margra lykilmanna í leiknum.

„Við sköpuðum okkur fullt af færum og hefðum átt að ná öllum stigunum. Það fór ekki á milli mála hvort liðið spilaði til sigurs, það leit ekki út fyrir að Arsenal sé með nokkurn vilja til að vinna þessa deild. Sir Alex Ferguson hlýtur að fagna þessum árangri en ef hann heldur að þetta sé búið núna þá mun hann lenda í vand-



ASHLEY COLE Fékk að heyrja það frá stuðningsmönnum Arsenal.

NORDIC PHOTOS/GETTY

ræðum,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea.

- egm

Stjarnan kafsígldi Val

Valsmenn sáu aldrei til sólar í Garðabænum í gær þegar þeir heimsóttu Stjörnuna. Heimamenn voru einfaldlega betri á öllum sviðum handboltans og unnu á endanum sjö marka sigur sem hefði getað orðið stærri.

HANDBOLTI „Þetta var það lélegasta sem ég hef séð frá okkur í langan tíma, þetta var bara hrein hörmung,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, eftir viðureignina við Stjörnuna í gær. Stjarnan hafði yfir allan leikinn og vann á endanum 33-26 á heimavelli sínum. Fyrir leikinn voru Valmenn í efsta sæti DHL-deildarinnar en HK-ingar komust á toppinn með sigri sínum á Fram.

„Það gekk bara einfaldlega ekkert upp hjá okkur og þeir voru mun betri. Við þurfum að fá inn meiri skynsemi á móti svona liðum, við vorum eiginlega yfirspenntir og gerðum mikið af mistökum. Í seinni hálfleik var þetta síðan orðið ansi erfitt og þetta var bara einn af þessum dögum. Við erum alvöru íþróttamenn, vitum upp á okkur skömmuna og lítum í eigin barm. Við þurfum bara að koma til baka og læra af þessu fyrir næsta leik sem er gegn HK,“ sagði Óskar Bjarni.

Stjörnumenn komu mjög ákveðnir til leiks og skoruðu fyrstu fjögur mörk leiksins. Þeir höfðu örugga forystu út hálfleikinn en staðan var 16-10 þegar menn héldu til búningsherbergja. Eins og tölurnar gefa til kynna var varnarleikur Stjörnunnar feykilega sterkur og mistök Valsmanna voru of mörg. Yfirburðir heimamanna héldu áfram í seinni hálfleiknum og náðu þeir mest þrettán marka forskoti, 28-15. Þeir gjör-samlega keyrðu yfir gesti sína og unnu á endanum sjö marka sigur.

„Svona á þetta að vera, við ákváðum að berjast til hins ítrasta og gáfum ekkert eftir. Ég lagði síðan áherslu á að leikmenn mínir



TEKINN FÖSTUM TÖKUM David Kekelia, leikmaður Stjörnunnar, er hér tekinn föstum tókum af Ingvari Árnasyni, leikmanni Vals.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

héldu áfram í seinni hálfleik en væru ekkert horfa á klukkuna eins og oft vill verða. Tite kom sterkur inn, vörnir var góð og þetta var sigur liðsheildarinnar. Ég er sáttur við allt í leiknum nema þegar ég tók leikhlé undir lokin, það var óíþróttamannslegt gagnvart Valsmönnum. Ég er ekki sáttur við mig þar og biðst afsökunar. Annars vorum við mun betri í þessum leik en við megum ekki fagna of lengi, það er leikur á laugardaginn gegn ÍR á útivelli og þeir eru erfðir heim að sækja,“ sagði Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar, sem virðist loks komin á beinu brautina.

Mikill hiti var í leikmönnum og

elvalgeir@frettabladid.is

baráttan mikil, litlu mátti muna að upp úr syði í fyrri hálfleiknum. Roland Valur Eradze átti góðan leik í markinu eins og oft áður en hann varði alls tuttugu skot. Elías Már Halldórsson var öflugur og þá sérstaklega í fyrri hálfleiknum en hann skoraði sex mörk í leiknum. Besti maður leiksins var þó án efa Tite Kalandaze sem skoraði alls ellefu mörk. Búiast var við því að Patrekur Jóhannesson yrði með Stjörnuni í leiknum en hann hefur enn ekki jafnað sig af meiðslum. Valsmenn voru langt frá sínu besta í leiknum og vilja örugglega gleyma frammistöðu sinni sem fyrst.

Akureyri og Haukar gerðu jafntefli, 27-27, í DHL-deild karla í handbolta í gær:

Spennuþrungnið jafntefli á Akureyri

HANDBOLTI Leikur Akureyrar og Hauka var spennuþrunginn frá upphafi til enda í KA-heimilinu á Akureyri í gær. Liðin skiptust á að halda forystu en undir lokin voru Haukar klaufar að fara ekki með bæði stigun í farteskunni suður í Hafnarfjörð.

Haukar voru skrefinu á undan í fyrri hálfleik en jafnt var á flestum tölum. Sóknarleikur Hauka var þó ekkert til að hrópa húrta fyrir, sér í lagi voru skot þeirra slök og rötuðu mörg hver beint á markmenn Akureyrar sem stóðu vaktina með þrýði í leiknum en Haukar leiddu með einu marki í hálfleik, 13-14.

Akureyringar bitu í skjaldarrendur í síðari hálfleik og náðu tveggja marka forystu en tókst ekki að slíta Hauka frá sér. Hafniróingar svöruðu um hæl, jöfnuðu og komust svo tveimur mörkum yfir þegar skammt var til leiksloka. Dramatíkin undir lokin var mikil. Akureyringar gátu jafnað leikinn þegar ein og hálf mín-

úta var eftir en þeir brenndu af vítakasti. Haukar náðu ekki að skora og Akureyringar fengu svo aftur víti sem þeir nýttu og jöfnuðu leikinn í 27-27 og spennan í hámarki.

Þegar 22 sekúndur lifðu leiks tóku Haukar leikhlé, misstu svo boltann í sókninni en voru æfir yfir því að fá ekki aukakast. Akureyri geystist í sókn en á ögur-stundu gripu leikmennirnir ekki boltann í hraðaupphlaupi og leikurinn fjaraði út. Jafntefli því niðurstaðan í æsispennandi leik á Akureyri en Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, var ekki þar sáttur eftir leikinn.

„Nei ég er alls ekki sáttur með eitt stig. Við komum hingað til að taka þau bæði og ég er hundfúll yfir því að það tókst ekki. Mér fannst við vera miklu betri í þessum leik og eiga meira skilið. Því miður datt þetta ekki með okkur undir lokin, við vorum með tveggja marka forystu en misstum þetta niður sem við áttu auðvitað ekki



OG ÞAÐ VAR MARK Hörður Fannar Sigþórsson skorar hér eitt af fimm mörkum sínum í leiknum í gær.

- egm



JERMAIN TAYLOR Varði WBC og WBO titlana sína í fyrrinótt. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hnefaleikar:

Taylor tókst að verja beltin sín

BOX Jermain Taylor bar sigurorð af Kassim Ouma í fyrrinótt og náði þar með að verja WBO og WBC titlana sína í millivigt. Bardaginn fór fram í Arkansas þar sem Taylor var á heimavelli.

Þrátt fyrir að hafa áhorfendur á bak við sig náði Taylor ekki að slá Ouma út af laginu og því þurftu dómarnir að skera úr um hvor væri sigurvegari. Það var hins vegar engin spurning hver hafði unnið því allir dæmdu þeir Taylor í vil.

„Ég ætlaði mér að rota hann í fyrstu lotunum. Ég var svo ákveðinn í því að ég sló eiginlega sjálfan mig út, en ég er í það góðu formi núna að það kom ekki að sök. Ouma kom hingað til að berjast. Hann má eiga það að þrátt fyrir að vera lítill, þá er hann harður af sér,“ sagði Taylor eftir bardagann. - dsd



SIR ALEX Er ánægður með leikmannahóp sinn en mun samt hafa augun opin í janúar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

Ánægður með hópinn

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, hefur staðfest að hann muni skoða leikmannamarkaðinn í janúar en bætir þó við að koma Ole Gunnars Solkjær og Henriks Larsson í hópinn muni bæta leikmannahópinn. Ferguson fær Larsson til liðs við Manchester United í janúar með það fyrir augum að geta hvílt þá Louis Saha og Wayne Rooney.

„Solkskjær er að verða klár í slaginn að nýju, Ji-sung Park er allur að koma til, Alan Smith er að verða betri, Henrik Larsson er á leið til okkar og þetta eru allt leikmenn sem munu hjálpa okkur,“ sagði Ferguson á Sky Sports News en bætti við að hann væri að skoða leikmannamarkaðinn.

„Við erum að horfa í kringum okkur en við erum himinlifandi með að fá Henrik.“

Mörgum þykir Ferguson fara undarlegar leiðir en fyrr á þessari leiktíð var hann tilbúinn að láta Alan Smith fara á láni auk þess sem Ítalinn Giuseppe Rossi er í láni hjá Newcastle. - dsd

Cristiano Ronaldo segist vera himinlifandi hjá Manchester United og ætlar að verða besti leikmaður í heimi:

Ronaldo segist vera betri en Eric Cantona

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo, leikmaður Manchester United, er í sjöunda himni með lífið á Old Trafford þessa dagana og segist ætla sér að verða besti knattspyrnumaður í heimi. Ronaldo leikur í hinni frægu treyju númer 7 hjá Manchester United en leikmenn eins og George Best, Bryan Robson, David Beckham og Eric Cantona hafa leikið í henni gegnum tíðina.

Ronaldo telur sig vel eiga heima í þessum hópi og segist jafnvel vera betri en Cantona. „Draumur minn er að verða besti leikmaður í heimi. Frá því að ég var krakki þá hef ég reynt að verða besti kant-

maður í heimi. Það er enn langur vegur fram undan en möguleikinn er til staðar og ég er að reyna. Á eftir mér þá er besta sjöan sem ég hef séð Eric Cantona en ég er aðeins 21 árs og langar að ná miklu lengra en ég hef gert hingað til.“

Ronaldo hefur verið gagnrýndur mikið að undanfögnu og sakaður um leikaraskap. „Ég tek ekkert eftir þessari gagnrýni og hún hefur engin áhrif á mig. Kannski eru gagnrýndurnir ófundsjúkir. Ég þarf ekkert að breytast og er sami strákurinn og ég var þegar ég kom fyrst til Englands, hunguradur í árangur.“



CRISTIANO RONALDO Er augljóslega mjög metnaðarfullur og kokhraustur. NORDIC PHOTOS/AFP

- dsd

Jólin eru að koma!

Fótboltafatnaður frá
NIKE Total 90

Rooney og Ronaldo bolir í skemmtilegum poka Kr. 2.990.-

Nike Total 90
Æfingabolir kr. 4.990.-

Toppur kr. 7.990.
Buxur kr. 4.490.-

Bakpokar og töskur

Hjá okkur færðu eitt mesta úrval landsins af fótboltavörum

Húfur og treflar

Chelsea Arsenal ManU Og Liverpool Flísteppi

Hjá okkur færðu skemmtilegar jólagjafir!

Íslenska landsliðið Kr. 5.990.-

veggkukkur

Innanhússfótboltaskór frá NIKE og Adidas

Heimsmeistararnir í fótbolta! Ítalia Kr. 6.990

Jói útherji
KNATTSPYRNUVERSLUN

Ármúla 36 s. 588 1560
Sendum í póströfu samdægurs
www.joiutherji.is

Ópið alla daga til jóla

> Salma Hayek

Fæddist 2. september í Mexíkó 1966 og vakti fyrst athygli sem tálkvenið Carolina í myndinni „Desperado“ eftir Robert Rodriguez. „Once Upon A Time In Mexico“ sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld er framhald þeirrar myndar og endurtekur Salma hlutverkið sitt sem Carolina í þeirri mynd.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** FÓR AFTUR TIL UPPHAFSINS

Fóstur fer á kostum

Ég horfði á heimildarþætti um daginn. Þeir voru frábærlega góðir þrátt fyrir að sögusviðið væri lítið og aðal söguhetjan ófær um að tjá sig. Hún gat líka lítið sem ekkert hreyft sig. Framvindan var þó hröð og greip mig með sér og lokaatriðið var allt í senn dramatískt, spennandi og fyndið. Fólkið í myndinni grét og hló, ég grét og hló.

Myndin sagði þroskasögu barns í móðurkviði og fæðingu þess. Ekki sérstaklega spennandi finnst sjálfsagt mörgum en einhvern vegin tókst að gera myndina þannig úr garði að hún var í senn fræðandi og skemmtileg. Reyndar er kannski ekkert að marka mig, ég hef sérstakan áhuga á heimildamyndum og er nokk sama um hvað þær fjalla. Ég sá til dæmis heillandi skemmtilega heimildamynd um flatlys einu sinni. Jæja, þetta var kannski ekkert sérstaklega smekklegt dæmi til samanburðar en sú mynd kom upp í hugann af því að hún gerðist á svipuðum slóðum og sú fyrri.

Þegar myndinni var lokið fór ég að sofa. Draumarnir létu ekki á sér standa og ég upplifði allt sem litla söguhetjan hafði upplifað. Það var ekkert sérstaklega skemmtilegur draumur en þó mun skemmtilegri en það sem mig dreymdi eftir að ég horfði á heimildamyndina um flatlysna, það eitt er alveg víst. Það er nefnilega svo að góð heimildamynd getur fært þann sem við tækid situr nær aðstæðum eða atburðum sem þeir hafa verið í eða þekkja á annan hátt, eða kynnt fyrir áhorfandanum eitthvað sem er honum að öllu leyti framandi. Sumar fjalla líka um hluti sem við þráum eða hlökkum til, eða óttumst meira en nokkuð annað.



EKKI MISSA AF



▶ **18.00** 6 til 7 SKJÁR EINN



▶ **13.50** Sisters STÖÐ 2



▶ **20.30** My Name Is Earl Sirkus



▶ **18.45** Jóladaatalið Sónvarpið



▶ **21.30** Spænsku mörkin Sýn

☀ SJÓNVARPIÐ

- 15.40** Helgarsportíð
- 16.05** Ensku mörkin
- 17.00** Jóladaatalið - Stjórnustrákur
- 17.10** Leiðarljós
- 17.50** Tákn málsfréttir
- 17.59** Myndasafnið
- 18.00** Fyndin og furðuleg dýr (4:26)
- 18.05** Lubbi læknir (40:52)
- 18.20** Ástfangnar stelpur (2:13)
- ▶ **18.45** Jóladaatalið - Stjórnustrákur
- 19.00** Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35** Kastljós
- 20.10** Aldamótabörn (3:4) (Child of Our Time) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra.
- 21.15** Glæpahneigð (22:22) (Criminal Minds)
- 22.00** Tíufréttir
- 22.25** Ensku mörkin e.
- 23.20** Spaugstofan
- 23.45** Friedman í Sónvarpssal Sónvarpið endursýnir umræðuþátt með Milton Friedman, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, sem lést 16. nóvember. Friedman var meðal þekktustu og áhrifamestu hagfræðinga 20. aldar. Hann sótti Ísland heim árið 1984 og flutti fyrirlestur. Hann tók einnig þátt í umræðum í sjónvarpssal um kenningar sínar, en þátttakendur voru Birgir Björn Sigurjónsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Stefán Ólafsson. Bogi Ágústsson stýrði umræðum og Sigurður Grímsson stjórnaði upptöku.
- 1.00** Kastljós
- 1.35** Dagskrárlok

☀ BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00** Magic Pudding (Töfrabúðingurinn)
- 8.00** Full Court Miracle Leyfð öllum aldurshópum.
- 10.00** Daddy and Them (Pabbi og þau)
- 12.00** A Cinderella Story
- 14.00** Magic Pudding
- 16.00** Full Court Miracle
- 18.00** Daddy and Them
- 20.00** A Cinderella Story
- 22.00** Once Upon a Time in Mexico (e)
- 0.00** Extreme Ops
- 2.00** Narc (Fíknó)
- 4.00** Once Upon a Time in Mexico (e) (Einu sinni í Mexíkó)



6.58 Ísland í bítið Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Amardóttir, betur þekkt sem Sírný.

9.00 Bold and the Beautiful

9.20 Í finu formi 2005 (Í finu formi 2005)

9.35 Opra

10.20 Ísland í bítið (e)

12.00 Hádegisfréttir

12.40 Neighbours (Nágarnnar)

13.05 Valentína (My Sweet Fat Valentína) Nýir framhaldsþættir. Suðuramerísk sápuopera af bestu gerð sem nýtur geysilegra vinsælda um heim allan. Aðalpersónan er Valentína, ung og ómótstæðileg kona. Hún er yndislega ljúf og góð og með kímigáfuna í lagi. Þættirnir eru frumsýndir á mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagsmorgnum.

▶ **13.50** Sisters (Systur)

14.35 George Lopez (21:24) (George's Relatively Bad Idea)

15.00 Listen Up (5:22) (Takið eftir)

15.25 Ljónagrín

15.50 Skrímslaspilið (32:49)

16.13 Tíburasysturnar (2:22)

16.38 Títeuf

17.03 Smá skrítnir foreldrar

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Íþróttir og veður

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi (10:26)

20.05 Extreme Makeover: Home Edition (21:25)

20.50 Grey's Anatomy (5:22)

21.35 Crossing Jordan (11:21)

22.20 Hver fær barnið mitt?

23.05 Prison Break (8:22)

23.50 Baran

1.25 Afterlife (1:8)

2.15 First \$20 Million Is Always the Hardest

4.00 Ísland í bítið e

5.35 Fréttir og Ísland í dag

6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

☑ SIRKUS TV

12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

18.00 Insider (e) Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnmendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2 í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

20.00 Entertainment Tonight ▶ **20.30** My Name is Earl (e) Darnell og Joy ætla að gifta sig og Earl kemst að því að honum er ekki boðið brúðkaupið. Til þess að gera illt verra ákveður Joy að hafa brúðkaupið áafmælisdegi Earl svo að vinir hans geti ekki haldið upp á daginn með honum.

21.00 Tekinn Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk'd með Ashton Kutcher. Auði hrekkir þjóðþekta einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar. Með aðstoð vina og ættingja „fórnalambanna“ verða stjórnumar leiddar í gildirur þar sem leikarar í hinum ýmsum gervum gera allt sem í þeirra valdi stendur til að pirra, hræða og hrella viðkomandi.

21.30 So You Think You Can Dance 2

23.05 Weeds (9:12) (e)

23.35 Insider

0.00 24 (24:24) (e)

0.45 Seinfeld

1.10 Entertainment Tonight (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjórnum.

1.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

☑ SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

☑ OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

🕒 SKJÁREINN

- 7.00** 6 til sjö (e)
- 8.00** Rachael Ray (e)
- 8.50** Venni Páer (e)
- 15.30** What I Like About you e.
- 15.55** Game tívi (e) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
- 16.20** Beverly Hills 90210
- 17.05** Rachael Ray
- ▶ **18.00** 6 til sjö Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti göðum gestum í myndveru SkjásEins.
- 19.00** Everybody Loves Raymond (e) Bandarísk gamansería.
- 19.30** Just Deal
- 20.00** One Tree Hill Bandarísk unglingsería þar sem húmor, dramatik og bullandi rómantík fara saman. Nathan á í peningavandræðum og biður Dan um hjálp. Brooke byrjar með nýjum kærasta en hann er ekki allur þar sem hann er séður, Payton fær hjálp úr óvæntri átt og Lucas snýr aftur í körfuboltaíð þrátt fyrir veikindin.
- 21.00** Survivor: Cook Islands Raunveruleikasería sem nú fer fram í þrettánda sinn. Að þessu sinni fer keppnin fram á Cook Islands í Kyrrahafi þar sem keppendur þurfa að þreka við erfiðar aðstæður og takast á við skemmtilegar þrautir. Það styttest í úrslitabáttinn. Nú eru aðeins sjö þraukarar eftir og allir eru að hugsa um hvernig þeir geti leikið á félagana sína.
- 22.00** Law & Order
- 22.50** Everybody Loves Raymond
- 23.20** Jay Leno
- 0.05** C.S.I.: New York (e)
- 1.05** Casino (e)
- 1.55** Beverly Hills 90210 (e)
- 2.40** Óstöðvandi tónlist

🕒 SKJÁR SPORT

- 14.00** Middlesbrough - Wigan (frá 9. des)
- 16.00** Bolton - West Ham (frá 9. des)
- 18.00** Prumuskot
- 19.00** Ítölsku mörkin
- 19.50** Sheff. Utd. - Aston Villa (b)
- 22.00** Að leikslokum (e) **23.00** Ítölsku mörkin (e)
- 0.00** Blackburn - Newcastle (frá 9. des)
- 2.00** Dagskrárlok



Stærsta og flottasta fiskborð landsins

Glæny linuysa 890 KR Kryddsíld og marineruð síld saltfiskur 1180 kr

Gellur og kinnfiskur Túnfiskur, hörpuskel, þorskhnakkar risarækjur, laxaflök humarsupa 1080 kr litrinn

kæst skata að vestan Glæsilegt urval fiskretta

jolahumarinn er komin

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

Í KVÖLD

Sirkus kl. 21.00

TEKINN

Auðunn Blöndal heldur uppteknum hætti í kvöld við að hrekka þjóðþekktu Íslendinga. Þátturinn byggir á erlendri fyrirmynd, MTV-þættinum Punk'd, þar sem Ashton Kutcher hefur fyllast í Hollywood-stjörnum, en sýningar hefjast á Punk'd í janúar á Stöð 2. Í þættinum í kvöld er fórnarlambið hans enginn annar en Björgvin Halldórsson. Í hreknum er Björgvin staddur í Skífuverslun að árita nýtkomma plötu sína. Þangað sendi Auði unga stúlku til að biðja um eigin-handararitun fyrir mömmu. Stúlkukindin gerist síðan vægast sagt dónaleg og illa upplýst um þennan fremsta dægurlagasöngvara þjóðarinnar og gerir allt sem hún getur til að spila með hans finustu taugar – með spaugilegum afleiðingum.



VIÐ MÆLUM MEÐ

Game-tívi

Á SKJÁ EINUM KL. 15.55

Þeir félagarnir Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fara yfir það nýjasta í tölvuheiminum í þættinum Gametívi. Tölvur, tækni og að sjálf-sögðu tölvuleikir eru meðal þess sem þeir vinirnir fjalla um. Það fer lítið framhjá þessum strákum, það er alveg á hreinu. Þetta er einstaklega skemmtilegur og nyt-samlegur þáttur fyrir tölvunörða en einnig fyrir annað fólk.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45	Veðurfregni	6.50	Bæn	7.00	Fréttir	16.13	Hlaupanótan
7.05	Morgunvaktin	8.00	Fréttir	9.00	Fréttir	17.00	Fréttir
9.05	Laufskálinn	9.45	Morgunleikfimi			17.03	Viðsjá
10.00	Fréttir	10.03	Veðurfregni	10.13		18.00	Kvöldfréttir
	Stefnumót	11.00	Fréttir	11.03	Samfélagið í nærmynd	18.24	Auglýsingar
						18.25	Spegillinn
12.03	Hádegisútlarp					18.50	Dánarfregni og auglýsingar
12.20	Hádegisfréttir					19.00	Vitinn
12.45	Veðurfregni					19.30	Laufskálinn
12.50	Dánarfregni og auglýsingar					20.10	Söngvamáll
13.00	Vitt og breitt					21.00	Heimurinn okkar
14.00	Fréttir					21.55	Orð kvöldsins
14.03	Útlarpssagan: Gangandi ikorni					22.00	Fréttir
14.30	Miðdegistónar					22.10	Veðurfregni
15.00	Fréttir					22.15	Úr tónlistarlifnu: Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri 2006
15.03	Krossgötur					0.00	Fréttir
16.00	Fréttir					0.10	Útlarpáð á samtengdum rásum
16.10	Veðurfregni						

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

10.10 FIFA World Club Championship

2005 Bein útsending frá leik Jeonbuk Motors og Americu á Heimsmeistararnóti félagsliða í knattspyrnu. Í keppninni eru bestu félagsliðin frá sex heimsálfum en mótið fór fram í fyrsta skipti árið 2006. Brasilíska liðið Sao Paolo á hér titil að verja. Í fyrsta leik fáum við að sjá sigurvegara asiðsku meistaradeildarinnar, Jeonbuk frá Kóreu og Americu frá Mexíkó.

13.50 Spænski boltinn

15.30 World Supercross GP 2005-06

16.20 World Golf Championship 2006

19.20 Sterkasti maður í heimi 2005 (World's Strongest Man 2005) Keppnin um sterkasta mann heims er ávallt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári.

19.50 FIFA World Club Championship 2005

21.30 Spænsku mörkin

22.15 Ensku mörkin

22.45 KF Nörd (15:15) (KF Nörd) Síðasti þátturinn um Knattspymufélagið Nörd þar sem Nördarnir fá að spreya sig gegn Íslandsmeisturum FH frammi fyrir 7 þúsund áhorfendum á Laugardalsvelli.

23.30 Heimsmótaröðin í Póker

Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

11.40 Debatten 12.20 Udefra: Det politiske drivhus
13.20 Mysteriet om Danmark Ekspeditionen 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Boogie Update 16.00 Landulven og byulven 16.05 Yu-Gi-Oh! 16.30 Troldspejlet 17.00 Den hvide sten 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Genbrugsguld 19.00 Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst 20.00 TV Avisen 20.25 Horizont 20.50 SportNyt 21.00 Hun så et mord 22.25 Kongeligt bedrag 23.15 Viden om 23.45 Boogie Update

NRK1

11.55 Tom og Jerry 12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Arbeidsliv 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo 14.00 Siste nytt 14.05 Jan tar regien 14.30 Den blåsandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Nådlanding 15.30 Ekspedisjon arken 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Minid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Harry med båtta full av dinosaurer 17.10 Gubben og Katten 17.25 Vennene på Solflekken 17.40 Distriksnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Petter Northug - tåff i skallen 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriksnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Dok1: Et liv med hiv 21.30 Smith og Jones: godt og blandet 22.00 Kveldsnytt 22.10 Store Studio 22.50 Detektimen: Poirot: Kom til meg, død

SVT 1

11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 12.50 Gösta Berlings saga 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Garage - Ålska film! 16.30 Krokodill 17.00 Små Einsteins 17.30 Zoé Kézako 17.45 Klister 18.00 Lilla sportspegeln 18.30 Rapport 19.00 Mästerverket 20.00 Plus 20.30 Kobra 21.00 Supernatural 21.45 Rapport 21.55 Kulturyhetema 22.05 Bingo Royale 22.50 Humorlabbet 23.20 Sändning från SVT24

Glæsileg jólatilboð



Stærsti rúmaframléiðandi í heimi!

Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjárumunum í vörubrúun en allir aðrir dýnufamléiðendur heims.



Einkaleyfin 4 frá Sealy:



Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu?

Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarránnökum. Svæðaskiptur stífleiki, fjáðureiningar með minni.



Heilsan framfar öllu

mediline+

Hin mikla breidd MediLine línunnar uppfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

Rúmin í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stífleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

Glæsilegur gjafapakki að verðmæti allt að kr. 39.900 fylgir hverju seldu hjónarúmi



15% afsláttur

Af mjúku vörunni, gjafavörunni og völdum rúnum og hvíldarstólum.

Opið alla sunnudaga til jóla frá kl. 13 - 16

Mjúka deildin Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum.

Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúkþessi, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.



Opið virka daga: 10-18, laug.: 11-16 og sun.: 13-16

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

HRÓSIÐ ...



...fær tónlistarmaðurinn Sigurður Laufdal, sem lætur ætterni sitt ekki hamla sér og túlkar sögur Biblíunnar með beinskeyttum og kómiskum hætti í lagatextum sínum.

Spilaglöð sjónvarpshjón hanna borðspil

„Þetta varð til síðasta sumar á Bláu könnunni fyrir norðan, þar sátum við og teiknuðum spilið upp með Trausta Hafsteins-syni,“ útskýrir Logi Bergmann Eids-son sem tók höndum saman með konu sinni,



SVANHILDUR HÓLM Er ansi sleip í hvers kyns spurningaleikjum og var með í því að prófa spilið.

Svanhildi Hólm, og bjuggu til borðspilið byggt á sjónvarpsþættinum Meistararum ásamt fleiri góðum. „Við erum bæði tvö miklir spurninganirðir þannig að þetta passaði mjög vel saman,“ bætir Logi við og hlær en getur ómögulega tjáð sig um hvor þeirra sé betri í spilum þegar hjónakornin keppa við hvort annað. „Við erum í raun best sem lið,“ segir hann af mikilli hógvæð.

Logi segir þau nota mikið af sínum frístundum í hverskyns spurningaleiki og nefnir þá sérstaklega Playstation-leikinn Buzz þar sem keppendur giska á þekkt popplög. „Þá fengum við nýlega leikinn Spot the Intro þar sem fólk reynir að þekkja fræg stef á innan

við tíu sekúndum,“ bætir Logi við og segir þau oft eyða jólnum í spilamennsku, annaðhvort eru það ný spil eða nýjar bækur sem haldi fyrir þeim vöku um jólin.

Logi segist ákaflega sáttur við spilið enda þótt sjónvarpsþátturinn hafi verið hannaður fyrir spurningakeppnisirði þá sé spilið hugsað fyrir „áhugamenn“. Spilið er ekki laust við þá óvæntu framvindu sem einkenndi þættina og að einhverju leyti í ætt við slönguspilið viðfræga. „Við vildum láta smáfólkið fá eitthvað fyrir sinn snúð og því eru í kringum þrjú hundruð barnaspurningar fyrir minnst keppendurna,“ segir Logi sem telur sjálfur að spil séu besta mündlugjöfin. „Fólk á bara að

sleppa því að lesa leiðbeiningarnar og henda sér út í djúpu laugina.“

LOGI BERGMANN Stjórnaði sjónvarpsþættinum Meistararum og nú er komið út borðspil byggt á þáttunum.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 mál skips 6 frá 8 ónotaður 9 dæling 11 peninga 12 hani 14 taka ófrjálsri hendi 16 drykkur 17 málmur 18 óhreinka 20 vörumerki 21 mála.

LÓÐRÉTT

1 umrót 3 samanburðartenging 4 sárásótt 5 víður 7 formaður 10 hola 13 veiðarfæri 15 svara 16 mál 19 bardagi.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 lesi, 6 af, 8 nýr, 9 sög, 11 fé, 12 krani, 14 stela, 16 te, 17 tln, 18 ata, 20 ss, 21 litla.
LÓÐRÉTT: 1 rask, 3 en, 4 sýfils, 5 tég, 7 forseti, 10 gal, 13 nef, 15 ansa, 16 tal, 19 at.



DÚETTINN Þeir Krummy og Daniél Ágúst hafa báðir dálæti á amerískri sveitatónlist.

DANÍEL ÁGÚST OG KRUMMI: ÓFYRIRJÁANLEGT GÆLUVERKEFNI

Dreymir um ferð til Nashville

„Við erum að semja lög og syngja saman,“ segir Daniél Ágúst Haraldsson en hann hefur tekið höndum saman við Krummy úr Mínus og nota þeir félagar nú hvert tækifæri sem gefst til að vinna saman. „Allt varðandi framkvæmdina á útgáfu er óstaðfest en það er ekkert leyndarmál að okkur dreymir um að fara til Nashville og taka þar upp í fæðingarbæ amerískrar sveitatónlistar,“ bætir hann við en segir þá hins vegar ekki ætla að búa til harðkjarna kúrekatonlist þótt Daniél útiloki ekki að félagarnir setji upp kúrekahatt í framtíðinni.

Daniél hlær hátt þegar hann er inntur eftir því hvernig þetta samstarf bar að sem mörgum þykir vafalítið æði sérstakt og óvænt. „Við höfum hist nokkrum sinnum af einskærra tilviljun og talað um tónlist og hvað okkur þætti gaman að vinna saman,“ bætir söngvarinn við. „Við erum báðir mjög hrifnir af lágstemmdri gítartónlist og erum ekkert það einhlítir í tónlistarsmekk að við þurfum að halda okkur við eina

stefnu,“ segir Daniél. „og svo má ekki gleyma því að okkur þykir báðum mjög vænt um sveitatónlist,“ útskýrir Daniél sem vill sem minnst um málið segja enda sé samstarfið þannig séð mjög skammt á veg komið. „Þetta er svona gæluverkefni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum,“ bætir hann við og hlær.

Bæði Krummy og Daniél eru önnur kafnir menn og reyna að klára sín höfuðverk áður en samstarfið fer á fullt að nýju. Daniél vinnur nú hörðum höndum að því að klára sína aðra sólóplötu en Krummy



er staddur í Los Angeles þar sem Mínus er að taka upp nýtt efni. Daniél var einmitt staddur í hljóðveri bandsins Flís í Grafarholti þegar Fréttablaðið náði tali af honum en þá

var hann í miðju hléi. „Þetta hefur gengið ágætlega, verður rokkað ról,“ segir Daniél sem vildi ekki gefa upp útgáfudag, platan kæmi bara út þegar hún væri tilbúin.

„Vonandi bara sem fyrst,“ segir Daniél. freyrgigja@frettabladid.is

JOHNNY CASH

Einn af þekktustu sonum kántríborgarinnar Nashville sem Daniél Ágúst og Krummy vilja gjarnan fara til.

var hann í miðju hléi. „Þetta hefur gengið ágætlega, verður rokkað ról,“ segir Daniél sem vildi ekki gefa upp útgáfudag, platan kæmi bara út þegar hún væri tilbúin. „Vonandi bara sem fyrst,“ segir Daniél.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu fékk Jón Ásgeir Jóhannesson nafna sinn Ólafsson til að búa til undirspil við lagið *She's a Lady* og voru líkur leiddar að því að Jón Ásgeir væri á leiðinni í *X Factor: Celebrity*. Eftir að því var vísað frá velta menn nú til hvers lagið sé. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru stjórnendur *Stöðvar 2* alvarlega að íhuga að koma á fót svona *X Factor*-útdúrdúr en vilja ekki fara af stað nema það séu „alvöru“ frægir sem taki þátt. Hins vegar er ekki vitað hvort Jóni Ásgeiri hefur verið boðin þátttaka og því liggur enn á huldu hvað hafi orðið um undirspilið við *She's a Lady*. - fgg/ - hdm

allt
jólin koma
Alla þriðjudaga til laugardaga

SMÁUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

Yfir
150.000
gestir
daglega.

Stór-
markaður
í stofunni
heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Óljóst um framtíð Nördaliðs

„Þetta var dýrt verkefni en við erum að ræða þessi mál,“ segir Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Sýnar, en á fimmtudagskvöldið var lokabáttur sjónvarpsþáttarins KF Nörd sýndur. Engum dylst að þátturinn sló rækilega í gegn enda mættu yfir sjö þúsund áhorfendur til að sjá þessi ólíkindatöl keppa við Íslandsmeistara FH. Sögu-sagnir um að framhald verði á þættinum hafa verið á kreiki en Hilmar sagðist ekki geta staðfest eitt eða neitt í þeim efnum.

Sjónvarpsstjórnin sagði hins vegar erfitt að horfa fram hjá vinsældum Nördanna.

HILMAR BJÖRNSSON Segir framhald af KF Nörd ráðast á næstu vikum.



„Tilnefningin til Eddu-verðlaunanna og þessi gríðarlega mikla aðsókn á leikinn eru allt hlutir sem vega þungt,“ segir Hilmar. „Við reiknum með að ákvörðunin um framhaldið verði tekin á næstu vikum,“ bætir sjónvarpsstjórnin við.

KF Nörd er gerður að erlendri fyrirmynd en sambærilegir þættir hafa notið mikilla vinsælda á hinum Norðurlöndunum. Alls voru sextán strákar, sem aldrei höfðu snert fótbolta áður, fengnir til að æfa íþróttina undir dyggri stjórn Loga Ólafssonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara.



KF NÖRD Fleiri fóru að sjá knattspyrnuliðið á Laugardalsvelli en á úrslitaleikinn í bikarkeppni KSÍ.

MAX LágMAXverð

14.999 kr.

Sony CMTH10

- Vel hönnuð hljómtækjasamstæða
- Geislaspilari sem spilar MP3 diska
- Segulband
- RDS útvarp
- Tónjafnari
- Viðarhátalarar

almennt verð ~~19.999~~



50stk

24.999 kr.

Canon IXUS65

- Stafræn myndavél með 2.5" skjá
- 6.0 Megapixel myndflaga
- 3x aðdráttur á linsu - 4.0x stafrænn
- DIGIC II og ISAPS
- 16 tókustillingar og My Colors
- 30 ramar á sek. í kvikmyndatöku
- USB 2.0 tenging



almennt verð ~~34.999~~

20stk

29.999 kr.

Casio EXZ1000

- Stafræn myndavél með BESTSHOT
- 2.8" LCD Widescreen skjár
- 10 Megapixel myndflaga
- 3x aðdráttur á linsu - 4.0x stafrænn
- Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
- Super Life rafhlaða - endist 360 myndir
- 8mb innra minni og rauf fyrir SD kort
- Anti Shake DSP



almennt verð ~~39.999~~

15stk

49.999 kr.



25stk

Siemens SE24E234

- Uppþvottavél
- Einföl en vönduð
- Fjögur kerfi
- Þvott hæfni A
- Purkhæfni A
- Orkunýting A

almennt verð ~~64.999~~

69.999 kr.



25tk

Siemens WM14A280

- Rafeindastýrð þvottavél
- 1400 snúninga
- Þvott hæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni B
- Stórt lúguop
- Hraðþvottakerfi
- Mjög fullkomin vél

almennt verð ~~79.999~~

6.989 kr.



50stk

- ### Severin KA 5700
- 1450 wött kaffikanna
 - Sýður vatnið
 - Hitaplata

almennt verð

~~9.999~~

2.999 kr.



almennt verð ~~3.999~~

Melissa 631015

- Þægilegur hitapúði
- Þrjár stillingar

OPIÐ TIL kl. 22

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Nýtt korta-tímabil

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTAEGI

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200



BAKPANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Kreppum hnefann!

Þótt ég ætti þúsund milljarða yrði koddinn minn ekki mýkri né draumarnir sætari, maturinn mundi ekki bragðast mér betur, ég yrði ekki ónægur fyrir sjúkdómum, skammdegjð væri mér jafnlangt, vetrarfrostið jafnkalt, svellin jafnhál og aukakílóin jafnþung.

ÉG öfunda enga manneskju af því að eiga meiri peninga en ég á. Það stafar ekki af því að ég sé litilþægur heldur af því að ég hef nóg fyrir mig að leggja; börnin mín, barnabörnin og ég, við búum við sama menntakerfi og ríka fólkið og börn þess, sömu heilbrigðisþjónustu, sömu lög, sömu mannréttindi. Með öðrum orðum sagt þá bý ég við jöfnuð. Munurinn á mér og hinum ríku er sá að ég á nóg en þeir ríku eiga meira en nóg. Bitamunur en ekki fjár.

PEGAR maður kreppir hnefann virðast allir fingurnir sem snerta lófann vera jafnlangir. Samt er litlifingur styttri en langatöng. Krepptur hnefi er tákni um jöfnuð. Allir fingurnir tilheyra sömu hendinni, þeir vinna saman, smjúga í sama hanska, nærast af sömu blóðrás.


KREPPTUR hnefi er ekki aðeins tákni - heldur einnig krafa um jöfnuð, jöfnuð sem felst í að allir eigi aðgang að sömu tækifærum. Jöfnuður er það lími sem heldur þjóðfélagi okkar saman. Í þjóðfélagi þar sem allir eiga nóg er engin ástæða til að öfunda þá sem sækjast eftir því að eiga meira en nóg. Jöfnuður er mældur frá iljum en ekki hvirfli og byggist á því að enginn sé skilinn útundan; að við séum samferðafólk og enginn sé skilinn eftir.

Í þjóðfélagi þar sem jöfnuður ríkir er þess vandlega gætt að allir eigi nóg af þeim grundvallarlífsgæðum og tækifærum sem þjóðfélagið hefur skapað. Auðsæld er sönnun þess að þjóðfélagið búi yfir gæðum og tækifærum. Fátækt er hins vegar sjúkdómseinkenni sem sýnir að ekki búa allir þjóðfélagsþegnar við jöfnuð.

4.634 íslensk börn búa við fátækt, samkvæmt skýrslu sem forsætisráðherra lagði fram á nýafstöðnu haustþingi. Þetta eru 6,6% allra íslenskra barna. Er þetta það sem við viljum? Nei. Hvað væri ásættanleg tala? 3.000 börn? 1.500? 100? Nei. Fátækt er verri en einelti. Fátækt í allsnægtþjóðfélagi er siðblinda. Tökum okkur á. Kreppum hnefann!



Fjölskyldan hjá SPRON



Ekki missa af endurgreiðslunni!

Fjölskyldan hjá SPRON er þjónustuleið sem er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda.

Ávinningur sem munar verulega um!

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðarlána, yfirdráttar eða vixla.
- Árleg 5% endurgreiðsla á tryggingaiðgjöldum auk sérkjara á kaskótryggingum bifreiða.*
- Tólmundastyrkir, vegleg inngöngugjöf við skráningu og fleira.

Skráðu fjölskylduna á spron.is fyrir áramót og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is
* Hjá Verði Íslandstryggingu.



LANG MESTA

ÚRVAL

LANDSINS

AF STJÖRNUSJÓNAUKUM



CELESTRON
FirstScope 114
114mm spegilssjónauki
Verð: 24.900 kr.



CELESTRON
NexStar 114 SLT
Tölvustýrður stjörnusjónauki
Verð: 39.990 kr.



CELESTRON
StarHopper 6
150mm spegilssjónauki
Verð: 39.900 kr.



ORMSSON

SMÁRALIND - WWW.ORMSSON.IS

Fjöldi aukahluta fyrir alla stjörnusjónauka á frábæru verði.